


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Veislumatur





SIEMENS
Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
10. mars 2011
57. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000




## Góður gestur

*Rapparinn Ghostface Killah heldur tónleika á Íslandi.*

**fólk** 36

## Matur og menning

*Saga, menning og matur verða umfjöllunarefnin í skipulagðri göngu um Reykjavík í dag.*

**tímamót** 24



## Stórglæsilegur sigur

*Strákarnir okkar sýndu sparihliðarnar í öruggum sigri á Þjóðverjum í gær.*

**Sport** 42

## veðrið í dag




**BJARTVIÐRI** sunnan- og vestanlands en éljagangur norðan- og norðaustan til. Strekkingur sums staðar með ströndum en annars víða fremur hægur vindur. Talsvert frost.

VEÐUR 4

# Vilja ekki lána til Íslands

**Össur fær 27 milljarða lán hjá erlendum bönkum. Allt féð fer til erlendra félaga, en móðurfyrirtækið á Íslandi er ekki gjaldgengur lántakandi. Engin framtíð fyrir nútímaatvinnulíf, segir framkvæmdastjóri SA.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta var algjör krafa hjá bönkunum. Þeir treysta ekki lagaumhverfinu hér," segir Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, um kvaðir í rúmlega 230 milljóna dala endurfjármögnunarsamningi fyrirtækisins við norrænu bankana Nordea og SEB auk ING Bank í Hollandi, til næstu fimm ára. Upphæðin jafngildir 27 milljörðum króna.

Fjármögnunin fer í gegnum erlend félög Össurar í Evrópu og Bandaríkjunum og veð eru aðeins tekin í starfsemi þar. Móðurfélagið hér á landi er ekki gjaldgengur lántakandi. Þá eru stífar kvaðir á lánveitingunni: framkvæmdastjórn Össurar er óheimilt að flytja annað af fénu hingað en það sem fer í uppgreiðslu á skuldum við Arion banka og til daglegs rekstrar. „Ein af kröfum bankanna var að íslenska móðurfélagið kæmi hvergi nærri lántökunni. Það var forsenda þess að við fengjum lánið og þessi kjör," segir Jón. Honum gremst hins vegar að önnur fyrirtæki hér hafi ekki sama aðgang að lánsfé erlendis og Össur.

Forsvarsmenn íslensks atvinnulífs segja þetta sorglegar fréttir. „Við sjáum enga framtíð fyrir nútímaatvinnulíf hér með gjaldeyrishöft og lokaðan fjármagnsmarkað. Það er eitt af lykilatriðum til að efla trú á landinu og efla fjárfestingar að höftin hverfi og að íslenskur fjármagnsmarkaður tengist útlöndum á eðlilegan hátt," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Erlendar lánastofnanir vantreysta ekki íslenskum fyrirtækjum heldur því umhverfi sem þau búa við," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. „Þar vísa ég til viljunarkenndrar og oft órökréttrar lagasetningar, versnandi skattaumhverfis, gjaldeyrishafta og frjálslegrar meðferðar stjórnvalda á stjórnsýslulögum og stjórnarháttum."

„Íslensk fyrirtæki eru í efnahagslegu stofufangelsi," segir forstjóri Össurar. „Við getum gert þetta vegna þess að við erum með okkar starfsemi erlendis, dótturfélög úti og tekjur þar. Við erum því í forréttindaklúbbi." **-jab**

### Góð kjör á lánum

Lán Össurar bera 1,45% meðalvexti að viðbættum evrópskum millibankavöxtum. Þetta eru talsvert betri kjör en íslenskum fyrirtækjum í alþjóðlegum rekstri hafa boðist til þessa. Nýleg lán Marels bera 3,2% vexti að viðbættu millibankaálagi og Icelandic Group 3%, sem þóttu mjög ásættanleg kjör. Til samanburðar er skuldatryggingaálag ríkissjóðs um 2,5%.




**KULDABOLI Á ÖSKUDEGI** Börnin í Reykjavík létu ekki bítandi frostið stöðva sig heldur flykktust skrautbúin um borg og bí í dúndrandi öskudagsstemningu og sungu gegn vægu nammigjaldi. Á meðan var unnið að því að hreinsa digurvaxin grýlukerti af þakskeggjum húsa við Laugaveginn og var götunni lokað um tíma af þeim sökum. Lögreglan biður borgarbúa að huga að því að grýlukerti og snjóhengjur skapi hættu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKARFAKÁL** Jurtin er meinholl og dró til dæmis úr skyrbjúg meðal þjóðarinnar fyrr á tíð.

Snyrtivörurisi ræktar íslenskt:

## Notar skarfakál í Clarins-krem

**HEILSA** Franski snyrtivörurisinn Clarins hefur uppgötvað eiginleika íslenska skarfakálsins og nýtir það í andlitskrem sem komið er á markað.

„Við komumst að því að skarfakál örvar virkni prótínsameinda og hamlar bindingu prótína við sykursameindir og dregur þannig úr öldrun fruma," segir Benjamin Vouard, starfsmaður hjá Clarins.

Fyrirtækið hefur fengið einkaleyfi á notkun skarfakáls og ræktar það nú á rannsóknastofu í Frakklandi. **- rat / Allt í miðju blaðsins**

Lögregla í Bretlandi og á Íslandi handtók níu vegna rannsóknar á Kaupþingi:

# Lán til Tchenguiz-bræðra rannsökuð

**LÖGREGLUMÁL** Viðskipti Kaupþings og bræðranna Roberts og Vincents Tchenguiz voru megintilefni aðgerða efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar og sérstaks saksóknara í gær. Níu voru þá handteknir og leitað á tólf stöðum í Bretlandi og á Íslandi.

Til rannsóknar eru meðal annars miklar lánveitingar til bræðranna og hvort fé hafi streymt út úr bankanum skömmu fyrir fall hans, einkum til Tchenguiz-bræðra.

Í Bretlandi voru sjö handteknir. Þrír eru fyrrverandi starfsmenn Kaupþings, þeir Sigurður Einarsson, áður stjórnarformaður, Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi bankastjóri í London, og Guðni Níels Aðalsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjárstýringar. Auk Tchenguiz-bræðra sjálfra voru tveir nánustu samstarfsmenn Roberts handteknir; Aaron Brown og Timothy Smalley. Til stóð að sleppa mönnunum sjö að loknum yfirheyrslum.

Á Íslandi voru tveir fyrrverandi starfsmenn Kaupþings, þeir Bjarki Diego og Guðmundur Þór Gunnarsson, teknir höndum og yfirheyrðir þar til þeim var sleppt um kvöldmatarleytið. **- sh, gar / sjá síðu 4**





LYFJA – Lifið heil
Hjá okkur er opið alla daga langt fram á kvöld
kl. 7-1 í Lágmúla kl. 8-24 á Smáratorgi
www.lyfja.is



## SPURNING DAGSINS



*Runólfur, er tankur þolinmæðinnar tómur?*

„Já, viðvörunarljósið er kviknað og ekki efni á áfyllingu.“

Bensínverð hefur aldrei verið hærra hér á landi. Runólfur Ólafsson, formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir komið að þolmörkum.

Mótmælendur hafa boðað til „dags reiði“ í Sádi-Arabíu á morgun:

# Stjórnin hótar að beita hörku

**SÁDI-ARABÍA, AP** Saud al-Faisal prins, sem er utanríkisráðherra Sádi-Arabíu, hótaði stjórnarandstæðingum hörðum aðgerðum ef þeir gera alvöru úr því að efna til fjöldamótmæla á morgun.

Fjölmargir sjía-múslimar í Sádi-Arabíu hafa, að fyrirmynd mótmælenda í nágrannalöndunum, boðað til „dags reiði“ í landinu á morgun og krefjast þess að æðstu ráðamenn landsins segi af sér.

Ráðherrann sagði að stjórnin myndi skera af hvern þann fingur, sem lyft yrði gegn ráðamönnum landsins. „Umbótum verður ekki náð fram með mótmælum,“ sagði hann. „Besta leiðin til að ná fram kröfum sínum er með þjóðarviðræðum.“

Lítið hefur verið um mótmæli í Sádi-Arabíu meðan bylgja óánægju hefur farið um nágrannalöndin.

Í litla nágrannaríkinu Barein hafa sjía-múslimar staðið í öflugum mótmælum gegn stjórn súnnímúslima og krefjast jafnræðis. **- gb**



**SAUD AL-FAISAL** Utanríkisráðherra Sádi-Arabíu segir mótmæli ekki skila árangri. NORDICPHOTOS/AFP

Starfsmannafélag Reykjavíkur:

# Lýsir andstyggð á bankalaunum

**KJARAMÁL** Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar lýsir andstyggð sinni á ósvífnum kjarahækkunum stjórnenda fjármálafyrirtækja sem virðast vera að endurreisa fyrri svikabrautir, eins og segir í ályktun aðalfundar félagsins.

Telur fundurinn þörf á nýjum bankastjórnum og forystu sem sé treystandi. Er stjórn félagsins jafnframt hvött til að endurskoða viðskipti sín við fjármálastofnanir sem telji eðlilegt að stjórnendur þeirra njóti launakjara langt umfram það sem eðlilegt geti talist. **- bþs**

Flestir segja já við samningi:

# Einn af þremur á móti Icesave

**STJÓRNMÁL Af þeim sem tóku afstöðu í skoðanakönnun Gallup segjast 63 prósent ætla að segja já í þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninginn við Breta og Hollendinga. 34 prósent segjast ætla að segja nei og 3 prósent hyggjast skila auðu.**

**61 prósent sögðust telja það mundu hafa slæm áhrif á efnahagsumbætur á Íslandi að fella samninginn. 88 prósent stuðningsmanna ríkisstjórnarflokkanna styður samninginn og 44 prósent stuðningsmanna stjórnarandstöðuflokkanna.** **- gar**



**ANNA MARÍN KRISTJÁNSDÓTTIR** Hundasleðamenn sækja meðal annars í Fellsendavatn ofan við Hrauneyjar. MYND/OLIVERA ILIC

# Hundasleðafólk etur kappi á Norðurlandi

**Sleðahundaklúbbur Íslands stendur fyrir fyrsta Íslandsmeistaramótinu í hundasleðaakstri á Mývatni um helgina. Hundarnir njóta þess að draga sleðana segir stjórnarmaður í klúbbnum sem telur um áttatíu manns sem smíða eigin sleða.**

**ÍÞRÓTTIR** Fyrsta Íslandsmeistaramótið í hundasleðaakstri fer fram á Mývatni á sunnudaginn. Hálfs árs gamalt Sleðahundafélag Íslands stendur fyrir keppninni.

„Þetta er æðislegt,“ segir Anna Marín Kristjánsdóttir, stjórnarmaður í Sleðahundafélaginu, um þessa nýstárlegu íþrótt og dægradvöl hér á landi. Anna segir hóp áhugamanna hafa smíðað sautján hundasleða í fyrra og í tengslum við það stofnað Sleðahundafélagið um miðjan september í fyrra. Um áttatíu segir hún áttatíu félagsmenn í Sleðahundaklúbbnum. Óljóst sé hversu margir muni keppa á Íslandsmeistaramótinu en þrjátíu séu skráðir á námskeið sem haldið verður á mótsstaðnum á morgun og á laugardaginn.

Að sögn Önnu er flestir sleðahundar hérlendis af tegundinni Siberian Husky. „En í raun er hægt að kenna öllum meðalstórum hundum að draga,“ undirstrikar hún. Sumir eigi einn hund en flestir tvo hunda eða fleiri. „Sleðarnir eru það léttir að menn sleppa alveg með tvo hunda í venjulega hobbíkeyrslu.“

Un reynslu íslensks sleðahundafólks segir Anna að það sé enn að afla þekkingar. „Maður lærir eins lengi og maður lifir. Það kemur ítalskur atvinnumaður á námskeiðið og ætlar að kenna okkur frá morgni til kvölds í tvo daga,“ segir hún.

Íslenskir sleðamenn hafa farið víða um landið. Tvo þeirra segir Anna hafa farið tuttugu kílómetra við Fellsendavatn í vetur og menn hafi farið fimmtán kílómetra á Nesjavallaleiðinni. Hún og eiginmaðurinn séu eiginlega forfallin.

„Þetta er staðalbúnaður á þakinu á bílnum okkar ef við skyldum rekast á skafl,“ segir Anna sem sjálf á tvo Siberian Husky hunda sem jafnan séu í skottinu á bílnum. Þeim finnist ógurlega skemmtilegt að draga sleðann. „Um leið og maður tekur upp dráttarbeislin liggur við að þeir klæði sig í þau sjálfir og rjúki út. Og svo halda þeir bara áfram og vilja ekki stoppa. Útiveran og samveran með hundunum er bara æðisleg.“

Anna er bjartsýn á að Íslandsmeistaramótið verði vel heppnað. „Það er nóg af snjó og vatnið er frosið þannig að þetta lítur mjög vel út.“ **gar@frettabladid.is**



**HERJÓLFUR VIÐ LANDEYJAHÖFN** Dæluskipið Skandia hóf dýpkun í Landeyjahöfn seinnipartinn í gær. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Dýpkun í Landeyjahöfn:

# Skandia hóf dýpkun í gær

**VESTMANNAEYJAR Dæluskipið Skandia hóf dýpkun í Landeyjahöfn í gær. Hafnsögubáturinn Lóðsinn mældi dýpt í höfninni og reyndist ölduhæð vera komin undir tvo metra, sem gerir dýpkun mögulega.**

**Sigmar Thorbjörn Jacobsen, skipstjóri Skandia, sagði í samtali við Eyjafréttir að ómögulegt væri að segja hversu langan tíma það tæki að opna höfnina eftir að dýpkun hæfist.**

**Veðurspá er hagstæð fyrir dýpkun Landeyjahafnar fram að helgi. Þá snýst vindáttin til suðurs, sem gæti orðið til þess að aðstæður yrðu á ný óhagstæðar fyrir siglingar um höfnina.** **- sv**



**SÍÐASTA LENDINGIN** Bandaríkjamenn eru að hætta rekstri geimferja sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geimferja tekin úr notkun:

# Discovery lenti í síðasta sinn

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska geimferjan Discovery lenti heilu og höldnu á Canaveral-höfða í gær að lokinni síðustu ferð hennar út í geiminn.

Discovery fór fyrst út í geiminn árið 1984. Á þeim 27 árum sem síðan eru liðin hefur hún farið 29 sinnum út í geiminn, flogið 5.830 sinnum í kringum jörðina og verið samtals 365 daga úti í geimnum.

Discovery er elsta geimferjan og sú fyrsta sem tekin er úr notkun. Enn eru tvær ferjur eftir í notkun. Áætlað er að Endeavor haldi í síðustu ferð sína 19. apríl og loks fari Atlantis í síðustu ferð sína 28. júní. **- gb**

Iðukonur semja við skiptastjóra:

# Mál og menning opnuð á ný

**VIÐSKIPTI** „Við erum bara bjartsýn,“ segir Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, sem ásamt eiginkonu sinni, Báru K. Kristinsdóttur, ætlar að hefja rekstur Bókabúðar Máls og menningar á ný.

Þær Arndís og Bára hafa rekið bókabúðina Iðu við Lækjargötu. Þær hafa náð samningum við skiptastjóra, sem á að tryggja að hvorki bókaútgefendur né starfsfólk beri skarðan hlut frá borði. **- gb**




Ísland, ESB, Noregur og Færeyjar aftur að samningsborðinu:

# Reyna að ná sátt um makrílveiðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Samningaviðræður hófust að nýju í Ósló í gær í deilu Íslands, ESB, Færeyja og Noregs um skiptingu veiðiheimilda á makríl. Viðræðum ríkjanna var slitið í nóvember síðastliðnum og í framhaldinu ákváðu Íslendingar, einhliða, að veiða 145.000 tonn úr makrílstofninum.

Málið hefur valdið nokkrum styr, ekki síst meðal skoskra útgerðarmanna sem hafa þrýst á ESB um aðgerðir gegn Íslendingum og hefur meðal annars verið kallað eftir löndunarbanni á makrílafla íslenskra skipa í höfnum ESB.

Þingmaðurinn Alistair Charmichael sagði í samtali við skoska fjölmiðla í gær að mikilvægt væri að ná samningum til að tryggja að veiðarnar verði sjálfbærar.

Ian Gatt, framkvæmdastjóri samtaka skoskra uppsjávarfiskimanna, tekur undir þau sjónarmið, en leggur áherslu á að þó verði ekki gengið á rétt Skota.

Tómas H. Heiðar, aðalsamningamaður Íslands í samningaviðræðunum, sagði í samtali við Fréttablaðið að hann gæti ekki tjáð sig um málið á meðan á fundinum stendur.



**MAKRÍLVEIÐAR** Samingaviðræður um makrílveiðar í Norður-Atlantshafi eru hafnar á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Gert er ráð fyrir að fundurinn standi fram á föstudag. **- þj**

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

Ár slaufunnar:
Afmælisár Chevrolet, byrjar vel!

CHEVROLET




# Chevrolet áfram söluhæstur á Íslandi!

**92 Chevrolet bílar hafa verið nýskráðir það sem af er ári á Íslandi.
Það samsvarar 28% markaðshlutdeild.**

Ekkert lát er á sókn Chevrolet á íslenska bílamarkaðnum. Nú hafa borist sölutölur fyrir febrúarmánuð. Þær staðfesta að sífellt fleiri Íslendingar kjósa skynsamlega kostinn og gera Chevrolet gæðin að sínum.

**Sölutölur nýrra fólksbíla, febrúar 2011**

| **Tegund:** | **Alls:** |
|---|---|
| CHEVROLET | 23 |
| Nissan | 15 |
| Toyota | 13 |
| Kia | 12 |
| Volkswagen | 11 |
| Subaru | 8 |
| Suzuki | 8 |
| Hyundai | 7 |
| Aðrar tegundir | 25 |

Samtals fjöldi nýrra fólksbíla í febrúar: 122

Heimild: Upplýsingatorg Umferðastofu - www.us.is




www.benni.is

Við erum á Facebook Like
www.facebook.com/bilabudbenna

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## GENGIÐ 9.3.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,97 | 116,53 |
| Sterlingspund | 187,68 | 188,6 |
| Evra | 160,94 | 161,84 |
| Dönsk króna | 21,57 | 21,703 |
| Norsk króna | 20,76 | 20,882 |
| Sænsk króna | 18,272 | 18,38 |
| Japanskt jen | 1,3992 | 1,4074 |
| SDR | 182,31 | 183,39 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

217,273

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Reiknað er með að framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng geti hafist í haust:

# Göngin verða tilbúin í lok árs 2014

**FRAMKVÆMDIR** Hlutafélag um framkvæmd og rekstur Vaðlaheiðarganga var stofnað á Akureyri í gær. Hlaut það nafnið Vaðlaheiðargöng hf.

Hluthafar eru Vegagerðin, fyrir hönd ríkissjóðs, með 51 prósent hlutafjár og Greið leið ehf. með 49 prósent. Að Greiðri leið standa sveitarfélög í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, auk tíu fyrirtækja. Í þeim hópi eru meðal annars Brim, Eimskip, SBA-Norðurleið, KEA, Norðurmjólk og Norðlenska.

Í stjórn Vaðlaheiðarganga sitja Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni, Pétur Þór Jónasson, framkvæmdastjóri Eyþings, og Kristján L. Möller alþingismaður.

Í tilkynningu segir að Vaðlaheiðargöng verði 7,5 kílómetra löng með vegskálum beggja vegna. Lengd vegskála verður 280 metrar. Þversnið ganganna verður 9,5 metrar og vegtengingar 4,1 kílómetri. Grafnir verða út um 700 þúsund rúmmetrar efnis. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina á verðlagi 2011 er 10,4 milljarðar króna. Göngin munu stytta Hringveginn um 16 kílómetra og er áætluð umferð við opnun þeirra um 1.400 bílar á sólarhring.

Forvalsgögn eru nánast tilbúin og verða send út fljótlega. Áætlað er að bjóða verkið út í vor. Reiknað er með að framkvæmdir geti hafist í haust og að göngin verði opnuð fyrir árslok 2014.

- bþs



**VAÐLAHEIÐI** Göngin undir heiðina milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals verða 7,5 km. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Þýfi úr risaráni finnst í París:

## Fundu dýrgripi í niðurfalli

**FRAKKLAND Franska lögreglan fann á dögunum skartgripi að verðmæti á þriðja milljarð króna í niðurfalli við hús í úthverfi Parísar. Um var að ræða 19 hringa og þrjú pör af eyrnalokkum sem rænt var úr skartgripaversluninni Harry Winston í miðborg Parísar í desember 2008.**

**Alls voru skartgripir fyrir vel á fjórtánda milljarða króna teknir í umræddu ráni.**

**Stór hluti þýfisins hafði þegar fundist og fjöldi manna verið ákærður fyrir aðild að ráninu. Þýfið sem fannst í niðurfallinu var falið í plastíláti. Þar á meðal var 31 karats hringur sem metinn er á nærri einn milljarð króna.**

- bg

Þingflokkur VG ályktar:

## Barist gegn ofurlaunastefnu

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fjallaði á fundi í gær um launaþróun í tilefni umræðna síðustu daga.

Ályktaði þingflokkurinn að vinna bæri gegn því að ofurlaunastefna sú sem hér geisaði fyrir bankahrun yrði endurvakin „Launajöfnuður og réttlát tekjuskipting eru baráttumál íslensks félagshyggjufólks sem krefst þess að ofurlaunum verði mætt með viðeigandi sköttum.“

- bþs

### UPPBOÐ

**Boðið upp hjá Eimskipi**

Lausafjármunir verða boðnir upp í húsnæði Vöruhótels Eimskips, Sundabakka 2, á laugardag klukkan 11.00. Margs konar hlutir verða boðnir upp, svo sem bílar, verkfæri, innréttingar, húsgögn, fatnaður, og leikföng.

# Leituðu í leikfangakössum og flettu myndaalbúmum

**135 manna breskt lögreglulið leitaði á tíu stöðum í London og handtók sjö manns sem grunaðir eru um lögbrot tengd Kaupþingi. Tveir handteknir á Íslandi. Grunur er um blekkingar og fjáraustur úr bankanum.**

**LÖGREGLUMÁL** Níu manns voru handteknir og leitað á tólf stöðum í Bretlandi og á Íslandi í gær vegna rannsóknar Serious Fraud Office (SFO) á starfsemi Kaupþings fyrir hrun.

Í Bretlandi voru sjö handteknir. Þrír þeirra eru fyrrverandi starfsmenn Kaupþings, þeir Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður, Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi bankastjóri í London, og Guðni Níels Aðalsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjárstýringar. Guðni starfaði um skeið fyrir breska fjármálaeftirlitið.

Einnig voru handteknir bræðurnir Robert og Vincent Tchenguiz, sem voru helstu skuldunautar Kaupþings, og tveir nánustu samstarfsmenn Roberts; Aaron Brown og Timothy Smalley.

Í Bretlandi voru gerðar húsleitir á átta heimilum og í tveimur fyrirtækjum bræðranna. Lögregla bankaði upp á hjá sakborningunum fyrir sex um morgun og leitaði ítarlega í öllum krókum og kimum heimila þeirra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var meðal annars leitað í dótakössum barna og myndaalbúmum flett.

Hér heima naut SFO aðstoðar starfsmanna sérstaks saksóknara við að handtaka og yfirheyra tvo fyrrverandi starfsmenn Kaupþings; Bjarka H. Diego, sem var framkvæmdastjóri útlána hjá bankanum, og Guðmund Þór Gunnarsson, sem var viðskiptastjóri á útlánasviði, meðal annars gagnvart Tchenguiz-bræðrum. Leitað var á heimilum þeirra beggja. Guðmundur starfar hjá ráðgjafarfyrirtækinu Consolium í Lúxemborg ásamt Hreiðari Má Sigurðssyni og fleiri fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings.

Aðgerðirnar voru gríðarlega umfangsmiklar og til marks um það tóku yfir 130 lögreglumenn þátt í þeim í Bretlandi.

Til stóð að sleppa öllum mönnunum eftir yfirheyrslur í gær.

stigur@frettabladid.is



ÁRMANN ÞORVALDSSON

SIGURÐUR EINARSSON

### Hvað er til rannsóknar?

Serious Fraud Office hefur haft til rannsóknar reikningana Kaupþing Edge, sem stóðu breskum almenningi og fjárfestum til boða árin fyrir hrun. Meðal þess sem er til rannsóknar er hvort blekkingum hafi verið beitt við markaðssetningu reikninganna – villt hafi verið um fyrir fólki til að laða það til viðskipta við bankann.

Þá hefur verið rannsakað hvort peningar hafi streymt í miklu magni út af Kaupþing Edge-reikningunum skömmu fyrir fall bankans, einkum í formi lána til Tchenguiz-bræðra. Yfirdráttarlán sem Robert Tchenguiz fékk, að jafnvirði yfir 100 milljarða íslenskra króna, er sérstaklega til skoðunar. Aðgerðirnar í gær beindust nær eingöngu að viðskiptum Kaupþings og Tchenguiz-bræðra.

### Hægri hendur teknar höndum

Aaron Brown og Tim Smalley eru ekki þekkt nöfn, en þeir hafa engu að síður hlotið umfjöllun í Bretlandi sem drifkrafturinn og heilinn – eða öllu heldur heilarnir – að baki viðskiptaveldis Roberts Tchenguiz, hins írask-íranska kaupsýslumanns.

Smalley og Tchenguiz þekktust vel áður en þeir hófu formlegt samstarf. Smalley hafði nefnilega í nokkur ár starfað fyrir ráðgjafafyrirtæki við að útvega fyrirtækinu Rotch lánafyrirgreiðslu. Rotch var í eigu bræðranna Roberts og Vincents Tchenguiz. Þegar fjármálastofnunin sem hann vann hjá hætti að lána til risavaxinna fasteignafélaga á borð við Rotch gekk Smalley einfaldlega til liðs við Robert.

Brown er lögfræðingur eins og Smalley og hafði starfað hjá bönkum við samningagerð í kringum netbóluna. Árið 2004 hóf hann störf, ásamt Smalley, hjá R20, fjárfestingafélagi Roberts Tchenguiz. Þremenningarnir unnu árið 2006 í sameiningu að miklu tilboði, upp á 4,6 milljarða punda, í barkeðjuna Mitchells & Butlers. Utan um það tilboð stofnuðu þeir félagið Jedi Inns, sem hét eftir Jedi-riddurunum úr Stjörnustríðsmyndunum. Nafnið þótti lýsandi fyrir samningatæknina sem þeir beittu; þeir fengu almennt það sem þeir vildu og hlustaðu ekki á neinn sem svar.

Brown og Smalley voru báðir handteknir í gærmorgun, grunaðir um að eiga þátt í þeim brotum sem SFO hefur til rannsóknar.



ROBERT TCHENGUIZ

VINCENT TCHENGUIZ






## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**KULDABOLI** bítur í kinnar næstu daga enda norðanátt og talsvert frost framundan. Á laugardag fer að draga úr frosti vestanlands þegar vindur snýst til sunnanáttar og þá dregur fyrir sólu vestan til og má búast við éljagangi þar en bjartara veðri austanlands.




**Á MORGUN** Strekkingur með NA- og A-strönd annars hægari.

**LAUGARDAGUR** Hægur eða fremur hægur vindur víða.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 11° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 11° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | -3° |
| París | 12° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


Þú...
... getur leitað lausna í samstarfi við okkur.
HVAÐ GETUM VIÐ GERT FYRIR ÞIG?
Við bjóðum viðskiptavinum okkar sértækar lausnir á greiðsluvanda heimilsins.
Lítill greiðsluvandi:
Greiðslujöfnun
110% leiðin
5.000 kr. fastar greiðslur í erlendri mynt
Meðal greiðsluvandi:
Lenging lánstíma
Frysting vaxta og/eða afborgunarhluta
Vanskil lögð við höfuðstól
Mikill greiðsluvandi:
Sértæk skuldaaðlögun
Kynntu þér lausnir fyrir heimilin á byr.is. Með persónulegri þjónustu reynum við að finna lausnina fyrir þig.
Sími 575 4000 I byr@byr.is I www.byr.is
BYR
Dynamo Reykjavík

KJÖRKASSINN



*Ferðast forsetinn of mikið?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 53,9 |
| NEI | 46,1 |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Telur þú líklegt að ólöglegt samráð sé á byggingavörumarkaði?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Ný rannsókn sýnir að fílar eru greindar skepnur og flóknar félagsverur:

# Lærðu fljótt að hjálpast að

**BANDARÍKIN, AP** „Fílarnir hjálpast að við að leysa úr vanda,“ segir Joshua M. Plotnik, breskur sálfræðingur sem stjórnaði rannsókn á fílum. „Þeir virðast tilfinningalega tengdir, svo maður býst við að sjá einhverja samvinnu.“

Rannsóknin staðfesti að fílar eru með greindari dýrum jarðar og þar með í hópi með mannöpum, höfrungum og krákum að því er Plotnik segir, en hann starfar við háskólann í Cambridge í Bretlandi.

Rannsóknin var gerð í Taílandi og fór þannig fram að matur var settur á disk en girðing var á milli disksins og fílanna. Tveir fílar voru prófaðir í einu, en matnum var þannig fyrir komið að fílarnir gátu dregið hann undir girðinguna með því að toga samtímis hvor í sinn endann á reipi. Ef annar fíllinn togaði í sinn enda á undan hinum, þá náði hann aðeins reipinu inn fyrir girðinguna en diskurinn varð eftir fyrir utan.

Öll fílapörin áttuðu sig á þessu, eftir mismunandi margar tilraunir þó. Einn ungur fíll greip þó til þess ráðs að stíga á sinn enda reipisins og láta félaga sinn sjá um að draga til þeirra diskinn. - gb



LEYSA ÞRAUTIR Í SAMEININGU Vísindamenn frá Cambridge rannsökuðu hegðun fíla í Taílandi. NORDICPHOTOS/AFP

Hungurverkfalli lokið:

# Náðu samningi við stjórnvöld

**GRIKKLAND, AP** **Sex vikna hungurverkfalli um 250 innflytjenda í Grikklandi lauk í gær þegar samkomulag náðist stjórnvöld. Talsmaður innflytjendanna segir að stjórnin hafi heitið því að þeir fengju tímabundið dvalarleyfi. Meira en 100 höfðu verið fluttir á sjúkrahús, sumir í lífshættu.**

**Mikill fjöldi innflytjenda kemur til Grikklands á hverju ári, margir ólöglega. Kreppan hefur gert þeim erfiðara að halda vinnu og hafa því margir misst dvalarleyfið.** - gb






Á FARALDSFÆTI Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands kannar heiðursvörð við komuna til Nýju Delí, höfuðborgar Indlands, í janúar í fyrra. Á meðan forseti er erlendis skipta handhafar forsetavalds með sér einum forsetalaununum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Segir aðstoðarmann fara með rangfærslur

**Ritari forseta segir alvarlegt þegar aðstoðarmaður forsætisráðherra fari rangt með staðreyndir um samskipti forseta og forsætisráðherra. Aðstoðarmaður ráðherra hafnar alfarið „dylgjum“ um að hafa farið rangt með staðreyndir.**

**BESSASTAÐIR** Ritari forseta Íslands sakar aðstoðarmann forsætisráðherra um að viðhafa alvarlegar rangfærslur um samskipti forsetans og forsætisráðherrans í tengslum við lækkun launa forsetans og laun handhafa forsetavalds.

Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, að Jóhanna væri nýbúin að frétta af því að laun forseta hefðu lækkað í ársbyrjun 2009.

„[Jóhanna] er nýbúin að frétta af þessum launalækkunum forsetans. Þú vissir hvernig þetta var áður, það fór frumvarp inn í þingið og þar töldu menn engar heimildir í stjórnarskrá til að lækka launin,“ sagði Hrannar í samtali við Fréttablaðið á þriðjudagskvöld.

Síðar sagði hann: „Forsetinn er nýbúinn að upplýsa forsætisráðherra um að hann hafi óskað eftir og fengið lækkun en að hún hafi ekki gengið yfir handhafana. Jóhanna hefur í framhaldinu ákveðið að óska eftir sambærilegri lækkun á sínum hlut þannig að hann verði sambærilegur og hjá forsetanum.“

Í harðorðu bréfi sem Örnólfur Thorsson forsetaritari sendi Hrannari í gær hafnar Örnólfur þessum skýringum Hrannars. Örnólfur bendir á að forsetinn hafi sjálfur óskað eftir og fengið launalækkun í ársbyrjun 2009. Um það hafi verið fjallað mikið í fjölmiðlum og málið hafi legið ljóst fyrir í tvö ár.

Örnólfur segir einnig rangt að forsetinn hafi nýlega upplýst forsætisráðherra um að hann hafi óskað eftir og fengið lækkun, og að hún hafi ekki náð til handhafa forsetavalds.

„Forseti er ekki „nýbúinn að upplýsa forsætisráðherra“ um þetta mál enda slíkt óþarfi þar eð málið hefur legið fyrir opinberlega í rúm tvö ár. Það er mikilvægt að aðstoðarmaður forsætisráðherra fari rétt með staðreyndir varðandi samskipti forseta og forsætisráðherra,“ skrifar Örnólfur.

„Skrifstofa forseta vill vekja athygli á að alveg eins og forseta Íslands var kleift að fá laun sín lækkuð í árslok 2008 þá gátu handhafar forsetavalds fengið sín laun lækkuð með sömu aðferð hvenær sem var á þeim tveimur árum sem liðin eru frá lækkun launa forsetans.“

Í svarbréfi Hrannars hafnar hann alfarið „dylgjum“ um að hafa farið rangt með staðreyndir. Hann segir að skýrt hafi komið fram að forsætisráðherra hafi nýlega fengið upplýsingar um að launalækkunin hafi ekki náð til handhafa forsetavalds.

Hrannar bendir á að Jóhanna hafi ekki verið orðin forsætisráðherra í ársbyrjun 2009, og hafi því ekki haft forsendur til að meta hvort greiðslur handhafa forsetavalds hefðu lækkað.

brjann@frettabladid.is



ÖRNÓLFUR THORSSON

HRANNAR B. ARNARSSON



# Ojos de brujo

á Listahátíð í Hörpu, 27. maí

Misstu ekki af spennandi tónlistarkokteil frá Katalóníu þar sem rúmba, hiphop og flamenco blandast í iðandi fjöri.

Sérstakt tilboðsverð

**2.900 kr.**

fyrir viðskiptavini MP banka í mars.

Almennt verð 3.900 kr.

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

Laun handhafa forsetavalds ekki lækkuð þótt laun forseta hafi lækkað verulega:

# Verða sjálfir að biðja um lækkun

**BESSASTAÐIR** Fjársýslu ríkisins var óheimilt að lækka laun handhafa forsetavalds í fjarveru forseta þótt Ólafur Ragnar Grímsson hafi óskað eftir og fengið launalækkun, segir Gunnar H. Hall fjársýslustjóri.

Samkvæmt stjórnarskrá er óheimilt að lækka laun forseta á miðju kjörtímabili. Gunnar segir Ólaf Ragnar hafa óskað formlega eftir því í upphafi árs 2009 að fá lægri greiðslu, og við því hafi verið orðið. Sú lækkun hafði engin áhrif á laun handhafa forsetavalds, sem reiknuð eru sem hlutfall af launum forseta.

Þegar forseti Íslands er ekki á landinu sinna þrír einstaklingar starfi hans. Það eru forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar. Fyrir þetta fá þeir þóknun, þriðjung af launum forseta hver fyrir það tímabil sem Ólafur Ragnar er erlendis.

Það þýðir að fyrir hvern dag sem forsetinn er erlendis fá handhafar forsetavalds um 20 þúsund króna launauppbót. Á síðasta ári fengu þeir um 1,6 milljónir fyrir þá daga sem forsetinn var fjarverandi.

Gunnar segir að sér hafi nýverið borist fyrirspurn um hvernig handhafar forsetavalds ættu að bera sig að til að laun þeirra yrðu lækkuð. Hann vildi ekki upplýsa hver af handhöfunum þremur hefði óskað eftir þeim upplýsingum. Um miðjan dag í gær hafði engin formleg beiðni borist um að lækka greiðslurnar. - bj

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...




Nýji Dior Addict varaliturinn sem fyrirsæturnar nota, ásamt nýjum naglalökkum frá Dior

Vertu velkomin og kynntu þér það nýjasta frá Dior í Hagkaup Akureyri, Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind og Skeifu, dagana 10.-16. mars. Sérfræðingar verða á staðnum og veita þér ráðgjöf varðandi krem, förðun og litaval. Glæsileg gjöf* fylgir kaupum þegar keypt er fyrir 9.000 kr. eða meira.



* Gildir meðan birgðir endast

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvað þáðu handhafar forsetavalds mikil laun í fyrra vegna fjarveru forsetans?

2 Hvenær hefst utankjörfundaratkvæðagreiðsla um Icesave-lögin?

3 Í hvaða byggingavöruverslunum var lagt hald á gögn á mánudag vegna gruns um ólöglegt samráð?

**SVÖRIN**

1. Þeir þáðu 1,6 milljónir króna hvor. 2. Miðvikudaginn 16. mars. 3. Í Húsasmiðjunni, Byko og Úlfinum byggingavörum.

Margir sterkir stórmeistararar á 26. Reykjavíkurskákmótinu sem hófst í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær:

# Hannesi Hlífari nægðu tíu leikir til sigurs

**SKÁK** Stórmeistarinn Hannes Hlífar Stefánsson þurfti aðeins tíu leiki til að vinna fyrsta andstæðing sinn á Reykjavíkurskákmótinu sem hófst síðdegis í gær. Það var Spánverjinn Jordi Agullo Herms sem tapaði fyrir Hannesi. Herms er aðeins með 2098 skákstig en Hannes hefur 2557 stig.

Margir sterkir skákmenn tefla á Reykjavíkurskákmótinu sem haldið er í 26. sinn. Stigahæstur er enski stórmeistarinn Luke McShane með 2683 stig. Ivan Sokolov frá Bosnínu, sem sigraði á mótinu í fyrra, er einnig mættur til leiks. Sömuleiðis úkraínski stórmeistarinn Evgenij Miroshnichenko. Geta má þess að bróðursonur hins heimsfræga búlgarska knattspyrnumanns Dimitri Berbatov hjá Manchester United er meðal keppenda. Sá heitir Kiprian Berbetov og er aðeins fjórtán ára – eins og yngsti stórmeistari heims, Ilya Nyznhik frá Úkraínu sem líka teflir á mótinu.

Evgenij Miroshnichenko tefldi blindskák við tíu manns í einu fyrir sjálft mótið. Miroshnichenko vann níu andstæðinga en tapaði fyrir Guðfríði Lilju Grétarsdóttur – sem reyndar bauð Úkraínumanninum upp á skiptan hlut í endataflinu. Þá var Guðfríður með yfirhöndina en vildi sinna barni sem hún er með á brjósti. Miroshnichenko þáði ekki jafnteflið. „Ég held ég sé með tapaða stöðu svo ég verð að hafna tilboðinu,“ sagði hann og gafst upp við kátínu áhorfenda. **- gar**



**EVGENIJ MIROSHNICHENKO** Tapaði aðeins einni af tíu blindskákum. Það var fyrir alþingiskonunni og skákdrottningunni Guðfríði Lilju Grétarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FASTUS

Stuðningshandföng

Gott úrval stuðningshandfanga

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is



Ríkisstjóri lét undan:

## Nam úr gildi dauðarefsingar

**BANDARÍKIN, AP** Pat Quinn, ríkisstjóri í Illinois, afnam í gær dauðarefsingar í ríkinu.



**PAT QUINN**

Meira en áratugur er síðan fullnustu dauðarefsinga var hætt í Illinois vegna hættu á því að saklaust fólk yrði tekið af lífi. Vitneskja var þá um að þrettán menn hefðu ranglega verið dæmdir til dauða.

Ríkisþingið í Illinois samþykkti í janúar að dauðrefsing yrði afnumin en Quinn tók sér tvo mánuði í að velta málinu fyrir sér, áður en hann féllst á þetta. **- gb**



**LOFTVARNIR UPPREISNARMANNA** Uppreisnarmaður stendur við loftvarnarbyssu á bílpalli meðan sprengjur falla í næsta nágrenni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Átök í Líbíu harðna enn

**Stjórnarherinn í Líbíu farinn að sprengja olíustöðvar. Hart er barist um olíuhafnir í austurhluta landsins og um nágrannabæi höfuðborgarinnar Trípolí.**

**LÍBÍA, AP** Liðsmenn Múammars Gaddafís vörpuðu í gær sprengjum á olíuleiðslu og olíugeymslu í austurhluta landsins. Miklar sprengingar urðu og þykkur reykur steig upp af eldinum á þremur stöðum.



**HILLARY CLINTON**

Hart var barist í landinu, meðal annars um borgina Zawiya í vesturhlutanum, skammt frá höfuðborginni Trípolí. Stjórnarherinn gerði harðar árásir á Zawiya og virtist hafa náð borginni úr höndum uppreisnarmanna, sem þó gerðu sig líklega til að ná henni aftur á sitt vald.

Bretar og Frakkar hafa kannað möguleika á að banna flug yfir Líbíu til að hindra loftárásir á uppreisnarmenn og almenning, en engin samstaða hefur verið um það meðal aðildarríkja öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, ekki frekar en þegar Bandaríkjamenn og Bretar hófu innrás í Írak árið 2003.

Rússar hafa lýst yfir andstöðu við allar alþjóðlegar hernaðaraðgerðir í Líbíu, þar á meðal flugbann.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur tekið fram að Bandríkin telji sér ekki fært að fara ein í slíkar aðgerðir, ekki heldur með tilstyrk Evrópuríkja, heldur verði að vera um það samstaða meðal Sameinuðu þjóðanna.

Sjálfur sagði Gaddafí í gær, í viðtali við tyrkneska sjónvarpsstöð, að það myndi koma sér vel ef Vesturlönd myndu reyna að framfylgja flugbanni yfir Líbíu.

„Slíkt ástand væri gagnlegt,“ sagði hann. „Þá myndu íbúar Líbíu átta sig á því að raunverulegt markmið þeirra væri að ná völdum í Líbíu, svipta þá frelsinu og olíunni, og þá myndi öll líbíska þjóðin grípa til vopna og berjast.“

Gaddafí hefur sagt að útlendingar standi á bak við uppreisnina í Líbíu. Hann hefur einnig kennt Al Kaída um uppreisnina og sagt að falli Líbía muni hryðjuverkaleiðtoginn Osama bin Laden ná allri Norður-Afríku á sitt vald.

Átökin í Líbíu hafa orðið til þess að olíuframleiðsla landsins hefur dregist verulega saman og olíuverð á heimsmarkaði hækkað töluvert.

Undanfarna viku hafa uppreisnarmenn og stjórnarliðar barist í næsta nágrenni þriggja olíuhafna í austurhluta landsins: Brega, Ras Lanuf og Sidr.

Þegar allt var með kyrrum kjörum voru um 715 þúsund tunnur af hráolíu fluttar út daglega frá þessum þremur höfnum, eða um það bil 45 prósent af allri olíuframleiðslu landsins.

gudsteinn@frettabladid.is




Í kvöld 10. mars kl. 20

– Vesturbæjarútibú, Hagatorgi

Farið verður yfir núgildandi reglur á réttindum og greiðslum lífeyrisþega hjá Tryggingastofnun.

Skráning og nánari upplýsingar á vef bankans og í síma 410 4000.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



FLUGFELAG.IS
Seyðisfjörður
SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS
Með rjóðar kinnar og rjúkandi kakó bíða þín fannhvítar hæðir og fjöll. Taktu flugið í næstu skíðabrekku og lyftu þér upp milli þess sem þú rennir þér niður.
Hringdu í 570 3030 og skelltu þér á skíði.
FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 21.030 KR.*
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

GUERLAIN
20% afsláttur dagana 10.-13. mars.
TERRACOTTA
THE BRONZING POWDER

SÓLIN EÐA TERRACOTTA?
Það tekur aðeins nokkrar sekúndur að njóta sumars allt árið …
Kynnum nýjungar í Terracotta línunni.
20% afsláttur af GUERLAIN.
Kynning á nýjungum frá Guerlain í snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu, Kringlunni 10.-16. mars.
Lyf & heilsa Kringlunni

**FRÉTTASKÝRING:** Skipulögð glæpastarfsemi á Íslandi

# Fjögur skipulögð glæpagengi takast á

**Íslensku Vítisenglarnir eru taldir gera út áhangendahópa til glæpaverka. Mótorhjólamenn hafa heimsótt fyrirtæki sem hafa orðið fyrir skemmdarverkum og innbrotum og boðið þeim vernd gegn gjaldi. Lögregla óttast að slái í brýnu á milli fjögurra skipulagðra glæpasamtaka sem hafa hreiðrað um sig á Íslandi.**

## Tengsl við glæpahópa í Evrópulöndum




Lögregla hefur sterkar vísbendingar um að vélhjólagengið MC Iceland, sem nú er orðinn sjálfstæður klúbbur í Hells Angels, sé farið að mynda og nota svokallaða undirhópa hér á landi til ofbeldisverka, þjófnaða, fíkniefnasölu og fleiri glæpaverka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þessar aðferðir eru þekktar hjá Hells Angels mótorhjólagengjum um allan heim.

Vitað er til þess að mótorhjólamenn hafi heimsótt fyrirtæki, sem orðið hafa fyrir skemmdarverkum og boðið vernd til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Þetta er einnig dæmigerð aðferðafræði hjá Hells Angels og fleiri mótorhjólagengjum.

### Snúið að hanka höfuðpaurana

Það hefur reynst snúið fyrir lögreglu að rekja starfsemi af þessu tagi til höfuðpauranna vegna þeirra takmörkuðu heimilda sem hún hefur yfir að ráða. Lögregla í nágrannalöndunum hefur víðtækari heimildir og fyrr í vikunni var forsprakki norska Hells Angels-klúbbsins handtekinn í kjölfar rannsóknar þarlendrar lögreglu á glæpastarfsemi hans.

Sem dæmi um annmarka heimilda lögreglu á að rekja brotastarfsemi til skipuleggjenda hennar má nefna málið sem upp kom þegar fjórir menn sviku fjörutíu milljónir króna út úr Íbúðalánasjóði. Þeir höfðu allir bein tengsl við vélhjólaklúbbinn Fáfni, forvera Hells Angels, en ekki reyndist unnt að komast að því hvort klúbburinn sem slíkur stóð á bak við verknaðinn.

Hells Angels, Outlaws og Bandidos eru hættulegustu mótorhjólaklúbbarnir. Tveir hinna fyrrnefndu hafa komið sér fyrir hér á landi, eins og fram hefur komið, en ekki er vitað til þess að Bandidos hafi komið sér upp stuðningsklúbbi hér enn sem komið er. Með innleiðingu MC Iceland í Hells Angels er íslenski hópurinn orðinn sjálfstætt starfandi klúbbur innan samtakanna. Það þýðir að hann sækir svokölluð heimsþing og Evrópuþing og getur leitað til erlendra klúbba eftir aðstoð við ýmsa brotastarfsemi hér á landi, jafnframt því sem meðlimir hér veita félögum erlendra klúbba aðstoð, sé eftir því kallað. Aðild að Hells Angels styrkir MC Iceland í sessi og til skipulagðrar glæpastarfsemi.

### Austantjaldsklíkur undir einn hatt

Glæpagengið sem brotamenn frá Litháen og Póllandi hafa myndað hér á landi hefur einnig myndað eins konar undirhópa, sem gerðir eru út í ýmsa brotastarfsemi. Má þar nefna þjófagengi, sem hefur um hundrað innbrot á samviskunni og hefur bein tengsl við aðalhópinn.

Þá er vitað að höfuðpaurarnir standa að framleiðslu og dreifingu á amfetamíni hér og leikur grunur á að þeir flytji efnin einnig úr landi. Þessir menn eru vopnaðir og beita ofbeldi bæði utan hóps og innan. Öðrum glæpagengjum stendur ógn af þessum hóp.

Minnst er vitað um MC Black Pistons, sem er stuðningshópur Outlaws og hefur nýlega fest rætur hér undir lagi Jóns Trausta Lútherssonar, sem stýrir systursamtökunum í Noregi. Ekki er vitað með vissu um fjölda félagsmanna í íslenska klúbbnum en meðal þeirra eru einstaklingar með dóma fyrir ofbeldisverk á bakinu og munu tilbúnir til að beita ofbeldi. MC Black Pistons eru talin stofnuð til höfuðs MC Iceland, en „móðursamtökunum“, það er Hells Angels og Outlaws, hefur lent saman í blóðugum átökum erlendis.

### Jón stóri skipuleggur Semper Fi

Fjórði glæpahópurinn, Semper Fi (Alltaf trúr), sem Jón Hilmar Hallgrímsson, „Jón stóri“, er talinn fara fyrir, er eingöngu skipaður Íslendingum, sem eru þekktir í undirheimum fyrir þjófnaðarmál og fíkniefnasölu, auk hótana og ofbeldis. Þeir eru taldir feta í fótspor mótorhjólaklúbba hvað varðar uppbygginguna með tilheyrandi metorðum innan hópsins og félagsgjöldum til að tryggja vernd og stuðning innan gengisins. Talið er að Semper Fi sé stofnaður til að bregðast við starfsemi pólsk-litháíska hópsins, sem íslenskir undirheimamenn líta á sem ógn við sig. Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur lýst áhyggjum sínum af yfirvofandi átökum milli ofangreindra hópa, jafnvel á næstu vikum eða mánuðum. Menn óttast nú aukna hörku sem hóparnir kunni að beita til að tryggja stöðu sína í undirheimunum. Það er þekkt að þetta gerist þar sem Hells Angels-klúbbar festa sig í sessi, því að markmið þeirra er yfirráð og völd.

ritstjorn@frettabladid.is

## Vopnaðir vítisenglar

Vitað er að meðlimir MC Iceland, hafa yfir vopnum af ýmsum gerðum að ráða. Tvær húsleitir lögreglu sem gerðar hafa verið með nokkru millibili sönnuðu það. Við leit í klúbbhúsi Fáfnis, sem þá var kominn í náið samband við Hells Angels, lagði lögregla hald á fíkniefni og vopn, þar á meðal skambyssu. Þetta var skömmu áður en stór hópur Hells Angels-meðlima kom hingað til lands til að taka þátt í afmælisfagnaði Fáfnis, sem nú er orðinn sjálfstæður klúbbur innan glæpasamtakanna.

Í sumar fann lögreglan svo amfetamín og afsagaða haglabyssu á heimili eins félaga MC Iceland, þegar hún gerði húsleit þar að fengnum dómsúrskurði. Þá hefur lögregla ítrekað tekið fíkniefni hjá meðlimum samtakanna og ekki síður hjá hópum sem hafa verið þeim til aðstoðar.



**GAMLA KLÚBBHÚSIÐ VIÐ FRAKKASTÍG** Húsleit var gerð í þessum vistaverum Fáfnismanna sumarið 2007. Þá fundust vopn á staðnum.

Marmelade
DEN GAMLE FABRIK
Den ægte
ALLT Á HVOLFI
SKEMMTILEGT MARMELAÐI
Kynning í Hagkaup Smáralind:
Fimmtudag og föstudag 14:00-18:00
Laugardag 12:00-16:00

Nýtt
Nýtt marmelaði, ný áferð – engin heil ber

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.

markhonnun.is

# netto
*Ódýrt fyrir heimilið!*



## KALKÚNASNEIÐAR

40% afsláttur

**1.079 kr/kg**
áður 1.798 kr/kg

# FRÁBÆR HELGARTILBOÐ

### LAMBAKÓTELETTUR FERSKAR

25% afsláttur
**1.649 kr/kg**
áður 2.198 kr/kg

### LAMBALÆRISSNEIÐAR FERSKAR

30% afsláttur
**1.749 kr/kg**
áður 2.498 kr/kg

### KINDAFÍLE FERSKT

25% afsláttur
**2.249 kr/kg**
áður 2.998 kr/kg

### CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200G

28% afsláttur
**179 kr/pk.**
áður 249 kr/pk.

### MANGÓ

50% afsláttur
**175 kr/kg**
áður 349 kr/kg

### JUBBLY FROSTHYRNUR

34% afsláttur
**199 kr/pk.**
áður 299 kr/pk.

### KJÚKLINGAVÆNGIR HOT EÐA BBQ FULLELDAÐIR OG ÞARF AÐEINS AÐ HITA

**298 kr/pk.**
áður 689 kr/pk.

### PIZZUBOTNAR 2X150 G

43% afsláttur
**199 kr/pk.**
áður 349 kr/pk.

### KORNFLÖGUR 500 G

25% afsláttur
**179 kr/pk.**
áður 239 kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 10. - 13. mars**
eða meðan birgðir endast

# neytendur
hagur heimilanna

**58%** **KÍLÓVERÐ Á EGGJUM** hefur hækkað um 58 prósent á síðustu tíu árum.
*Heimild: Hagstofan*

■ **Ólögleg bílastæði**

## Ekki gert ráð fyrir meira en einni sekt á dag



Bílastæðasjóður gerir oftast ekki ráð fyrir fleiri en einni sekt á dag á hvern bíl þegar lagt er í ólöglegt bílastæði. Með því er átt við að fólki sem leggur ólöglega, er oftast gefið tækifæri til þess að færa bíl sinn eftir að fyrsta sekt er sett á ökutækið. Í flestum tilfellum, þegar einn bíll fær fleiri en eina sekt á sig á sama degi, hefur sektin fokið af eða eigandi tekið sektina án þess að færa bílinn. Sektafjöldi getur þó farið eftir eðli brots. Þar má nefna sem dæmi ef bíl er lagt í stæði sem ætlað er fyrir fatlaða, gæti fjöldi sekta verið fleiri en ein og mögulega fleiri en tvær, færi ökumaður bílinn ekki úr stæðinu.

**NEYTANDINN:** JÓNAS R. JÓNSSON

## *Móvindóttur og blesóttur gæðingur og bleik jakkaföt*

Jónas R. Jónsson á ekki í neinum vandræðum með að kalla fram bestu kaup sem hann hefur gert yfir ævina. Það er gæðingurinn Gabríel, sem er undan Ófeigi frá Hvanneyri.

„Ég keypti Gabríel þegar hann var ellefu vetra gamall. Ég gerði það með hálfum hug, vegna þess að ég hélt að hann væri allt of gamall,“ segir Jónas. „Þetta var fyrsti hesturinn sem við konan mín eignuðust og hefur reynst vera algjör gæðingur sem allir geta riðið.“

Jónas segir að liturinn „móvindóttblesóttur“ sé afar sérstakur. Gabríel er með ljóst fax, stóra blesu og móbrúnn að lit.

„Ég keypti hann fyrir tíu árum og gaf svo dótturdóttur minni hann í fermingargjöf,“ segir hann. „Hann er algjör gæðingur með einstakt geðslag. Það hefur svo mikið að segja.“

En verstu kaup Jónasar bera líka sérstakan lit. Það eru skærbleik flauelsjakkaföt sem hann lét sauma á sig í London árið 1969.

„Það var ein vitleysa sem ég gerði. Þá var ég í hljómsveitinni Flowers og við vorum á ferðalagi í London þar sem ég lét sauma á mig þessi jakkaföt,“ segir hann. „Þau voru eins bleik og bleikt getur verið. En ég fílaði þau betur í London en þegar ég kom hérna heim.“

Jónas seldi fötin sem minjagrip fyrir um þrjátíu árum.



**GÓÐ HÚSRÁÐ** Eyddu vondri lykt

***Koma má í veg fyrir reykingastybbu með ediksblöndu***

Ýmsum ráðum má beita til að eyða vondri lykt bæði innandyra og af fötum fólks. Koma má í veg fyrir vonda lykt í eldhúsinu með því að leggja appelsínubörk á heita eldavélarhellu. Að sama skapi getur komið vond lykt úr ísskápum sem ekki eru í notkun. Henni má eyða með því að setja annað hvort kattarsand eða kol inn í ísskápinn.

Þá má koma í veg fyrir hvimleiða reykingalykt innandyra með því að taka glas, blanda í það vatni og ediki til jafns og setja á ofn. Þetta er fyrirbyggjandi aðgerð og því verður að setja blönduna upp áður en blásið er til veislu í húsnæðinu.



# Þurfum að vinna meira fyrir bensíni nú en áður

**Holskefla verðhækkana á bensíni hefur riðið yfir að undanförnu og ekki sér enn fyrir endann á þeirri þróun. Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins er bensín einn af fáum vöruflokkum sem kosta neytandann meira nú, miðað við verðþróun síðustu tuttugu árin og launavísitölu.**

Sé miðað við verð nokkurra algengra vöruflokka og að einstaklingur hafi haft 100.000 krónur í mánaðarlaun undir lok ársins 1988 sést að fyrir laun einnar vinnustundar mátti kaupa 12,6 lítra af bensíni árið 1989, en á síðasta ári var samsvarandi magn 10,5 lítrar.

Frá áramótum hefur bensínverð síðan stigið enn frekar án þess að gera megi ráð fyrir því að launavísitala hafi hækkað að sama skapi.

Frá 1989 fram að hruni batnaði staða neytenda jafnt og þétt þar sem kaup á ýmsum nauðsynjum sem og munaðarvörum urðu viðráðanlegri með tilliti til launa.

Með hruninu, falli krónunnar og kaupmáttarrýrnuninni sem því fylgdi varð minna úr tímakaupi landsmanna.

Það gildir bæði um innfluttar vörur og innlenda framleiðslu, til dæmis nýmjólk, kartöflur og epli. Þrátt fyrir talsverðar sveiflur á tímabilinu sem um ræðir er verðið á þeim vörum nú svipað og það var árið 2004, fyrir mesta uppgangstímann.

Verð á kjúklingi miðað við launavísitölu hefur lækkað mest af öllum vörum, en nú getur neytandi fengið fjórum sinnum meira magn fyrir tímakaupið en árið 1989, enda sýnir það sig í stóraukinni neyslu. Frá þeim tíma hefur neysla á fuglakjöti sexfaldast, samkvæmt tölum Hagstofu.

Stöðugasta verðið í flokki matvöru er hins vegar á ýsu, en nú má fá svo til sama magn og árið 1989.

Þá hefur bjórverð sveiflast lítið, þar sem fólk fær nú aðeins litlu meira af bjór fyrir vinnustundina en þegar bjórinn var lögleiddur árið 1989.

Sé litið fram á veginn hefur gengi krónunnar veikst lítillega undanfarna mánuði, sem veldur hærra verði á innfluttum vörum, ekki síst eldsneyti. Þá kom í ljós í nýlegri verðkönnun ASÍ að verð á grænmeti, ávöxtum, mjólkurvörum, ostum og kjötvöru hefði hækkað töluvert frá síðasta ári.

Hins vegar hefur aukinn kaupmáttur almennings verið settur í forgang í yfirstandandi kjaraviðræðum og óvíst er hvernig samspil þessara þátta verður.

**thorgils@frettabladid.is**

### Verðþróun nokkurra vöruflokka

Verulegur munur er á verðþróun vöruflokka miðað við launavísitölu síðustu tuttugu árin. Engu að síður hefur þróunin verið neytendum að mestu í hag, en bensínverð, sem mikill styr hefur jafnan staðið um, er einn af fáum vöruflokkum þar sem minna fæst nú fyrir hverja unna klukkustund en árið 1989.




Heimild: Hagstofan

Laganemar við HR veita fólki endurgjaldslausa skattframtalsráðgjöf á laugardag:

# Reynt að greiða úr stóru sem smáu

Nemar á þriðja til fimmta ári við lagadeild Háskólans í Reykjavík veita á laugardag endurgjaldslausa ráðgjöf við gerð skattframtala. Verður ráðgjöfin veitt í aðalbyggingu Háskólans við Menntaveg frá klukkan níu til átján og stendur almenningi til boða.

Laganemar hafa veitt slíka þjónustu undanfarin ár og hefur fjöldi fólks þegið hana. Að sögn Ásrúnar Evu Harðardóttur hefur fólk borið upp stór og smá mál sem varða skattframtalið og er reynt að greiða úr því öllu.

Hátt í tuttugu laganemar verða til taks auk fulltrúa KPMG endurskoðunarstofunnar sem hafa leiðbeint nemunum um gerð skattframtala.

Lögfræðiþjónusta HR-inga var sett á stofn 2007 í samstarfi við Alþjóðahús. Framan af var lögð áhersla á að veita innflytjendum og fólki af erlendum uppruna ókeypis lögfræðiaðstoð en haustið 2008 var ákveðið að bjóða öllum þjónustu. Í ár hefur sérstök áhersla verið lögð á réttindafræðslu fyrir ungt fólk.

Öllum er velkomið að leita ráðgjafar hjá laganemum HR á laugardag.



**KLÁRAR Í SLAGINN** Framkvæmdastjórn lögfræðiþjónustu Lögréttu; Anna Kristín Kristjánsdóttir, Ásrún Eva Harðardóttir og Fura Sóley Hjálmarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Sparaðu með Miele

**Með því að velja Miele eldhústæki leggur þú grunn að langtímasparnaði og hærra endursöluverði íbúðarinnar.**

- Hraðhitun
- Jöfn hitadreifing
- Auðveld þrif
- 20 ára ending
- Keramikhelluborð verð frá kr. 108.370
- Ofnar verð frá kr. 125.100



**Care Collection** hreinsiefni og klútar, sérstaklega framleitt fyrir Miele ofna og helluborð.

*Farðu alla leið með Miele*

vilborga@centrum.is

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# GOSH
COSMETICS

dansķir dagar

Rómantískt
Vor 2011




# 20% afsláttur af GOSH
förðunarvörum, kremum, hreinsilínu, baðlínu og GOSH fylgihlutum.




dansķir dagar

# 20% AFSLÁTTUR
AF DERMA ECO HÚÐVÖRUM
**LÍFRÆNT VOTTAÐAR HÚÐVÖRUR Á SKYNSÖMU VERÐI!**




Gildir til 20 mars.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð




**4.399,-**

**Handlaug**
Europa
45x34x17 cm.
8091114




**4.990,-**

EMMEVI

**Blöndunartæki**
Giglio
7900011

# BAÐ OG ELDHÚS

## Á LÆGRA VERÐI




**26.900,-**

**Sturtuhorn**
Boga gler, 90 cm með botni.
8028604

**Eldhúsvaskur**
86x43,5 cm.
8032530




**9.890,-**

REGINOX

**Sturtutæki**
Hitastýrt
7900030

EMMEVI



**9.899,-**




**15.990,-**

**Salerni**
Cersanit Scandinavia
8077532

cersanit



**12.990,-**

**Blöndunartæki**
Eden handlaugartæki
7900020

EMMEVI



**14.690,-**

EMMEVI

**Blöndunartæki**
Eden
7900023

Verð gilda til 14. mars

***Vörur merktar “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” sé alltaf lægsta verð á markaðnum.**

**Afsláttur og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**Veggflís**
Blanco Rustico
inniflísar
20x25 cm
8611001

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**1.490kr/m²**

**1.190kr/m²**

EGGER

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Plastparket**
Eik 3ja stafa 6mm,
146956

Líka til í Hnotu

# GÓLFEFNI

## MIKIÐ ÚRVAL

**Gólfflís**
Pietra Serena,
úti og inni
30x30 cm
8630030

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**1.990kr/m²**

Frábærar á bílskúrinn og svalirnar
Mjög sterkar
8,6 mm þykkar

KEOPE

EGGER

**1.490kr/m²**

**Plastparket**
Sandeik planki 6 mm.
146955

BARLINEK

**4.990kr/m²**

**Viðarparket**
Eik Rustic 4 stafa
146907

**Veggflís**
25x36,5 cm.
Pekín Martil inniflís, til í fjórum litum
8611010

**Gólfflís**
31,6x31,6 cm. Pekín MMoka inniflís, til í tveim litum
8611012

Eitt verð
**1.990kr/m²**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**1.690kr/m²**

EGGER

Líka til í Eik og hvítri Hnotu

**Plastparket**
Hnota 3ja stafa 7mm
146950

Tilboð
**4.990kr/m²**
~~5.590kr/m²~~

**Viðarparket**
Hvíttaður Askur 3ja stafa
146805

Tarkett

Látum verkin tala!

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

HÚSASMIÐJAN

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**1.935** **MILLJARÐAR KRÓNA** er hrein eign lífeyrissjóðanna í lok janúar. Þetta er 17,8 milljarða króna hækkun frá í desember, eða sem nemur 0,9 prósenta aukningu. Í hagtölum Seðlabankans kemur fram að verðbréfaeign lífeyrissjóðanna hafi hækkað um 9,4 milljarða og ríkisverðbréfaeign um 7,4 milljarða.

Bank of America grípur til hagræðingaraðgerða:

## Færa áhættulán í annað fyrirtæki

Bank of America, einn umsvifamesti banki Bandaríkjanna, íhugar nú að loka einu af hverjum tíu útibúum sínum á næstu árum og færa tæpan helming af áhættusömustu fasteignaútlánunum inn í annað fjármálafyrirtæki, eins konar vondan banka sem mun halda utan um lélegar eignir bankans.

Joe Price, forstöðumaður viðskiptabankasviðs Bank of America, segir í samtali við netútgáfu Orlando Business Journal, að helsta ástæðan fyrir lokun útibúanna séu breytingar á viðskiptahegðun, fleiri nýti sér heimabanka en áður. Hann útilokaði hins vegar ekki að útibúum muni fjölga á öðrum markaðssvæðum þar sem viðskiptavinir hafi ekki nýtt sér tæknina í sama mæli eða þar sem útibúa er þörf.

Bloomberg-fréttastofan hefur eftir Terry Laughlin, framkvæmdastjóra hjá Bank of America, sem hélt erindi um bankann í New York í vikunni, að ráðist hafi verið í aðgerðina eftir yfirtöku Bank of America á fasteignalánafyrirtækinu Countrywide Financial haustið 2008. **- jab**




**BEÐIÐ VIÐ BANKANN** Stærsti banki Bandaríkjanna hyggur á hagræðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Betri heimtur skila ekki lánaleiðréttingu

**Arion banki og Íslandsbanki högnuðust um 42 milljarða króna í fyrra. Fyrirtækjum gekk betur að standa skil á sínu en gert hafði verið ráð fyrir. Endurmatið á að skila eigendum bankanna arði, segja forsvarsmenn.**

Endurmat á virði útlána Arion banka og Íslandsbanki nemur samtals tæpum 28,5 milljörðum króna. Það er rúmur helmingur af hagnaði þeirra. Nær öll lánin eru til fyrirtækja sem ekki var gert ráð fyrir að gætu staðið við skuldbindingar sínar þegar nýju bankarnir keyptu eignasöfnin af gömlu bönkunum haustið 2008. Forsvarsmenn bankanna segja hagnaðinn ekki veita þeim rými til að bæta skuldastöðu heimila landsins.

Hagnaður Arion banka af endurmati á virði lána nam 14 milljörðum króna. Þar af renna 12 aftur til gamla bankans, Kaupþings, samkvæmt samkomulagi við skilanefnd og kröfuhafa við kaup og tilfærslu lánasafnsins. Samningar náðust ekki um verð í október árið 2008 þar sem erlendu kröfuhafarnir töldu endurheimtur verða betri en búist var við. Niðurstaðan var sú að ef endurmat á ákveðnum lánum myndi hækka rynni 80 prósent af endurheimtum aftur til skilanefndar. Tveir milljarðar króna sitja því eftir í bankanum nýja.

Sambærilegir samningar eru ekki á milli kröfuhafa Glitnis og Íslandsbanka. Þar verður hins vegar ekki greiddur út arður til eigenda í ár.

Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri grænna og formaður viðskiptanefndar Alþingis, er ein þeirra sem talað hefur fyrir því að nýta hagnað bankanna til að létta á skuldum heimilanna.

Þeir sem rætt hefur verið við segja þetta harla ólíklegt. Helsta forsenda þess að kröfuhafar hafi samþykkt að eignast ráðandi hlut í Arion banka og Íslandsbanka, hafi verið sú að þeir fái arð af þeim.

„Fulltrúar kröfuhafa telja að lánin hafi farið yfir í nýja bankann með of miklum afslætti. Meðal annars á þeirri forsendu ákváðu kröfuhafar að eignast nýja bankann til að draga úr tapi sínu á hinum fallna banka,“ segir Sigrún Ragna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka.

jonab@frettabladid.is




**BANKARNIR** Nær allt endurmat á lánum Arion banka rann til skilanefndar Kaupþings. Eigendur Íslandsbanka fá ekki arð af fjárfestingu sinni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Breskur ríkisbanki greiðir milljónir í bónus eftir tapár:

## Þarf samt að draga úr rekstrarkostnaði

Breski bankinn Northern Rock tapaði 232,4 milljónum punda í fyrra. Þetta jafngildir tæpum 44 milljörðum íslenskra króna.

Viðskiptavinir bankans gerðu áhlaup á hann haustið 2007 og tóku út innstæður sínar eftir að spurðist út að stjórnendur hans óskuðu eftir neyðarláni hjá breska seðlabankanum nokkru áður. Bankinn var við það að fara á hliðina þegar breska ríkið skarst í leikinn og tók hann yfir til að forða honum frá gjaldþroti í febrúar 2008. Northern Rock er enn í ríkiseigu. Uppgjör hans nú er það fyrsta eftir að nýr banki reis á rústum þess gamla.

Breska dagblaðið Guardian hefur eftir Ron Sandler, starfandi stjórnarformanni bankans, að afkoman sé undir væntingum. Blaðið segir 650 manns hafa verið sagt upp hjá bankanum í fyrra og geri Sandler ráð fyrir að fleirum verði sagt upp á þessu ári í því augnamiði að draga úr rekstrarkostnaði.

Þrátt fyrir tapið fær starfsfólk bankans, 4.500 í heildina, bónusgreiðslur upp á 13,1 milljón punda, um þrjú þúsund pund á mann. Það jafngildir að meðaltali rúmri hálfri milljón króna. Greiðslurnar eru þó misháar eftir stöðugildum en fjármálastjóri bankans fær 185 þúsund pund, jafnvirði tæpra 35 milljóna króna. **- jab**




**SKELFILEG STAÐA** Langar biðraðir mynduðust fyrir utan útibú Northern Rock þegar viðskiptavinir vildu taka út innstæður sínar í bankaáhlaupi fyrir rúmum þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Mál tengd hruni íslenska fjármálakerfisins vega þungt í verkefnaskrá ESA:

## Málum í vinnslu fjölgaði í fyrra

**EFNAHAGSMÁL** Um 500 mál eru í vinnslu hjá ESA, eftirlitsstofnun EFTA. Í ársskýrslu stofnunarinnar kemur fram að álag á hana hafi fremur aukist á síðasta ári. Þá voru tekin upp 370 ný mál, en 362 lokið.

Fram kemur í tilkynningu ESA um ársreikninginn, að stóran hluta þeirra mála sem fengist er við megi rekja til fjármálakreppunnar. Sér í lagi eigi það við um Ísland, þar sem komið hafi upp mál sem tengist bæði ríkisaðstoð og reglum innri markaðar evrópska efnahagssvæðisins.

„Við vonumst til þess að koma frá eins mörgum af þessum málum og kostur er á árinu 2011 þannig að allir hlutaðeigandi geti fremur horft til framtíðar í áherslum sínum,“ segir Per Sanderud, forseti ESA, í inngangi ársreiknings stofnunarinnar.



**PER SANDERUD**

Meðal annarra mikilvægra ákvarðana ESA segir Sanderud vera þá afstöðu að kröfuhafar föllnu íslensku bankanna eigi tilkall til eigna þeirra. Þá segir hann stórt skref hafa verið stigið í að framfylgja Evrópureglum um samkeppni þegar Posten AS í Noregi var sektað um 12,89 milljónir evra í júlí í fyrra. Þá hafi verið tekið á mikilsverðum málum tengdum skattlagningu í Liechtenstein, auk þess sem ríkisstjórn þar hafi verið fundin sek um ólöglega ríkisaðstoð sem þurfi að endurgreiða ríkinu. Málum Liechtenstein og Posten í Noregi hefur verið skotið til EFTA-dómstólsins. Dómstóllinn tók við 18 málum á árinu, sem er sagt met í sögu dómstólsins. **- óká**

ALTIS

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR HJÁ ALTIS

20 - 60% afsláttur. Útsölu lýkur 15.mars



UNDER ARMOUR

íþróttagallar boltar

hlífar hanskar

SELECT player's choice



stígvél

Tretorn

Bæjarhrauni 8 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 565 1533 • Opið: mán-fim 9-18 • fös 9-17 • lau 11-14 • www.altis.is

Sala á hvítvíni hefur aukist:

# Sala á sterku dregst saman um 10,6 prósent



Heildarsala áfengis var um það bil 30 þúsund lítrum minni í nýliðnum febrúar en í febrúar á síðasta ári. Hlutfallslega nemur samdrátturinn 0,3 prósentum.

Mestur var samdráttur í sölu ókryddaðs brennivíns og vodka, 10,6 prósent, en bjórsala dróst saman um 1,6 prósent.

Sala hvítvíns jókst hins vegar um tólf prósent og rauðvíns um sex prósent. Þá jókst sala blandaðra drykkja um rúm þrettán prósent. - bþs



**VERRI AFKOMA** Verulega dró úr hagnaði VÍS á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/

Afkoma VÍS versnar milli ára:

# Tapa á fjármálarekstri

Tryggafélagið VÍS hagnaðist um rétt rúmlega 204 milljónir króna í fyrra. Þetta er talsvert verri afkoma en ári fyrr þegar hagnaðurinn nam rúmum 1,1 milljarði króna.

Fram kemur í uppgjöri félagsins að mest hafi munað um 288 milljóna króna tap á fjármálarekstri í fyrra samanborið við 668 milljóna króna hagnað árið 2009. Þá nam rekstrarkostnaður 3,1 milljarði króna, sem var 13,7 prósenta hækkun á milli ára. Heildartekjur námu 16,1 milljarði króna sem er sambærilegt við árið 2009. - jab

Evrópuþingið samþykir lög:

# Banna brask með skuldatryggingar

Evrópuþingið hefur samþykkt löggjöf þar sem settar eru þröngar skorður við þeim viðskiptum sem sætt hafa hvað mestri gagnrýni í kjölfar efnahagskreppunnar, þ.e.a.s. skuldatryggingar ríkisskulda annars vegar og skortsölur hlutabréfa hins vegar.

Samkvæmt samþykkt Evrópuþingsins mega þeir einir kaupa sér skuldatryggingar vegna ríkisskulda sem hafa lánað viðkomandi ríki fjármuni eða eru eigendur verðbréfa sem talin eru nátengd greiðsluhæfi þess ríkis.

Ríki Evrópusambandins þurfa að staðfesta löggjöfina áður en hún tekur gildi.

Nái lögin fram að ganga er talið að þau fari langt með að binda endi á spákaupmennsku með skuldatryggingar Evrópuríkja, segir á vef Euobserver.

Þá hefur Evrópuþingið samþykkt að herða reglur um skortsölur. Taki þau gildi verða frestir til þess að loka skortstöðum þrengdir verulega og háar sektir lagðar við brotum á reglunum. - pg

Háir kaupaukar breskra bankastjóra verkja hörð viðbrögð í Bretlandi:

# Ekki staðið við samkomulag um bónusa

**BRETLAND, AP** Stóru bankarnir í Bretlandi hafa ekki staðið við samkomulag, sem gert var við stjórnvöld í síðasta mánuði, um að halda kaupaukum æðstu stjórnenda bankanna í skefjum.

Harðar deilur hafa blossað upp síðustu daga í Bretlandi vegna frétta af því að bankastjórar hafa verið að fá veglega bónusa.

Til dæmis fékk Stephen Hester, framkvæmdastjóri Royal Bank of Scotland, 4,5 milljónir punda í viðbótarbónus fyrir síðasta ár ofan á 1,2 milljón punda árslaun og 2,2 milljón punda árlegs kaupauka. Samtals er bankinn því að borga honum 7,7 milljónir punda fyrir störf hans árið 2010, en það samsvarar um það bil 1,5 milljarði króna.

Einnig fékk Bob Diamond, framkvæmdastjóri Barclays PLC, 6,5 milljónir punda samanlagt í kaupauka fyrir síðasta ár, í viðbót við 250 þúsund punda árslaun. Þá fékk Stuart Gulliver, framkvæmdastjóri HSBC, 6,2 milljónir punda í kaupauka og laun samtals.

Verkalýðsfélög í Bretlandi hafa gagnrýnt þetta harðlega.

„Meðan allir aðrir hafa áhyggjur af því að greiða heimilisreikningana, þá eru þessir menn að telja seðlabúntin sín,“ segir Len McClusky, framkvæmdastjóri verkalýðsfélagsins Unity. - gb




**UMDEILDIR BANKAR** Royal Bank of Scotland er einn stóru bankanna fjögurra í Bretlandi. NORDICPHOTOS/AFP




Það verður opið til kl. 18.00 í útibúum Íslandsbanka alla fimmtudaga í mars. Ráðgjafar okkar verða reiðubúnir að veita upplýsingar um úrræði og þjónustu bankans. Einnig verður opið hjá gjaldkerum og hægt að sinna öllum venjulegum erindum.*

Dæmi um úrræði í boði:

- **Endurútreikningur erlendra húsnæðislána**
  Við höfum hafið endurútreikning á erlendum lánum samkvæmt lögum. Reikna má með 25-40% lækkun höfuðstóls í áföngum.
- **110% aðlögun**
  Ef höfuðstóll lánsins þíns er hærri en 110% af markaðsvirði hússins stendur þér til boða að lækka hann sem því nemur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- **Sértæk skuldaaðlögun**
  Sé frekari úrræða þörf, stendur þér sértæk skuldaaðlögun til boða sem getur haft í för með sér enn frekari niðurfærslu skulda.

**Komdu í dag fyrir kl. 18 og farðu yfir þín mál með ráðgjöfum okkar.**

*Athugið að lokað verður hjá fyrirtækjaráðgjöfum.




islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bankarnir hefðu átt að fara hægar í launahækkanir en viðbrögð pólitíkusa eru galin:

## Ekki ofurskatta

Eftir bankahrun er afstaða almennings til bankanna önnur og neikvæðari en til flestra annarra fyrirtækja. Það er ástæða þess að fréttir af launum bankastjóra Arion banka og Íslandsbanka hafa vakið jafnhörð viðbrögð og raun ber vitni. Í báðum fyrirtækjum hafa laun bankastjóra verið hækkuð talsvert og nema á þriðju milljón króna á mánuði, auk þess sem bankastjóri Arion fékk tíu milljóna króna eingreiðslu fyrir að færa sig úr forstjórastóli í öðru fyrirtæki.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Viðbrögðin hér á landi eru ekki einsdæmi. Almenningur í ýmsum löndum hefur reynt afleiðingar bankahrunsins á eigin skinni. Skattgreiðendur hafa þurft að greiða svimandi háar fjárhæðir til að halda bönkum á floti. Í Bretlandi hefur verið harðlega gagnrýnt að undanförnu að stjórnendur banka, sem skattgreiðendur komu til bjargar, fái nú háar bónusgreiðslur. Færð hafa verið rök fyrir því að bónuskerfi bankanna fyrir hrun hafi stuðlað að því að menn hafi tekið of mikla áhættu, sem var einn þeirra þátta sem leiddi til bankahrunsins.

Bæði þar og hér hefðu eigendur og forsvarsmenn bankanna átt að átta sig á þeirri viðkvæmu stöðu sem þeir voru í og halda aftur af launahækkunum bankastjóranna. Það á ekki sízt við þegar almennum launþegum á vinnumarkaði, þar á meðal í bönkunum, er sagt í kjaraviðræðum að litlir möguleikar séu á verulegum launahækkunum.

Hins vegar er það rangt, sem haldið er fram að „ofurlaunin“ í bönkunum séu komin aftur. Laun bankastjóranna eru langt frá þeim ofurkjörum upp á hundruð milljóna eða milljarða sem tíðkuðust hjá æðstu mönnum bankanna fyrir hrun. Og þegar litið er í tekjublöðin frá því í fyrra sést að tugir forstjóra og framkvæmdastjóra í stærstu fyrirtækjum landsins eru með svipuð laun eða hærri en bankastjórarnir. Til lengri tíma litið verða bankarnir að vera samkeppnishæfir í launum við önnur stór fyrirtæki í landinu.

Hin misráðna stefna ríkisstjórnarinnar, að halda eigi öllum launum stjórnenda hjá hinu opinbera – og helzt öllum launum í landinu – innan við milljónina, hefur skekkt alla umræðu um launamál. Hæft fólk mun ekki fást í störf forstjóra stórra ríkisstofnana, lækna, dómara, saksóknara eða önnur slík ef það getur gengið að hærri launum í einkageiranum hér á landi eða erlendis. Þannig er bankastjóri Landsbankans nærri örugglega á of lágum launum, enda ekki hálfdrættingur á við kollega sína í einkabönkunum.

Ráðherrar og stjórnarþingmenn virðast sjá það ráð helzt til að reka menn til baka með óvinsæla launahækkun í bönkunum að hóta 70-80% skattlagningu á öll laun umfram milljón eða tólf hundruð þúsund. Þetta er snargalin tillaga, sem myndi koma hart niður á til dæmis læknum, sjómönnum, lögmönnum og athafnafólki. Ofurskattar af þessu tagi myndu sópa mörgu af hæfasta fólkinu út úr landinu – og sennilega ýmsum af arðbærustu fyrirtækjunum líka. Geggjaður málflutningur af þessu tagi gerir heldur ekkert til að lappa upp á orðspor íslenzks efnahagslífs út á við.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

CAJUN CREOLE

í Perlunni 9.-13. mars




Veitingahúsið Perlan · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skilaðu þessu bara

Það kom Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í opna skjöldu að hún og hinir handhafar forsetavalds skiptu á milli sín gömlu óskertu forsetalaununum þegar forsetinn er í útlöndum. Hún hélt að til skiptanna væri hlutfall af 1,5 milljónum en ekki 1,8 eins og raunin er. Þetta fyrirkomulag er „2007“ sagði hún og vildi að sporslan til handhafanna yrði afnumin. Það gekk ekki eftir og hefur Jóhanna líklega fengið á þriðju milljón aukreitis í forsætisráðherratíð sinni. Þeim peningum ætti hún auðvitað að skila í ríkissjóð og þingforsetarnir úr Samfylkingunni Ásta Ragnheiður og Guðbjartur sömuleiðis.



### Afar brýnt

Frumvarp sem heimilar efnahags- og viðskiptaráðherra að afla upplýsinga um og gera úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja er til meðferðar á Alþingi. Í greinargerð segir að í kjölfar fjármálakreppunnar sem reið yfir 2008 hafi fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja versnað mikið. Afar brýnt sé að stjórnvöld hafi völ á sem nýtilegustum upplýsingum svo ákvarðanir um aðgerðir verði teknar með upplýstum hætti.



### En hvað?

Frumvarpið var fyrst lagt fram í mars 2010 en dagaði uppi í þinginu. Nú, ári síðar, er málið enn sagt afar brýnt. Samt höfum við heyrt að ekki verði gengið lengra í aðgerðum vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Er sú yfirlýsing marklaus eða er frekari aðgerða að vænta? Og má draga þá ályktun að þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið hafi ekki byggt á góðum upplýsingum? Er þetta frumvarp kannski óþarft?

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Að losna við verðtryggingu

Verðtrygging



Magnús Orri Schram
alþingismaður Samfylkingarinnar

Verðtryggingu var komið á árið 1979 til að verðtryggja sparifé landsmanna. Þannig áttu 10.000 krónur lagðar í sparnað 1980 að vera ígildi 10.000 króna árið 2011, plús ávöxtun. Áður hafði sparnaður brunnið upp í verðbólgu og því tókst ekki að byggja upp öflugt lífeyriskerfi. Verðtryggingin átti þannig að tryggja að sparifé héldi verðgildi sínu. Sparnaðurinn er m.a. ávaxtaður í húsnæðiskerfinu og til að tryggja hann gegn rýrnun eru húsnæðislánin okkar verðtryggð. Þar verður ókostur verðtryggingar öllum ljós. Hann birtist okkur í 30% hækkun allra innlendra húsnæðislána við hrun krónunnar 2008 og nýlegri sex milljarða hækkun húsnæðislána vegna hækkunar á olíu. Þannig hækka lánin vegna þess að verja þarf sparnaðinn. Þannig verður verðtryggingin herkostnaðurinn í litlu berskjölduðu hagkerfi með eigin mynt.

> Ef við viljum breyta þessu kerfi verður að loka hagkerfinu eða breyta myntinni.

Ef við viljum breyta þessu kerfi verður að loka hagkerfinu eða breyta myntinni. Öðruvísi verður ekki komist hjá sveiflunum. Lokað hagkerfi þýðir upptöku á haftakerfi fortíðar, úrsögn úr EES og þar með t.d. afnám tollfríðinda fyrir fiskafurðir. Þá er hægt að breyta um mynt – og það yrði gert með einhliða upptöku eða samstarfi um evru. Einhliða upptaka er slæmur kostur því þá þyrfti að nota forða ríkisins af dollurum og evrum til að kaupa krónur af Íslendingum og koma svo verðlausu krónuseðlunum fyrir kattarnef. Það væri mikil sóun á fjármunum, þegar hægt væri að framkvæma umskiptin mun ódýrar ef farið yrði í samstarf á vettvangi evrunnar.

Sumir þingmenn telja að með töfralausnum sé hægt að koma í veg fyrir verðbólgu og afnema verðtrygginu. Hagstjórnarumbætur eru nauðsynlegar og að þeim er verið að vinna en íslenskir stjórnmálamenn geta hins vegar ekki varið skuldir heimilanna gegn sveiflum á verði olíu nema með upptöku annarar myntar. Verðbólga og verðtrygging verða alltaf fylgifiskur krónunnar nema við viljum hverfa til haftastefnu fortíðar eða eiga á hættu að sparnaður hverfi. Upptaka annarrar myntar er því eina raunhæfa leiðin til að losna undan verðtryggingu og afleiðingum hennar, eins og t.d. tengslum olíuverðs við skuldir íslenskra heimila.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Stjórnarskráin skiptir máli

Í DAG



**Þorvaldur Gylfason**
Prófessor

Margar þjóðir hafa sett sér nýjar stjórnarskrár undangengna hálfa öld. Tvær bylgjur bar hæst. Eftir hrun kommúnismans 1989-91 urðu til 24 ný þjóðríki eða þar um bil í Evrópu og Asíu, og fólkið þar setti sér nýjar stjórnarskrár. Röskum þrjátíu árum áður hafði Gana fengið sjálfstæði fyrst Afríkulanda sunnan sanda. Afríkulöndin þurftu síðan eitt af öðru sína stjórnarskrá. Þau eru nú rösklega fimmtíu talsins, og þeim fer fjölgandi. Súdan, stærsta land álfunnar, býst nú til að skipta sér í tvennt.

**Hvers konar stjórnskipan?**

Hvers konar stjórnskipan eiga ný lönd að kjósa sér? Hvort eiga þau að koma sér upp óskoruðu þingræði, þar sem ríkisstjórnin situr í skjóli þingmeirihlutans, eða sterkum forseta með valdheimildir til að veita þinginu gagnkvæmt aðhald og eftirlit? Hvernig eiga þau að kjósa til þings? Í einmenningskjördæmum eða hlutfallskosningum?

Þar til nýlega var ekki mikið vitað um hagrænar afleiðingar ólíkra stjórnskipunarhátta. Fyrrum brezkar nýlendur í Afríku sóttu sér sumar fyrirmyndir til Bretlands (þingræði), og þetta atriði. Um hitt er enginn umtalsverður ágreiningur meðal þeirra 25 frambjóðenda, sem fengu flest atkvæði í stjórnlagaþingskosningunni í nóvember 2010, að breytingar þarf að gera á stjórnarskránni meðal annars til að treysta aðgreiningu framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds með því til dæmis að vanda betur til skipunar dómara og stofna stjórnlagadómstól til að veita Alþingi og ríkisstjórn aðhald.

**Ný vitneskja**

Rannsóknir í stjórnlagahagfræði síðustu ár hafa leitt fram nýja og mikilvæga vitneskju um eiginleika ólíkra stjórnskipunarhátta. Stjórnlagahagfræðin fjallar um samhengi efnahagslífs og stjórnskipunar og er hluti stofnanahagfræðinnar, sem fjallar um samhengi efnahagsmála og stofnana samfélagsins, þar á meðal löggjafar og réttarfars, en einnig ýmissa annarra þátta svo sem skipulags atvinnuvega og eðlis fyrirtækja.

Rannsóknir stjórnlagahagfræðinga sýna, að stjórnskipanin skiptir máli fyrir efnahagslífið. Hér er ekki rúm til að rekja málið í smáatriðum. Látum því tvö lykildæmi duga. Þau eru sótt í bókina The Economic Effects of Constitutions (2005) eftir sænska hagfræðinginn Torsten Persson og ítalska hagfræðinginn Guido Tabellini.

■ Hægur vöxtur ríkisgeirans, lítil útgjöld til velferðarmála

> Þeir, sem telja, að spilling sé ekki vandamál á Íslandi og hafi engan þátt átt í hruninu, munu væntanlega vilja halda í lítil kjördæmi og listakosningar með gamla laginu.

franskar nýlendur sóttu sér fyrirmyndir til Frakklands (forsetaræði). Úr því að Bretar bjuggu við þingræði og Frakkar höfðu sterkan forseta, og báðum þjóðum hafði vegnað vel, virtust báðar tegundir stjórnskipunar duga vel. Því virtist ekki skipta höfuðmáli, hvort fyrirkomulagið yrði fyrir valinu. Sterkir forsetar urðu þó smám saman aðalreglan í Afríku. Austur-Evrópulöndin gátu sum leitað fanga í eigin lýðræðisstjórnarskrám frá fyrri hluta tuttugustu aldar.

Þetta hljómar kunnuglega. Íslendingar búa enn við danska stjórnarskrá frá 1944, og hún er í meginatriðum óbreytt frá þeirri stjórnarskrá, sem Kristján konungur níundi færði Íslendingum á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar 1874, og hún var reist á enn eldri grunni. Það var ekki fyrr en eftir hrunið 2008, að Alþingi samþykkti lög um þjóðfund, þingskipaða stjórnlaganefnd og þjóðkjörið stjórnlagaþing, sem var ætlað að gera tillögur um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Með þessari samþykkt féllst Alþingi í reyndinni á rök þeirra, sem telja, að hrunið land þurfi að kanna vandlega, hvort veilurnar að baki hruninu liggi að einhverju leyti í stjórnskipaninni, og gera að því búnu hreint fyrir sínum dyrum. Hér þarf til dæmis að huga að því, hvort Íslendingar þurfi nákvæmari stjórnarskrá en Danir í ljósi þess, að Ísland er yngra ríki en Danmörk og skemmra komið á þroskabraut lýðræðisins. Eðlilegt er, að menn greini á um og lítill halli á fjárlögum ríkisins eru algengari í löndum með sterkan forseta og einmenningskjördæmi en í þingræðislöndum með hlutfallskosningar.

■ Spilling er algengari í löndum með lítil kjördæmi og listakosningar en í löndum með stór kjördæmi og persónukjör.

Vitneskja um þessi atriði á erindi við afstöðu manna til stjórnskipunarinnar. Hugmyndir um hlutverk forsetans og einmenningskjördæmi og um þingræði með hlutfallskosningum geta tekið mið af æskilegu umfangi ríkisgeirans. Þeir, sem telja Ísland vera eftirbát Norðurlanda í velferðarmálum, geta eftir þessu fylkt sér um óbreytta þingræðisskipan með hlutfallskosningum. Þeir, sem telja, að Ísland þurfi að hægja á vexti ríkisgeirans, geta á hinn bóginn litið til sterks forseta og einmenningskjördæma. Fleira hangir þó á spýtunni. Þeir, sem telja, að spilling í stjórnmálum og viðskiptum hafi átt sinn þátt í hruninu 2008 líkt og lýst er í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis (8. bindi), geta hallazt að þeirri niðurstöðu, að Ísland þurfi að vera eitt kjördæmi og kjósa skuli til Alþingis með persónukjöri til að halda flokkaspillingunni í skefjum. Þeir, sem telja, að spilling sé ekki vandamál á Íslandi og hafi engan þátt átt í hruninu, munu væntanlega vilja halda í lítil kjördæmi og listakosningar með gamla laginu.

Stjórnlagahagfræðin getur varpað ljósi reynslunnar á rökræður um breytingar á stjórnarskránni.

## Siðferðið í Icesave-málinu

Icesave

**Sjö lögmenn**
skrifa um Icesave-lögin

Hvernig stendur á því að sumir menn halda því fram að íslensku þjóðinni beri siðferðileg skylda til að borga Icesave-kröfurnar? Er það vegna þess að íslenskir ríkisborgarar stóðu fyrir starfseminni erlendis, þegar menn lögðu peninga sína á þessa reikninga?

Ber almenningur á Íslandi siðferðilega ábyrgð á þessari atvinnustarfsemi Íslendinga erlendis? Auðvitað ekki. Þeir sem lögðu fé inn á reikningana í þeirri von að hafa af þeim hærri vexti en buðust hjá öðrum, verða að bera sína áhættu sjálfir.

Það er siðferðilega rangt að velta henni á okkur og það er siðferðilega rangt af okkur að taka við henni og leggja byrðarnar á börnin okkar. Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


SKRIFBORÐ
og bókahillur!
















CD - og bókahillur í úrvali
Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is



# Aðalfundur 2011

**Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 17. mars 2011 kl. 16.00 í húsakynnum félagsins, Síðumúla 24, Reykjavík.**

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins eða hvernig mæta skuli halla.
4. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillögur um breytingu á 19. gr. samþykkta félagsins um skipan og kosningu varastjórnar, svo og tvær breytingar er varða tilvísun í ný lög um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
7. Kosning stjórnar félagsins, þ.á.m. að teknu tilliti til fyrirhugaðra breytinga á samþykktum um skipan varastjórnar.
8. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).
9. Önnur mál löglega fram borin.

Framboð til stjórnar, þ.m.t. varastjórnar, skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar, Síðumúla 24, Reykjavík, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Reikninga félagsins og tillögur má nálgast á vef TM, www.tm.is, eða á aðalskrifstofu félagsins viku fyrir fundinn.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

TM Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // www.tm.is

# Fermingar



## MacBook Air 11"

Ný endurhönnuð MacBook Air
Skjár með hárri upplausn og hröðu flash-minni í stað harðs disks.

**Verð: 169.990.-**

aðeins 1kg



**iPhone 4**
16GB / 32GB
iPhone 4 er án efa einn vandaðasti snjallsíminn á markaðinum í dag.

Verð frá: **139.990 kr.**



**iPod Touch**
8GB / 16GB/ 32GB
A4 örgjörvi, FaceTime, Retina skjár, HD vídeóupptaka og GameCenter.

Verð frá: **55.990 kr.**



**iPod nano**
8GB / 16GB 7 litir
Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g, FM útvarp.

Verð frá: **35.990 kr.**



**iPod Shuffle**
2GB 5 litir
Geymir allt að 500 lög
Vegur aðeins 10,7g,.

Verð: **11.990 kr.**



**Töskur** fyrir fartölvur/iPad
Walk On Water
Skemmtileg hönnun frá Walk On Water, ýmsir litir, margar gerðir.

Verð frá: **5.990 kr.**



Fermingartilboð

**Hulstur fyrir iPhone 4**
Griffin Reveal Etch
Þunnt og nett hulstur sem ver símann þinn og kemur í veg fyrir rispur.

Verð: **2.690 kr.**



**Heyrnartól**
Sennheiser / Adidas
Heyrnartól sem henta vel fyrir íþróttamanninn.

Verð: **7.990 kr.**



**Heyrnartól**
Sennheiser
Ýmsar tegundir.

Verð frá: **3.490 kr.**



**Penni (2 í pk.)**
iPad/iPhone
Sérstaklega gerður fyrir: iPad/iPhone/iPod Touch

Verð frá: **3.990 kr.**



**iPad/iPhone festingar**
Bracketron
Bílfestingar fyrir iPad/iPhone. Ýmsar gerðir.

Verð frá: **1.990.- kr.**

* Vörur á rýmingarsölu eru í takmarkaðu magni.
Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**epli.is**

**Epli.is,** Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

# bækurnar

## fást hjá epli.is



## MacBook Pro 13”

2,4GHz Intel Core 2 Duo
4GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 320 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2,04 kg
Íslenskt lyklaborð

**Verð: 169.990.-**

Verð áður: 219 990 -

Rýmingarsala*



Rýmingarsala*

**iPad Wi-Fi+3G 16GB**

Fyrsta kynslóð (2010)

Verð: **89.990 kr.**

Verð áður: 114.990.-



Rýmingarsala*

**iPad Wi-Fi+3G 64GB**

Fyrsta kynslóð (2010)

Verð: **119.990 kr.**

Verð áður: 149.990.-



Rýmingarsala*

**MacBook Pro 15”**

2,53 i5 / 4GB / 500GB
Eldri kynslóð (2010)

Verð: **279.990 kr.**

Verð áður: 359.990.-

# Nýsköpun alls staðar

Iðnaður

Orri Hauksson
frkv.stj. Samtaka iðnaðarins



Djúp lægð er í vissum atvinnugreinum á Íslandi. Aðrar greinar eru í blóma en ná einfaldlega ekki að vaxa eins hratt og þær vilja. Ástæðan er sú að ekki finnst nægt starfsfólk við hæfi á Íslandi. Þó eru um 14 þúsund manns án atvinnu, með tilheyrandi samfélagstjóni. Við þetta sára ójafnvægi má ekki búa. Markvisst átak þarf til langs tíma til að rétta af hallann, í samstarfi atvinnulífs, menntakerfis og stjórnvalda. Tækifæri er til að nýta betur fjármagn, mannauð og skólahúsnæði, öllum til heilla.

Um leið er brýn þörf á samdrætti í útgjöldum hins opinbera. Þegar hefur verið gengið allt of langt í skattheimtu og frekari skuldasöfnun er ekki valkostur. En þörfin fyrir ráðdeild er ekki bara kvöð, heldur líka tækifæri. Breytingar má nýta til að láta af gömlum ósiðum, endurskoða aðferðir og bæta meðhöndlun skattfjár.

Skerpa þarf vinnubrögð á flestum sviðum, s.s. í ríkisfjármálum, menntamálum, vinnumarkaðsmálum og peningamálum. Svokallað klasasamstarf fyrirtækja, stofnana og menntakerfis er kjörin leið til að þróa nýjar lausnir og vinnubrögð hjá hinu opinbera. Sé rétt að verki staðið sparar það fé til langs tíma, án þess að koma niður á þjónustu. Beina þarf opinberu þróunarfé sem mest úr opinberum stofnanafarvegi í samkeppnisfyrirkomulag eins og Tækniþróunarsjóður rekur. Í slíku þróunarsamstarfi fyrirtækja og hins opinbera geta jafnframt orðið til hugverk og nýjar lausnir sem fyrirtækin geta nýtt til útflutnings.

Það var meðal annars í þessu ljósi sem Samtök iðnaðarins blésu til átaks seint á síðasta ári sem kallast Ár nýsköpunar. Markmiðið er að kynna og efla nýsköpun sem leið til endurreisnar í íslensku atvinnulífi, með verðmætasköpun og aukinn útflutning að leiðarljósi. Iðnþing 2011 er helgað þessu átaki. Helsta viðfangsefnið er að vinna á markvissan hátt að bættum starfsskilyrðum og stuðningsumhverfi nýsköpunar í fyrirtækjum, og einskorðast ekki við tæknivæddustu fyrirtækin, heldur ekki síður þroskaðar atvinnugreinar sem þurfa að halda sér síungum. Leið okkar út úr kreppunni felst í því að skapa aukin verðmæti, framleiða betri vörur og þjónustu. Til þess þarf ekki síst nýsköpun í hugarfarinu, en að láta af þeirri kreppu hugans, sem hér hefur ráðið of lengi.

> Svokallað klasasamstarf fyrirtækja, stofnana og menntakerfis er kjörin leið til að þróa nýjar lausnir og vinnubrögð hjá hinu opinbera

# Æsingalaust Icesave?

Icesave

Jóhannes Karl Sveinsson
hæstaréttarlögmaður



Það eru í það minnsta tvær hliðar á þessu flókna máli og það reyndi ég á eigin skinni þegar ég sat sjálfur í samninganefnd Íslands. Þegar ég hef verið beðinn um að útskýra samninginn sjálfan – og það sem tekur við ef það verður enginn samningur – þá hef ég talið mér skylt að gera það. Ég hef gert það á eins hlutlægan hátt og ég get. Mér hefur fundist fólk vera þakklátt fyrir það; fólk vill ekki síður upplýsingar og útskýringar um það hvernig þetta kom allt saman til og hvers vegna spjótin hafa yfir höfuð beinst að Íslandi.

Á kynningu málsins hefur enginn sérstakur aðili í samfélaginu forræði. Þingið hefur lokið umfjöllun og stjórnvöld hafa samkvæmt lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu mjög takmörkuðu hlutverki að gegna. Það má því búast við að kynningin fari að verulegu leyti fram í fjölmiðlum: umræðuþáttum, fréttum og ritstjórnarefni.

Icesave-málið er mjög mikilvægt fyrir framtíð lands og þjóðar og þeir sem fjalla um það á vettvangi fjölmiðla verða að axla ábyrgð. Það felst í þeirri ábyrgð að láta ekki umræðuna snúast um eitthvað allt annað en Icesave-málið sjálft, t.d. hvort mönnum er illa eða vel við Steingrím eða Jóhönnu, hver afstaða manna er til ESB, útrásarvíkinga, Davíðs Oddssonar o.s.frv. Við höfum það heldur ekki fyrir börnunum okkar að uppnefna fólk sem hefur aðrar skoðanir en maður sjálfur, reynum ekki að gera það fólk tortryggilegt vegna óskyldra mála og gera því upp annarlegar hvatir.

Þetta hélt maður að væru allt sjálfsagðir hlutir. Síðustu daga hefur hins vegar nafnlaust ritstjórnarefni í Morgunblaðinu verið þannig að það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig okkur muni takast að komast í gegnum þetta. Harðdræg skrif og föst skot á aðra fjölmiðla, sem jafnvel gera ekki annað en flytja fréttir af nýjum staðreyndum eða viðhorfum í málinu, eru ekki beinlínis uppörvandi og koma kannski úr hörðustu átt. Einkunnagjöf þar um „vikapilta“, „gungur“, „álfa“, „áróðursnefndir“ o.þ.h. er stundum fyndin, en hjálpar í raun engum við að mynda sér alvarlega skoðun á forsendum sem snúast um þjóðarhag. Þessi framsetning espar líka aðra upp til alls konar öfga í umræðunni sem nóg framboð var af fyrir.

Ég leyfi mér að hvetja til þess og vona að allir taki Icesave-málinu sem alvarlegu verkefni og að þeir sem taka þátt í umræðunni leggi til hliðar persónulegar væringar. Tilefnið er vissulega gremjulegt en við skulum ekki láta ákvörðun um sáttina slíta í sundur friðinn – ekki nú frekar en forðum.

# Ofurlaun bankastjóra og endurheimt trausts

Siðferði

Stefán Einar Stefánsson
stundakennari við Háskólann í Reykjavík



Nýlegar fregnir um rífleg laun bankastjóra Arionbanka hafa valdið ólgu í samfélaginu, og var þó ekki bætandi á það sem fyrir var. Að baki þeirrar ólgu eru ýmsar ástæður. Nú eru til að mynda fjölmörg fyrirtæki og þúsundir Íslendinga í gjörgæslu vegna ofurskulda sem í mörgum tilfellum stökkbreyttust í kjölfar áhættuhegðunar fyrri eigenda bankans. Þá er vert að benda á að þrátt fyrir að bankinn sé nú að mestu í eigu erlendra kröfuhafa þá hefur ríkið enn þá aðkomu að innri málefnum bankans í gegnum bankasýslu ríkisins. Enn fremur skýtur það skökku við að nýlega var einstaklingum sem störfuðu við þennan sama banka sagt upp, að sögn vegna hagræðingar, en svo virðist sem að sú hagræðing hafi farið í annað en fólk átti von á.

„Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn“. Þorgeir Ljósvetningagoði mælti fyrir rúmlega þúsund árum svo að ef Íslendingar hefðu tvenn lög og tvo siði, þá yrði úti um friðinn í landinu. Með þessari framgöngu slítur bankinn í sundur friðinn, ekki síst vegna þess að hún gefur í skyn að á Íslandi búi tvær þjóðir, þeirra sem eiga, en eiga þó ekki neitt, og hinna sem þurfa að borga fyrir hærri laun, er staðreyndin sú að ofurlaunaþegar hafa sjaldnast axlað eðlilega ábyrgð þegar til kastanna hefur komið. Hafa menn ekki lært það að ofurlaun eru ekki ávísun á ábyrga framgöngu og eðlilega viðskiptahætti? Þetta er í engu tilliti spurning um öfund heldur réttsýni gagnvart samfélagi þar sem margir eiga svo sárlega um sárt að binda.

Ef okkur á að takast að byggja upp traust í þessu landi að nýju, þá. Almenningur er enn í sárum eftir bankahrunið, og má ekki við frekara salti í þau sár. Er til of mikils mælst að menn haldi aftur af sér í skömmtun ofurlauna á þessum tímum?

Almenningur á heimtingu á því að menn fari ekki fram úr sér í þessum efnum. Þó að eðlilegt sé að mikilli ábyrgð fylgi verða allir þeir sem vettlingi geta valdið að leggja sín lóð á vogarskálarnar. Ábyrg framganga, hvort sem það er á vettvangi fyrirtækja, félagasamtaka eða í fjölmiðlum, skiptir höfuðmáli í þessu sambandi. Nú verður hver og einn að líta inn á við og spyrja: hvert getur mitt framlag orðið til endurreisnar íslensks samfélags?

> Ofurlaunaþegar hafa sjaldnast axlað eðlilega ábyrgð þegar til kastanna hefur komið.

# Eygló og evran

Ísland og ESB

Ingimundur Gíslason
augnlæknir, starfar í Svíþjóð



Í Fréttablaðinu 4. mars sl. lýsir Eygló Harðardóttir þingmaður Óskalandinu, þar sem sterkir stjórnmálamenn og konur stjórna efnahagsmálum og peningamálum Íslands af festu og öryggi. Í Óskalandinu fella menn ekki gengi krónunnar til að ná fram skammtímalausn á efnahagsvanda þjóðarinnar. Í Óskalandinu færa stjórnvöld ekki fjárhæðir frá einum þjóðfélagshópi til annars.

En því miður. Íslendingar búa ekki í Óskalandinu. Veiklunda pólitíkusar hafa verið iðnir við að notfæra sér veikburða gjaldmiðil til þess að að ná fram skammtímamarkmiðum. Eru einhverjar líkur á því að það muni breytast? Svari hver fyrir sig.

Eygló hittir naglann á höfuðið þegar hún segir að „með upptöku evru sé ábyrg stjórnun efnahagsmála jafnvel enn brýnni“. Þetta er mergurinn málsins. Stór víðtækur gjaldmiðill sem nær til margra landa neyðir stjórnvöld og hagsmunasamtök til traustra langtímaaðgerða í efnahags- og peningamálum.

Og saga sænsku krónunnar er ekki bara ein sólskinssaga. Nú kvarta stór útflutningsfyrirtæki yfir of sterkri krónu.

Svo er það stórpólitíska hliðin á þessu máli. Þar á ég við það sem Íslendingar vilja helst ekki ræða. Eistlendingar tóku nýlega upp evru. Eistland er eitt af mörgum löndum í Evrópu þar sem fólk man hörmungar stórstyrjalda. Á Íslandi eru hvergi fjöldagrafir. Íslendingar græddu stórfé í síðustu heimsstyrjöld. Evrópusambandið og sameiginlegur gjaldmiðill er líka tæki til að reyna að koma í veg fyrir að saga Evrópu endurtaki sig hvað varðar styrjaldir og fjöldamorð.

# Af sýklum og starfsfólki öldrunarheimila

Hjúkrunarheimili

Pétur Magnússon
forstj. Hrafnistu



Aðgát skal höfð í nærveru sálar,“ sagði einn íbúa Hrafnistu við mig á dögunum. Orðin féllu í kjölfar ómaklegra fullyrðinga formanns Sjúkraliðafélags Íslands í viðtali við Fréttablaðið 1. mars. Þar sparaði formaðurinn ekki stóru orðin um starfsemi öldrunarheimila á Íslandi. Í viðtalinu setur leiðtogi sjúkraliða fram fullyrðingar sem eru ýmist ónákvæmar, ómaklegar, órökstuddar eða með öllu rangar. Ekki er það ætlun mín að fara í rökræður við formann sjúkraliða á síðum fjölmiðla enda hef ég boðið honum til fundar þar sem hann getur lagt fram rökstuddar ábendingar, telji hann eitthvað geta farið betur í starfsemi Hrafnistuheimilanna. Ég tel samt nauðsynlegt að leiðrétta nokkrar rangfærslur sem koma fram í viðtalinu en önnur ummæli formannsins dæma sig sjálf.

„Slakar sýklavarnir eru á hjúkrunarheimilum á Íslandi“ segir formaðurinn og bætir síðar við: „Bráðsmitandi Noro-veira er orðin krónískt vandamál á öldrunarstofnunum en er nú líka komin út í þjóðfélagið því ekki hefur verið passað upp á grunnreglur hreinlætis.“

Á Hrafnistuheimilunum starfar verkefnastjóri í sýkingavörnum samkvæmt afar nákvæmum starfsreglum meðal annars þegar grunur er um sýkingahættu. Okkar markvissu vinnuferlum hefur verið hrósað af fulltrúum Landlæknisembættisins. Noroveiran er að sönnu bráðsmitandi, en að hún sé krónískt vandamál á öldrunarheimilum er ekki rétt. Hrafnista í Reykjavík er stærsta öldrunarheimili landsins. Þaðan eru árlega send á annað hundrað sýni til greiningar, meðal annars til að greina Noro-veiruna. Árið 2006 greindust fjögur Noro-sýni jákvæð, engin 2007, 2008 og 2009, en fjögur jákvæð 2010. Ég hef rætt við fulltrúa annarra hjúkrunarheimila og þar kannast fólk ekki heldur við að Noro-sýkingar séu krónískt vandamál. Þessi fullyrðing formannsins á því ekki við rök að styðjast.

Orðrétt segir formaðurinn: „Á Hrafnistu í Hafnarfirði eru tveir starfsmenn og hlaupastelpur á vakt á vistunardeild um helgar til að hlaupa á milli þriggja hæða og sinna 140 manns, þar af 70 í hjúkrunarrýmum.“

Flestir heimilismenn á þeirri deild sem formaðurinn víkur að búa í dvalarrýmum, sem þarfnast færra starfsfólks en almennar hjúkrunardeildir. Á umræddri deild eru að jafnaði átta starfsmenn á vakt um helgar, þar á meðal hjúkrunarfræðingur, sjúkraliðar og félagsliðar. Í húsinu er einnig vaktmaður auk starfsfólks á öðrum deildum. Starfsheitið „hlaupastelpa“ er ekki til á Hrafnistuheimilunum og mörg ár eru síðan hætt var að tiltaka kyn fólks í starfsheitum enda starfa bæði karlar og konur við umönnunarstörf. Orðalag formanns Sjúkraliðafélagsins lýsir hins vegar lítilsvirðingu í garð ákveðinna starfstétta, en á Hrafnistuheimilunum starfa um 780 manns í rúmlega 30 starfsgreinum.

„Þannig eru vaktir mannaðar að mestu ófaglærðu starfsfólki á fínustu hjúkrunarheimilum landsins, ótalandi á íslensku og með engar forsendur fyrir hreinlæti til að sinna sjúku fólki en ber sýkla á milli með löngum nöglum, skartgripum og hári langt niður fyrir augu...“

Þessi fullyrðing er formanni sjúkraliða ekki til sóma. Reglur um notkun skartgripa er að finna á öllum heilbrigðisstofnunum og leiðbeiningar þess efnis frá Landlæknisembættinu. Á nýju hjúkrunarheimili Hrafnistu í Kópavogi starfa alls tæplega áttatíu manns og er meira en helmingur þeirra sérstaklega fagmenntaður á sínu sviði. Flestir hinna hafa farið á fagnámskeið stéttarfélaga sinna auk þeirrar þjálfunar sem allir starfsmenn Hrafnistu hljóta. Ég fullyrði að allir starfsmenn sem sinna umönnun á Hrafnistu í Kópavogi tala mjög fína íslensku, bæði þeir 20 sjúkraliðar sem þar starfa sem og aðrir faglærðir sem ófaglærðir. Enda er það skilyrði á Hrafnistu að þeir sem sinna umönnunarstörfum tali og skilji tungumálið.

Það væri óskandi að formaður Sjúkraliðafélags Íslands gæfi sér tíma til að kynna sér starfsemi öldrunarheimila betur en raun ber vitni áður en slíkar ásakanir eru settar fram.

> Á Hrafnistuheimilunum starfar verkefnastjóri í sýkingavörnum samkvæmt afar nákvæmum starfsreglum meðal annars þegar grunur er um sýkingahættu.

BLIZZARD SKI
NORDICA
ROSSIGNOL PURE MOUNTAIN COMPANY®

# SKÍÐA & SNJÓBRETTAÚTSALA



**30 til 40% afsláttur**
af völdum skíða- og brettavörum.

**30 til 40% afsláttur**
af fullorðinsskíðum og skíðaskóm.

**40% afsláttur**
af snjóbrettum, bindingum og brettaskóm.

**30% afsláttur**
af öllum skíðahjálmum.

SKÍÐADEILDIN ER Í GLÆSIBÆ. I BRETTADEILDIN ER Í KRINGLUNNI.

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF



✝

*Útför okkar ástkæru*

**Katrínar Kolku Jónsdóttur**
hjúkrunarfræðings

fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 11. mars kl. 13.

**Eiríkur Valdimarsson**
**Valdimar Kolka Eiríksson**
**Ingibjörg Sólveig Kolka** **Jón Bjarnason**
**Bjarni Jónsson**
**Ásgeir Jónsson** **Gerður Bolladóttir**
**Ingibjörg Jónsdóttir Kolka** **Guðmundur Sæmundsson**
**Laufey Erla Jónsdóttir**
**Páll Valdimar Kolka Jónsson** **Sandra Sif Einarsdóttir**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ása Hjálmarsdóttir**
Furugerði 13,

lést á LSH Landakoti þriðjudaginn 1. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. mars klukkan 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð FAAS eða Krabbameinsfélagið.

**Haukur Ingimarsson**
**María Jóna Hauksdóttir** **Þorsteinn B. Sæmundsson**
**Haukur S. Þorsteinsson** **Ríkey Valdimarsdóttir**
**Steinn Ingi Þorsteinsson** **Kristín María Stefánsdóttir**
**Eiríkur Ingimar Hauksson**
**Hjálmar Freyr Hauksson**



✝

*Ástkær faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Eiríkur Sigurðsson**
Hraunvangi 7, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu fimmtudaginn 3. mars. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 11. mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Hrafnistu, Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Vilhelmína Eiríksdóttir**
**Steingrímur Guðmundsson**
**Bergþór Guðmundsson** **Jiraporn Yuengklang**
**Ólafur B. Guðmundsson** **Laufey Sigmundsdóttir**
**Eyrún Sigurðardóttir**
**og aðrir aðstandendur**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdmóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Jónsdóttir**
frá Hjarðarholti í Vestmannaeyjum, síðar til heimilis að Ásbraut 13 í Kópavogi.

andaðist 3. mars sl. á Hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu mánudaginn 14. mars kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hennar er bent á Hvítasunnukirkjuna Fíladelfíu Reykjavík. Reikningsnr. 0338-26-500 kt. 5401693739
Fyrir hönd aðstandenda:

**Halldóra Traustadóttir** **Einar Jónasson**
**Guðjón Traustason**
**Kornelíus Traustason** **Elín Pálsdóttir**
**Símon Eðvald Traustason** **Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Sigurður S. Wiium**
**Vörður Leví Traustason** **Ester K. Jacobsen**
**G. Ingveldur Traustadóttir** **Geir Jón Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elsku hjartans sonur okkar og bróðir,*

**Kristófer Alexander Konráðsson**

er lést af slysförum laugardaginn 5. mars, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 11. mars kl. 15.00.

**Ásrún Harðardóttir** **Konráð Halldór Konráðsson**
**Sandra Lind**
**Stefán Örn**
**Ingibjörg María**



✝

*Þökkum öllum ættingjum og vinum auðsýnda vináttu og samúð við fráfall dóttur okkar, móður minnar, tengdamóður, systur og ömmu,*

**Vigdísar Jónsdóttur**
frá Selfossi, Hátúni 10, Reykjavík.

Blessuð sé minning hennar.

**Guðríður Magnúsdóttir** **Jón Á. Hjartarson**
**Guðjón Þórisson** **Hanna Rut Samúelsdóttir**
**Jóhanna Jónsdóttir** **Lysgard Stein Age Lysgard**
**Grímur Jónsson** **Stefanía Geirsdóttir**
**og barnabörn**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðlaugur Bjarni Guðmundsson**
Bifreiðastjóri, Þorsteinsgötu 12, Borgarnesi,

andaðist mánudaginn 7. mars á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi.

**Jóhanna Birna Þorsteinsdóttir**
**Guðrún Fjeldsted**
**Guðjón Guðlaugsson** **Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir**
**Halldór Guðni Guðlaugsson** **Guðrún Birgisdóttir**
**afa- og langafabörn.**



✝

*Elskulegur faðir okkar og afi*

**Snorri Gíslason**
Skeljagranda 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 2. mars. Útför fer fram frá Laugarneskirkju þann 11. mars kl. 11.00.

**Anna Stella Snorradóttir** **Þórður C. Þórðarson**
**Áki Snorrason**
**Una Snorradóttir** **Pétur Sveinsson**
**og barnabörn.**



✝

*Elskuleg sambýliskona mín, dóttir, stjúpdóttir og systir,*

**Sigrún Ástrós Reynisdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 6. mars. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 15. mars kl. 13.

**Hallgrímur Kristinsson**
**Anna Jónsdóttir** **Jörundur Jónsson**
**Lucia Guðný Jörundsdóttir og fjölsk.**

# tímamót

*timamot@frettabladid.is*



**MARGT AÐ VITA** Laufey Steingrímsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild HÍ, Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur og Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur fræða þá sem vilja um matarmenningu Íslendinga á morgun. MYND/ATLI ARNARSON

ÍSLENSK MATARMENNING: Í NÆRMYND

## Kemur á óvart

„Íslendingar eiga svolítið eftir að uppgötva matarmenninguna sína en við eigum þar mjög skemmtilegan og forvitnilegan bakgrunn sem við gerum allt of lítið af því að skoða. Við höldum að við þekkjum hann og göngum út frá því sem vísu," segir Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur. Á morgun klukkan 11 leiða Sólveig, Laufey Steingrímsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskólans, og Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur göngu um Reykjavík sem ber yfirskriftina Fæðuhringurinn í miðborg Reykjavíkur – saga matar frá landnámi til okkar daga.

Gangan, sem hefst á horni Aðalstrætis og Túngötu, er hluti af aldarafmælisdagskrá Háskóla Íslands og unnin í samvinnu við Ferðafélag Íslands og félagið Matur-saga-menning.

„Það hefur orðið ákveðið rof í matarmenningu okkar og þekkingu á henni. Í dag erum við hins vegar stödd á þeim stað í andrúmsloftinu að við viljum sækja í okkar gömlu hefðir og þekkja þær," segir Sólveig og getur þess að ýmislegt verði tekið fyrir. „Það kemur mörgum á óvart að heyra að aðalslátrunarstaðurinn hafi fyrir öld verið Austurvöllur og að túnið fyrir utan Stjórnarráðið hafi verið aðalmatjurtagarðurinn í upphafi 19. aldar. Öll Vesturgatan var eitt stórt stakkstæði, þar sem saltfiskur var þurrkaður. Ef við horfum til baka eigum við miklu meira hráefni til að byggja á en við gerum okkur grein fyrir," segir Sólveig.

Í göngunni verður spjallað um gömlu kaffihúsin, verslanirnar, mjólkursöluna og fleira til. „Við göngum meðal annars niður að tjörn og fræðumst um hvernig ísinn af tjörninni var tekinn og geymdur í íshúsunum og margt fleira. Við endum svo á því að ræða svolítið um lýsisbræðsluna og smjörlíkisgerðina," segir Laufey, en göngunni lýkur við Sjóminjasafnið á Grandagarði. Margt mun eflaust koma á óvart og hljóma ótrúlega: „Parmesanostur fékkst til að mynda í Thomsen Magasin í Hafnarstræti árið 1908," segir Sólveig.

**juliam@frettabladid.is**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Sólveig Rósa Benedikta Traustadóttir**
sjúkraliði

andaðist laugardaginn 5. mars 2011 á Líknardeild LHS Kópavogi. Útför hennar fer fram föstudaginn 11. mars 2011 kl. 15.00 frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu. Þeim sem vilja heiðra minningu hennar er bent á Aglow – Ísland, kristileg samtök, 0526-26-7110, kt. 711094-2539.

**Sigurður S. Wiium**
**Hrefna Rós S. Wiium** **Ívar Halldórsson**
**Sigurður Heiðar S. Wiium** **Gerður Rós Ásgeirsdóttir**
**Elva Ósk S. Wiium** **Þórarinn Friðriksson**
**og barnabörn.**



✝

*Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Friðriksdóttir**
frá Vestmannaeyjum,

verður jarðsungin föstudaginn 11. mars kl. 13 frá Fossvogskirkju.

**Jón Berg Halldórsson**
**Helga Sigurgeirsdóttir, Guðmundur, Halldór Berg,**
**Sigurbjörg og Ólafur Þór**
**og fjölskyldur.**



**Allt loðið** Nú er rétti tíminn til að draga fram loðhúfuna, loðfeldinn, loðkragann og handskjólið. Loðfóðraðir skór eru líka sjóðandi heitir.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**FLOTTUR FYRIR FERMINGUNA !**



Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

teg. 81207 - fæst í BC skálum á kr. 4.600,
- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Eirberg

**Rafknúnir hægindastólar**
sem auðvelda
þér að setjast
og standa upp

*Fjölbreytt úrval*

Opið virka daga kl. 9 -18
og á laugardögum kl. 11 - 16



Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

KENNEL & SCHMENGER
SCHUHMANUFAKTUR



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

**Menntaskólamærin Marta Heiðarsdóttir hefur fengist við saumaskap í frístundum síðustu ár.**



# Sér fötin fyrir sér

Í fataskápnum hennar Mörtu er fullt af kjólum, dressum, stuttbuxum og blússum eftir hana sjálfa. Samt er hún bara sautján ára. „Það var í 8. bekk sem ég fór að gera eitthvað frá eigin brjósti í textíltímunum en það var ekki fyrr en í 10. bekk sem ég fór að sauma eitthvað af viti," segir hún þegar blaðamaður furðar sig á afköstunum.

;TÍSKA | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**Gerið GÆÐA- og verðsamanburð**









10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

**SAGA**

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 120x200 | 131.880 kr. | 109.900 kr. |

**IQ-CARE**

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 120x200 | 164.900 kr. |

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Strákaleg föt** með kvenmannssniði sjást í auknum mæli á tískupöllunum en það hefur löngum þótt merki um kvenleika að geta tekið sig vel út í víðum kærastabuxum og tíglapeysu. Skyrtur, aðsniðnir jakkar, lakkskór, gullúr, bindi og þröngar ullarpeysur með V-hálsmáli tilheyra þessari tískubylgju.








Marta situr gjarnan við saumavélina þegar tími gefst frá menntaskólanáminu.



Flauel og siffon eru í efri hluta kjólsins og lek framan á honum myndar fallega hreyfingu í pilsið.

Framhald af forsíðu

Marta er á félagsfræðibraut í Menntaskólanum í Hamrahlíð og sér um tískuþátt í skólablaðinu. Einnig tók hún þátt í búningagerð fyrir leiksýningu skólans í fyrra. Að öðru leyti er saumaskapurinn áhugamál. Hún var svo heppin að fá forláta saumavél ömmu sinnar til afnota, einnig fékk hún overlook-vél í afmælisgjöf og faðir hennar sem er feldskeri gaf henni gínu. „Ég byrjaði á að kaupa föt í Kolaportinu og breyta þeim en nú er ég farin að sauma meira frá grunni," segir Marta. Hún kveðst ekki teikna flíkurnar fyrst, heldur sauma þær bara eftir huganum því hún sjái þær fyrir sér.

Ekki kveðst Marta búin að ákveða hvort hún leggi hönnun og fataiðn fyrir sig í framtíðinni en dömur í kringum hana eru komnar á bragðið. „Systir mín á nokkra kjóla eftir mig og ég gaf vinkonu minni einn í afmælisgjöf," segir Marta hæversk. „Svo gaf ein stelpa vinkonu sinni það í jólagjöf að ég saumaði handa henni kjól, það er eini saumaskapurinn sem ég hef fengið borgað fyrir."

*gun@frettabladid.is*



Skokkur og blússa. Hlýrarnir úr flaueli og siffoni.

Skvísulegur kjóll, skreyttur með svörtu.









Mörgum kemur á óvart hve miklu er hægt að koma í eina handtösku.







# Nauðsynjar með í för

**Í handtöskum kvenna leynast kynstrin öll og í sumum meira en öðrum. Hér á eftir er þó listi yfir hluti sem flestar konur bera með sér.**

Flestar konur nota handtösku og í henni eru oftast ógrynni nauðsynja sem fæstar geta verið án. Oft er um að ræða snyrtidót, sólgleraugu, síma og jafnvel myndavél svo andvirði innvolsins getur hæglega hlaupið á tugum ef ekki hundruðum þúsunda. Hér á eftir fer listi yfir algengt innihald í handtöskum kvenna.

Sími
Snyrtitaska með í það minnsta púðri, augnblýanti og varalit/varasalva
Lítið ilmvatnsglas
Lófaspegill
Peningar
Skilríki
Penni
Skrifblokk
Handáburður
Snýtuklútar
Hárbursti
Túrtappar/dömubindi



Margit Elva Einarsdóttir, þjálfari hjá Clarins, segir kremin fá góða dóma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Clarins notar íslenskt kál

**Franski snyrtivörurisinn Clarins notar íslenskt skarfakál í nýtt andlitskrem. Íslendingar hafa lengi notað skarfakál sér til heilsubótar**

Íslenskt skarfakál eða Cochlearia er ein þriggja jurta sem ný andlitskrem frá Clarins, innihalda. Sérfræðingar Clarins leita uppi harðgerar plöntur um allan heim til að nýta eiginleika þeirra í snyrtivörur, þar á meðal á Íslandi. Skarfakálið er sagt hægja á öldrun húðarinnar en kremin eru ætluð 50 ára og eldri.

„Lionel de Benetti, framkvæmdastjóri rannsóknastofa og vörustjórnunar Clarins, rakst á jurtina við göngustíg á ferð sinni um Ísland. Hann komst að því að skarfakálið var ein af fyrstu jurtunum til að nema land í Surtsey, árið 1965 og þar með skapa nýtt líf,“ útskýrir Benjamin Vouard, framkvæmdastjóri þjálfunar hjá Clarins.

Lionel heillaðist af þeim eiginleikum skarfakálsins að þrífast í harðgerum jarðvegi og loftslagi og efnagreindi jurtina. „Við komumst að því að skarfakál örvar virkni prótínsameinda og hamlar bindingu prótína við sykursameindir og hamlar þannig öldrun fruma. Clarins fékk einkaleyfi á notkun skarfakálsins og ræktar það á rannsóknastofu í Frakklandi,“ segir Benjamin enn fremur.



Skarfakálið er af krossblómaætt og vex víða meðfram ströndum landsins.

Skarfakálið er af krossblómaætt og vex víða meðfram ströndum landsins. Íslendingar hafa notað skarfakál um aldir sér til heilsubótar, meðal annars við skyrbjúg en jurtin er rík af C-vítamíni. „Skarfakál er einnig talið gott við ýmsum kvillum eins og gigt, bjúg, og ýmsum húðsjúkdómum,“ segir á Vísindavef Háskóla Íslands.

„Við Íslendingar þekkjum þessa jurt vel,“ segir Margit Elva Einarsdóttir, þjálfari hjá Clarins á Íslandi. „Nú hefur Clarins sýnt fram á að það hjálpar til við að endurheimta ljóma húðarinnar. Nýjustu kannanir sýna að sjáanlegur munur er á húðinni eftir 10 daga notkun kremsins,“ segir Margit og líkir húðinni við tennisspaða til að útskýra virknina.

„Þegar húðin er ung er hún stinn og þétt eins og nýr tennisspaði. Við notkun slakna þræðirnir í spaðanum og eins er með húðina hún tapar þéttleika með aldrinum. Efnin í skarfakálinu ásamt hinum jurtunum í kreminu, Waltheria og Spergularia, þétta innra lag húðarinnar og hrukkur grynnka.“

Vital Light-kremin eru ný á markaðnum hér á landi. Benjamin tekur fram að rannsóknastofa Clarins hafi vottun franska heilbrigðiseftirlitsins fyrir gott starf.




„Clarins hefur verið óumdeilanlegur leiðtogi í snyrtivöruheiminum í Evrópu í yfir 20 ár sér í lagi í þróun snyrtivara sem vinna gegn öldrun húðarinnar,“ segir hann einnig.

*heida@frettabladid.is*



Á Indlandi þykir fullkomlega viðeigandi að karlar klæðist náttfötum á almannafæri. Þar eru náttföt viðurkenndur dagklæðnaður við öll tilefni.

FERÐATÖSKUR

Stór taska
verð: 15.600 kr.
Miðstærð
verð: 14.300 kr.
Lítil taska
verð: 10.500 kr.



Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

KAREN MILLEN



KÁPUR 20% AFSLÁTTUR
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS




YVES SAINT LAURENT
KYNNING Í HYGEU
SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

Bjóðum förðun fyrir þá sem kaupa 2 eða fleiri YSL vörur frá kl. 13:00 – 17:30 fimmtudag og föstudag og kl. 13:00 – 16:30 á laugardag.

Kaupaukinn þinn: YSL taska með glossi, body lotion 75 ml, ferðamaskara, farða 15 og mini púðri.



Tímabókanir í förðun s. 533 4533 og 554 3960

HYGEA
snyrtivöruverslun
Kringlan 533 4533 - Smáralind 554 3960

**Húsráð koma sér oft vel** við eldamennskuna og hér er eitt: Til að fleyta fitu af súpum eða sósu má setja klaka í klút og renna yfir yfirborðið. Fitan sest í kalda grisjuna.



# Eina pylsubúð Íslands

**Hornið þar sem Hrísateigur mætir Laugalæk hefur breyst í sælkeratorg. Ásamt 10-11 eru þar bakaríið Kornið, bændaverslunin Frú Lauga, Ísbúðin á Laugalæk og nú hefur Pylsumeistarinn bæst við.**



Ewa og Sigurður eru sérfræðingar í pylsum. RÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Kulen frá Ungverjalandi/Svartfjallalandi.



Dönsk spægipylsa.

Þær eru kenndar við ótal lönd pylsurnar sem kjötmeistarinn Sigurður Haraldsson framleiðir og selur, ásamt sambýliskonu sinni Ewu Bernadetu Kromer, í Pylsumeistaranum að Hrísateigi 47. Þó eru þær allar íslenskar. „Við notum uppskriftir frá Þýskalandi, Ítalíu, Frakklandi, Póllandi, Danmörku, Ungverjalandi og víðar. Gerum þetta allt á gamla mátann og notum ekkert hveiti, kartöflumjöl eða soja,“ segir Sigurður. Kveðst nær einungis nota kjöt, krydd og salt í sínar vörur og sniðganga aukaefni. En hvað aðgreinir þá pylsurnar hverja frá annarri? „Það er kjötinnihaldið og meðhöndlunin, enda er mjög mismunandi verkun á þeim,“ útskýrir meistarinn. „Ef fólk vill eitthvað öðruvísi en það venjulega þá er það hérna,“ bætir hann við.

Pylsumeistarinn er fyrsta verslun sinnar tegundar á Íslandi en Sigurður hefur rekið kjötvinnsluna Kjötpól undanfarin ár og verið með vörur sínar í Pólsku búðinni í Breiðholti og í Melabúðinni.

En það er fleira að finna í Pylsumeistaranum en pylsur, meðal annars lúxusskinku, lifrarkæfu, hreint nautahakk og svínssíður sem hægt er að hengja upp og skera af þegar hentar. Anganin í versluninni er ljúf og úrvalið tælandi.

gun@frettabladid.is




**1** Chorizo spænskar pylsur. **2** Veiðipylsur pólskar. **3** Ömmulund, söltuð og heitreykt svínalund sem skerst þunnt. **4** Steikarpylsur frá Póllandi. **5** Brathwurst þýskar, góðar af pönnunni. **6** Kabanosse, ítalskar pylsur er smakkast vel með osti. **7** Slim Jims, amerískar snakkpylsur úr 100% nautakjöti og einstaklega góðar með öli.



Salami sérhönnuð af Sigurði.



Svínakjötssulta, góð með sinnepi.



Ítölsk Napólípylsa. Ekta álegg.



Vanillustöng er fræbelgur af brönugrasategund sem hefur fengið ákveðna meðhöndlun. Vanilla frá Madagaskar er algengust og þykir einna best. Vanillustengur sem notaðar eru í drykki og súpur má þurrka og nota aftur því bragðið endist ótrúlega vel og vanilluolía er yfirleitt svo sterk að ekki þarf nema örfáa dropa af henni.
Vanilla er meðal annars notuð í bakstur, eftirrétti, drykki og sælgæti.

**Heimild/maturinn.com**

Kynning

# Japanskir dagar á veitingastað 101 Hótels

**Japönsk nestisbox öðlast nýja merkingu í meðförum Gunnvants Ármannssonar, yfirkokks 101 Hótels. Boxið er partur af japönskum matseðli sem boðið verður upp á um helgina.**

Japanar og Íslendingar eru eyþjóðir sem sækja mikið af sinni björg úr djúpunum. Þó virðast Japanar hafa verið töluvert lunknari gegnum tíðina við að gera eitthvað gómsætt úr sínu sjávarfangi. Á meðan Japanar lærðu að töfra fram ótrúlegustu rétti gerðu súrsun og aðrar íslenskar hefðir lítið til að bæta bragð hráefnisins. En það er aldrei of seint að læra.

Á veitingastað 101 Hótels verða japanskri matargerðarlist gerð góð skil dagana 10. til 13. mars. Þetta er í annað sinn sem japönsk áhrif leggja undir sig eldhúsið, en í fyrra mæltist tilbrigðið afar vel fyrir. „Síðast fengum við japanska kokkinn Akira Okada til liðs við okkur og var honum afar vel tekið,“ segir Gunnvant Ármannsson, yfirkokkur á 101 Hóteli. „Við fengum svo fjölda áskorana í ár að endurtaka leikinn og hafa aftur japanska daga. Við höfum ákveðið að verða við því og höfum sett saman matseðil með japönskum réttum.“

Bentoboxið er einn af uppáhaldsréttum Gunnvants. „Bentoboxið var upphaflega japanskt nestisbox. Því er skipt í minni hólf og hýsir hvert hólf sinn rétt,“ segir Gunnvant. „Þessir réttir geta verið hvað sem er. Sushi, tempura-réttir, núðlur, shiitaki-sveppir, eða hvaðeina sem kokkinum dettur í hug.“

**Matseðillinn er eftirfarandi:**

- Edamame með sjávarsalti.
- Misosúpa með engifer, tofu og spínati.
- Nautataki með shiitake-sveppum.
- Mjúkskeljakrabbi tempura með sesamsteiktum núðlum.
- Bentobox með rækju og mangó öfugrúllu, lúðu nigiri, spicy surimi hosomaki, laxa sashimi.
- Græntes- og engifer-ostakaka með ávaxtasalati og plómusírópi.

Bentoboxið er jafnan á matseðlinum á 101 í tveimur útgáfum. Eitt minna sem boðið er upp á í hádeginu og annað stærra á kvöldin. „Við völdum því að fyrir helgina svo það gefi lítils háttar yfirsýn yfir japanska matargerðalist. Ég lofa því að enginn verður svikinn af því.“

Borðapantanir á 101 Hóteli fara fram í síma 5800-101 og vonast Gunnvant eftir að sem flestir komi og kynni sér japanska matargerðarlist á 101 Hóteli næstu daga.



Barinn á 101 Hóteli er opinn til eitt um helgar og tilvalið að staldra við eftir matinn og fá sér drykk.



Veitingastaður 101 Hótels hefur fest sig í sessi sem einn af mest spennandi veitingastöðum borgarinnar.



Bentoboxið er fullkomið fyrir þá sem vilja kynnast japanskri matargerðarlist.



Bjarni Óli Haraldsson matreiðslumeistari og starfsfólk Veislunnar leggja ríka áherslu á góða þjónustu. MYND/VALLI



Veislan hefur yfir tveimur glæsilegum, fullbúnum veislusölum að ráða.



Allur matur og bakstur er útbúinn frá grunni á staðnum.

# Allt til veisluhalds á einum stað

**Veislan er alhliða veisluþjónusta sem býður upp á veislumat, smurbrauð og kökur í stórar sem smáar veislur. Fyrirtækið hefur auk þess yfir tveimur veislusölum að ráða og útvegar allan tilheyrandi búnað.**

Hjá Veislunni er hægt að fá allt til hvers kyns veisluhalds á einum stað. Þar starfa matreiðslumenn, bakarar, smurbrauðsfólk og þjónar auk þess sem fyrirtækið heldur úti tveimur fullbúnum veislusölum.

„Við þjónustum bæði einstaklinga og fyrirtæki og höfum til umráða sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni og sal félagsheimilisins á Seltjarnarnesi Við tökum að okkur hvers kyns veislur og útbúum jafnt kaldan sem heitan mat. Við getum útvegað dúka, borðbúnað, drykki skreytingar, og skemmtikrafta svo það ætti ekki að vera þörf á því að leita annað með neitt sem viðkemur veisluhaldi,“ segir Bjarni Óli Haraldsson matreiðslumaður og einn fjögurra eigenda Veislunnar. Hann segir þó líka talsvert um að fólk panti hluta af veitingunum og sjái um restina sjálft. „Það er allur gangur á því og sumir panta hjá okkur staka tertu, kransaköku, kaffisnittur, brauðtertur, smurbrauð eða hluta úr veisluborði. Við sendum í heimahús, fyrirtæki og sali og getum auk þess útvegað þjónustufólk sé þess óskað.“

Bjarni segir Veisluna hafa þá sérstöðu að vera með eigin bakarí og er því allur matur og bakstur útbúinn frá grunni á staðnum. Hann segir mest að gera í bakaríinu og smurbrauðsdeildinni á virkum dögum en að meira sé um matarveislur um helgar. Hann segir starfið skemmtilegt og einstaklega gefandi.

„Það eru engir tveir dagar eins enda er það kúnninn sem segir okkur hvað við eigum að gera en ekki öfugt. Verkefnin eru því jafn fjölbreytt og þeir.“ Hann segir jafnvel koma fyrir að pantanir berist með mjög skömmum fyrirvara. „Þær geta til dæmis verið frá fyrirtækjum sem ákveða skyndilega að halda fund en þá leggjast allir á eitt enda gefum við okkur út fyrir að geta bjargað málum.“

Fermingartörnin er á næsta leiti og er Bjarni fullur tilhlökkunar. „Við getum tekið að okkur veisluna eins og hún leggur sig en einnig komið inn í einstaka þætti, allt eftir óskum hvers og eins. Það sama á við um brúðkaupsveislurnar sem eru handan við hornið sem og aðrar veislur.“

## FRÓÐLEIKSMOLAR



- Veislan var stofnuð árið 1988 en núverandi eigendur tóku við fyrir rúmum níu árum. Fyrirtækið byggir því á traustum grunni og búa starfsmennirnir yfir áralangri reynslu.
- Eigendur Veislunnar eru þau Bjarni Óli Haraldsson, Árný Davíðsdóttir, Ísak Runólfsson og Andrea Þóra Ásgeirsdóttir
- Veislan er með stórt eldhús að Austurströnd 12 og afgreiðir allan heitan og kaldan mat. Þar er einnig bakarí og smurbrauðsdeild auk þess sem fyrirtækið hefur yfir tveimur fullbúnum veislusölum að ráða.
- Smurbrauðsdeildin hefur verið til frá upphafi en þar er ýmist hægt að panta hefðbundið smurbrauð, tapas- og smáréttasnittur svo dæmi séu nefnd.
- Veislan útvegar borðbúnað, dúka, skreytingar, drykki og þjónustufólk sé þess óskað.


# Fermingartilboð Veislunnar

### Kaffihlaðborð:

Fermingarmarsipanterta (bók með áletrun), Jarðarberjakókostertur, Súkkulaðitertur, 2 teg. brauðtertur (m/lax og rækjum og m/skinku og hangikjöti). Heitir brauðréttir með skinku og aspas, 5 teg. kaffisnittur (m/rækjum, laxarós, egg og síld, roastbeef og skinku).

Verð pr. mann 2.080,-
Með kransaköku verð pr. mann 2.520-

### Fermingarmatseðill 1

Matreiðslumenn Veislunnar verða með á staðnum og sjá um framsetningu borðsins.

**Kaldir réttir:**
Graflax með dillsósu
Reyklaxa- mosaik með sítrónusósu
Roastbeef með djúpsteiktum lauk,
Mexíkóskir kjúklingaleggir með salsasósu
Kartöflusalat, eplasalat, ferskt salat, nýbökuð brauð, kartöflustrá, remúlaði og smjör

**Heitir réttir:**
Reykt grísasteik með sinnepssósu
Sykurbrúnaðar kartöflur

Verð pr. mann 3.600, -

### Fermingarmatseðill 2

Allt af hlaðborði. Við komum á staðinn og stillum veitingunum uppá tilbúin borð.

**Kalt:**
Sjávarrétta- pastasalat, sveitapaté með rifsberjahlaupi, reykt svínasteik með eplasalati kalkúnasalat með fetaosti, rauðlauk og ólífum

**Heitt:**
Villikryddaður lambapottréttur með melónum og vínberjum

**Meðlæti:**
Sítrónusósa, hrísgrjón, ferskt salat, brauð og smjör

Verð pr. mann 3.290,-

### Fermingarmatseðill 3

Allt af hlaðborði. Við komum á staðinn og stillum veitingunum uppá tilbúin borð.

**Kalt:**
Pastasalat með kalkún, appelsínu og engifer
Ostagrænmetisbaka „Quiche" með tzaziki sósu
Veislusnittur 3 tegundir með: lax, kókosrækjum, salami.
Kartöflusalat, kjúklingasalat.
Blandað brauðaúrval, tapinade, pestó og olíur.

**Heitt:**
Mexíkó- kjúklingaleggir

Verð pr. mann 2.960,-

Veitingar eru á fötum, í skálum og í öðrum viðeigandi búnaði. Kíkið endilega á heimasíðuna okkar **www.veislan.is**. Öll verð eru stgr.verð með VSK.

**Borðbúnaður fylgir frítt með veitingum**

Handverksbakarí - Veislueldhús - Smurbrauðstofa

Veislan - Austurströnd 12 - Seltjarnarnes - Sími: 561 2031 - www.veislan.is

Sjá ítarlegri upplýsingar um matseðla á heimasíðu okkar www.veislan.is

VEISLAN VEITINGAELDHÚS



Hvítlauksristaður humar á sellerýrótarmauki með truffluangan, nauta-tataky með Dijon-soya og piri-piri-lamb á sætkartöflubeði. MYND/KRISTJÁN MAACK



Súkkulaðibollar, fylltir með ástaraldinkremi.

MYND/KRISTJÁN MAACK

# Veisla er ekki það sama og sukk

**Fyrirtækið Saffran hefur rekið veisluþjónustu á Dalvegi í Kópavogi í eitt og hálft ár og er þegar búið að sanna sig á því sviði. Áherslurnar eru þær sömu og á veitingastöðum þess í Glæsibæ og á Dalvegi, að halla sér að því sem hollara reynist.**

„Við erum trúir þeirri stefnu sem við mörkuðum okkur í upphafi að sniðganga hvítt hveiti, majones, beikon og mikið brasaðan mat,“ segir Haukur Víðisson, eigandi og framkvæmdastjóri Saffran. Fyrirtækið fagnar tveggja ára afmæli um þessar mundir því það hóf rekstur veitingastaðar í Glæsibæ um miðjan mars 2009. Síðan bætti það öðrum við á Dalveginum, ásamt veisluþjónustunni. „Þetta hefur svona vaxið hægt og bítandi,“ segir Haukur og brosir.

Starfsfólk Saffran lagar meðal annars allar marineringar og sósur sjálf. „Við höldum okkur við það sem er hollt, samkvæmt okkar bestu vitund,“ segir Haukur og tekur fram að þrátt fyrir það sé um ferskan og flottan veislumat að ræða, humar og lamb svo nokkuð sé nefnt. „Við höfum leikið okkur að því að þróa og útbúa skemmtilega og ljúffenga veislurétti sem eru líka hollir heilsunni, miðað við það sem við höfum lært í gegnum tíðina án þess að við sem vinnum hér séum næringarfræðingar eða heilsulæknar.“

Hvað skyldi svo Haukur og hans fólk nota helst til að bragðbæta með. „Við marinerum kjötið í jógúrt og skyri og notum það hráefni mikið í okkar sósur, þar sem annars væri notað majones. Jógúrt og skyr er fitulítil vara en full af próteini. Svo eru það fersk krydd sem við notum eftir smekk.

En eiga hollir réttir upp á pallborðið hjá Íslendingum þegar þeir vilja gera vel við sig? „Það er auðvitað allur gangur á því,“ viðurkennir Haukur. „Sumir eru ekkert að spá í hollustu og telja kannski að veisla sé það sama og sukk, sem er auðvitað mesti misskilningur. Fæða úr hreinum og ferskum hráefnum bragðast auðvitað konunglega ef rétt er að farið.“

Haukur segir kynin ekki virðast alveg samstíga í matarsmekk sínum. „Þeir viðskiptavinir sem hringja mest hingað eru konur sem stjórna eða sjá um deildir í fyrirtækjum og panta inn veitingar fyrir fundi. Þær eru fyrri til að kveikja á hollustunni en karlmenn en þeir hljóta að komast á bragðið.“



Oddur Smári Rafnsson, yfirmatreiðslumaður og rekstrarstjóri, Davíð Magnússon, bakari og aðstoðarrekstrarstjóri, og Eyjólfur Gísli Jónsson, yfirmaður veisluþjónustu. MYND/VALLI



## Samlokubakki Saffran

- Naanwich með SAFFRAN-kjúklingi, shiraz-salati og jógúrtsósu
- Naanloka með teriyaki-kjúklingi, grilluðu eggaldini og frisee-salati
- Naanloka með toscana-skinku, sherrýtómötum og dijon-sinnepi
- Naanloka með reyktum laxi, lárperu-rjómaosti og lollorosso-salati
- Naanloka með piri-piri-kjúklingi, papriku- og hunangslárperusósu
- Naanloka með SAFFRAN-kjúklingi, grilluðum lauk og jógúrtsósu





**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Bendikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411
og Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439.




# Fermingartilboð Nings

*Sparið vinnu og fyrirhöfn*

- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Steiktar eggjanúðlur með sesam og grænmeti
- Blandaðar sushirúllur með soya og engifer
- Steikt hrísgrjón með eggjum og grænmeti
- Svínakjöt og grænmeti í plómusósu
- Kjúklingur og grænmeti í drekasósu
- Ferskt salat fullt af góðgæti

**Verð aðeins 2490 kr. á mann**
*(miðað við 50 gesti eða fleiri)*





**Gos frá Ölgerðinni fylgir fermingar-veislum Nings**







Fermingarveislum Nings fylgir vegleg gjöf til fermingarbarnsins

*Veisluþjónusta*
## NINGS

**Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu. Sími: 588 0999 og 822 8833**
**www.nings.is**



Páskaliljur eru í blóma á fermingartímanum nú og ákaflega fallegar sem borðskraut utan um sérvéttur.



Snjöll hugmynd sem hittir alla í hjartastað er að leggja skreytta múffu á sérvíettu hvers og eins, sem lystauka.



Er fermingarstúlkan prinsessa í eðli sínu, kvenleg og blómelsk? Dekraðu við fegurðarskyn hennar með bleiku leirtaui, borðum og blómum.

Eru tvíburar af báðum kynjum að fermast? Mjúkir stráka- og stelputónar í blómum, skrauti og borðbúnaði gleðja alla viðstadda.

MYNDIR/NORDIC PHOTOS/GETTY





Páskarnir eru seint í ár og fermingar nærri vori. Því ekki að taka veisluna út í garð og bjóða upp á grillaðan kjúkling innan um vorleg blóm?

# Fögur fylgd yfir í fullorðinna manna tölu



**Fermingardagurinn er stór áfangi í lífi barns og hátíðin mesta hjá stórfjölskyldunni. Mikil ánægja felst í að undirbúa veisluna með fermingarbarninu og tjalda því fegursta sem til er, hvort sem það er hlaðið íburði eða einfaldleika.**

# Kokkinn beint heim í eldhús

**Örn Garðarsson, matreiðslumeistari og veitingamaður, rekur veisluþjónustuna Soho. Hann býður fjölbreytta veitingaþjónustu og kemur meðal annars í heimahús að elda.**

„Ég geri mikið af því að koma heim til fólks og elda. Til dæmis þegar vinahópar eða saumaklúbbar hittast og vilja gera sér glaðan dag. Ég kem þá og elda á staðnum, set matinn upp á diska og þjóna til borðs. Svo geng ég frá öllu á eftir svo það er eins og enginn hafi komið inn í eldhúsið,“ segir Örn Garðarsson, matreiðslumeistari og eigandi Soho veisluþjónustu. Hann segir fólk nýta sér talsvert að fá kokk heim í eldhús hvort sem um fámenna eða fjölmenna hópa er að ræða.

„Ég þjónusta Stór-Reykjavíkursvæðið. Á þeirri þjónustu að mæta á staðinn með græjur og elda er fast verð óháð stærð hópa. Svo er það bara hráefnið sem er misjafnt. Kostnaðurinn getur verið fjögur til fimm þúsund krónur á mann upp í átta til tíu þúsund krónur.“

Örn þjónustar einnig brúðkaup, árshátíðir og fermingar og á heimasíðu hans er að finna úrval matseðla til að velja úr.

„Ég þjónusta brúðkaup og árshátíðir um allt land. Þá sé ég um allt frá A til Ö, allan matinn, borðbúnað og þjóna. Fólk getur pantað það sem því líst á á heimasíðunni en svo sníðum við þetta einnig eftir óskum hvers og eins.



Á vefsíðu fyrirtækisins soho.is er að finna úrval matseðla og tilboða.



Veitingar eru sniðnar að óskum veisluhaldarans.



Örn Garðarsson matreiðslumeistari rekur veisluþjónustuna Soho. Soho býður meðal annars upp á þá þjónustu að koma í heimahús og elda ofan í gesti.



Soho veisluþjónusta græjar veislur frá A til Ö, mat, borðbúnað og þjóna sé þess óskað.

„Ég kem þá og elda á staðnum, set matinn upp á diska og þjóna til borðs. Svo geng ég frá öllu á eftir svo það er eins og enginn hafi komið inn í eldhúsið.“

Nú eru fermingartilboð í gangi hjá okkur og fólk getur fundið á heimasíðunni pakka sem henta. Ég er með verð á öllu inni á síðunni svo fólk veit strax að hverju það gengur og getur bara hringt beint og pantað.“

Auk þess að elda ofan í veislugesti hefur Örn einnig staðið fyrir námskeiðum í matreiðslu enda vanur maður þegar kemur að matreiðslu.

„Ég var í kokkalandsliðinu í ein tíu ár og vann sem yfirkokkur og veitingamaður á Hótel Borg og á Lækjarbrekku. Ég vann einnig á Grillinu á Hótel Sögu svo ég hef komið víða við. Ég sneri mér svo að veisluþjónustu og hef rekið Soho veisluþjónustuna frá árinu 2007,“ segir Örn og bætir við að reksturinn gangi vel.

Um helgina verður Örn með kynningu á þjónustu Soho í Garðheimum, dagana 12. og 13. mars. „Þar getur fólk fengið að smakka, tekið með sér bæklinga og talað við okkur um veislurnar.“

Örn tekur við pöntunum í síma 692 0200 eða á netfangið orn@soho.is.

Heimasíðan er www.soho.is.



**● VEISLUSAMSETNINGAR** Víða er að finna gagnlegar upplýsingar um fermingarveislur. Neðangreint er tekið saman á vefsíðunni kirkjan.is:

**ÁRVERÐUR (BRUNCH)**
- Matarmikil súpa
- Góð brauð
- Álegg
- Ávextir
- Fermingarterta

**HÁDEGISHLAÐBORÐ**
- Kaldur fiskréttur
- Kaldur kjötréttur
- Heitur kjötréttur
- Pastasalat
- Brauð
- Meðlæti með réttunum
- Fermingarterta

**KAFFIHLAÐBORÐ**
- Marsípanterta
- Marengsterta
- Súkkulaðiterta
- Brauðterta
- Snittur
- Heitur réttur

**SÍÐDEGIS- OG KVÖLDVERÐARHLAÐBORÐ**
- Tveir forréttir, til dæmis annar með fiski og hinn með kjöti
- Einn kaldur fiskréttur
- Einn kaldur kjötréttur
- Tveir heitir kjötréttir
- Pastasalat
- Meðlæti
- Fermingarterta



**● NYTSEMI OG NÁUNGAKÆRLEIKUR** Oft verða miklir afgangar eftir fermingarveislur, kökur og annað, sem fólk veit varla hvað það á eiginlega að gera við. Á það skal bent að heillaráð getur verið að búa til úr kökum skemmtilega eftirrétti með ís kvöldið eftir, eða láta náungakærleikann ráða för og gefa gestunum nesti með sér í kveðjuskyni. Svo er auðvitað alltaf hægt að frysta afgangana og borða með góðri lyst síðar meir.



**● UNGMENNAVÍGSLA** Fermingin er eins konar ungmennavígsla og sem slík er hún sennilega jafn gömul mannlegu samfélagi. Félagshópar, fjölskyldur og þjóðfélög aðgreina stöðu og hlutverk einstaklinga á margvíslegan hátt með siðum og venjum til þess að tryggja félagslega reglu og samhæfða verkaskiptingu. Unglingavígslan tengist kynþroskatímabilinu og táknar það að einstaklingurinn er ekki lengur barn heldur ungmenni sem mætir í alvöru viðfangsefnum hinna fullorðnu og öðlast bæði réttindi og skyldur. Það er eins og það sé innbyggt í samfélög manna að þessi tímamót verði eftirminnileg. Alvaran sem fylgir vígslunum undirstrikar félagslegt mikilvægi þeirra en þeim fylgir einnig hátíð og samfagnaður sem fjölskyldan og samfélagið sem slíkt á aðild að.

*Heimild: visindavefur.hi.is*





## Ostabakki - à la franskur

Dalahringur, steyptur piparostur, gráðaostur, kryddaður Havarti, hvítur Kastali og Stóri Dímon. Undirstaðan á þessum ostabakka eru ferskir ávextir, gott og frekar gróft brauð, hunang, hnetur, ávaxtamauk og portvín. Það er um að gera að prófa sig áfram með hina ýmsu osta og bragðsamsetningar.




### Stóri Dímon
Hvít- og blámygluostur. Þéttur ostur þar sem myglan er einnig inni í ostinum. Milt og rjómakennt bragð. Langt eftirbragð. Ómissandi ostur hjá öllum ostaaðdáendum. Einn af stóru ostunum frá MS.

# OSTAVEISLA FRÁ MS

## Fylltir ostar
**Gullostur** fylltur með rommlegnum rúsínum, þurrkuðum apríkósum og sultuðum fíkjum. Síðan er sætu apríkósumauki smurt yfir ostinn.
**Stóri Dímon** fylltur með fersku basil, grilluðu eggaldini og ofn- eða sól-þurrkuðum tómötum. Pinnum með ferskum tómötum, basil og steyptum ítölskum osti er síðan stungið ofan í ostinn.
**Dala-brie** með gráðaostafyllingu, þ.e. 2 msk. af stöppuðum gráðaosti ásamt 2 msk. af mascarpone-osti. Skreytið ostinn með pekanhnetum og hellið síðan hunangi yfir.

## Ostasamlokur
·Með bræddum Óðalsosti, skinku, sætu sinnepi, basil og papriku.
·Með heitum camembert, hálfum rauðum vínberjum, fínsöxuðu rósmaríni og svörtum pipar.
·Með Dala-Yrju, eggaldini og hráskinku, sýrðum rjóma og basil.

## Ostasnittur
·Með salati, krydduðu mangó, stórri ostsneið, Dalahring, tveimur risarækjum, límónu og kóríander
·Með sól- eða ofnþurrkuðum tómat, grillaðri papriku, ólífu, basillaufi, hráskinku og sneið af Dalahring.
·Með salati, sneið af hvítum Kastala, grillaðri papriku og grilluðu eggaldini.



FABRIKAN
MJÓLKURSAMSALAN



Kökuhlaðborð þarf ekki að vera flókið til að líta vel út. NORDICPHOTOS/GETTY



Alls kyns ítölsk pastasalöt henta vel í hádegisveislur.



Skemmtilegir veislubitar: ostur með saltstöngum.

# Hlaðborð hér og þar

**Veisluhlaðborð geta verið af öllum stærðum og gerðum og gaman að máta ýmis þemu við veisluna.**

● Um miðjan 9. áratug síðustu aldar sló pastað í gegn hérlendis og síðan þá hafa hinir ýmsu ítölsku pastaréttir átt upp á pallborðið í veislum enda auðvelt að útbúa stór föt af mismunandi pastasalötum í veisluna. Slíkar veislur henta sérstaklega vel í hádegisveislur og hægt er að leika sér með að blanda saman pastaréttum með sjávarréttum, kjötmeti, grænmeti og hafa mismunandi sósur með.

● Kökuveislur upp á gamla mátann eru alltaf skemmtilegar. Gamla íslenska hefðin er að snara fram stærðarinnar hnallþórum og rjómatertum og drekkja veisluborðinu í girnilegum kökum. Gott ráð til að borðið njóti sín sem best er að hafa kökurnar á misháum diskum, nokkrar á fæti og nokkrar á flötum diskum, þannig að þær sjáist allar vel og myndi fallegan heildarsvip.



● Hver man ekki eftir gömlu góðu partíplöttunum, sem voru einkar vinsælir í alls kyns gleðskap fram eftir síðustu öld. Voru þeir hafðir á Eurovisonkvöldum, í afmælisveislum fullorðna fólksins og í vinnustaðapartíum, með ostbitum, vínberjum og pylsubitum. Fortíðarfíklar ættu að reiða fram slíka platta vilji þeir skapa slíka stemningu.




● **SKEMMTILEGT KVÖLD** Fermingarbörn hafa þörf fyrir að gleðjast með vinum sem náð hafa sama áfanga. Planaðu því skemmtilegt kvöld þar sem unglingarnir fagna saman, eða bjóddu þeim í nýbakaðar pönnukökur með súkkulaðisósu, ávöxtum og rjóma að morgni. Upplagt er að leyfa fermingarbarninu að halda sitt fyrsta formlega matarboð þar sem vinirnir hjálpast að við að saxa niður salat, elda ljúffengt lasanja eða raða gómsætu áleggi á heimabakaðar pitsur. Unglingar elska fjör og nóg að borða, svo hafðu gnótt af öllu og úrval afþreyingar á borð við bíómyndir, borðspil, tölvuleiki og fleira.





● **HEILDSTÆTT OG FALLEGT TERTUBORÐ** Sumir ganga helst til langt í bakstri fyrir fermingarveislur og baka hverja sortina á fætur annarri. Hins vegar getur verið heillaráð að baka færri sortir en þá meira af hverri gerð. Þannig getur tertuborðið orðið heildstæðara á að líta. Yfirleitt eru fimm til átta gerðir hæfilegt í veislur af þessu tagi og ef pláss leyfir getur komið vel út að leggja þannig á borðið að annar helmingurinn spegli hinn.

TILVALIÐ Í AFMÆLIÐ, VEISLUNA, PARTÝIÐ EÐA HVAÐ SEM ER!

# VEISLU-BAKKAR

## FRÁ KFC OG TACO BELL

**Fyrir 20–30 manns**

**Aðeins kr. 19.690 veislan**

### A

- 30 Hot Wings bitar
- 30 Crispy lundarbitar
- 20 Melts BBQ sneiðar
- 20 kjúklinga Quesadilla sneiðar
- 20 kjúklinga Gorditur
- 8 tegundir af sósum

### B

- 30 Hot Wings bitar
- 20 Gordida Baja
- 15 mjúkar Taco's
- 20 kjúklinga Quasedilla sneiðar
- 15 steikar Taquito's bitar
- 20 Crispy lundarbitar
- 8 tegundir af sósum

### C

- 30 Hot Wings bitar
- 20 Spicy kjúklinga Taco's
- 20 Melts Sweet Chili sneiðar
- 30 Jalepeno kjúklinga Melts sneiðar
- 15 Spicy kjúklinga Taquitos bitar
- 15 steikar Taquito's bitar
- 8 tegundir af sósum

**PANTIÐ Í SÍMA 555 0828**

KFC

TACO BELL

www.kfc.is

www.tacobell.is

Vinsamlegast pantið með 4 tíma fyrirvara eða daginn áður ef pantaðar eru margir bakkar.

# ÓDÝR HEIMILISTÆKI

## ÞVOTTAVÉLAR ÞVOTTAVÉLAR ÞVOTTAVÉLAR ÞVOTTAVÉLAR



BEKO

**Beko WML15106**
1000 snúninga og 5kg ÞVOTTAVÉL með 30-90° hita, 30sm hurð, ullarkerfi, skolstoppi, hraðkerfi, þvotthæfni A, orkunýtni A, vinduhæfni C. Stærð (bxhxd): 60x85x60sm.

TILBOÐ **69.995**
FULLT VERÐ 79.995



Whirlpool

**Whirlpool AWO3760**
1400 snúninga og 6kg ÞVOTTAVÉL með rafeindastýrðum kerfisveljara og hitastilli, 47 lítra tromlu, ullarkerfi, hraðkerfi, handþvottakerfi, þvotthæfni A, orkunýtni A, vinduhæfni B. Stærð (bxhxd): 59,5x85x54sm.

TILBOÐ **84.995**
FULLT VERÐ 94.995



Bauknecht

**Bauknecht WAK9777**
1400 snúninga og 7kg ÞVOTTAVÉL með rafeindastýrðum kerfisveljara, Dynamic Intelligence, ullarkerfi, hraðkerfi, handþvottakerfi, þvotthæfni A, orkunýtni A+, vinduhæfni B. Stærð (bxhxd): 85x60x60m.

TILBOÐ **99.995**
FULLT VERÐ 114.995

## ÞURRKARAR ÞURRKARAR ÞURRKARAR ÞURRKARAR



BEKO

**Beko DV1160**
6kg ÞURRKARI fyrir barka. 8 stillingar. Orkunýtni C.

TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ 59.995



BEKO

**Beko DCU1560**
Tvíátta barkalaus 6kg ÞURRKARI með rakaskynjara, krumpuvörn, 8 stillingum, 104 lítra tromlu og orkunýtni C.

TILBOÐ **74.995**
FULLT VERÐ 89.995



Whirlpool

**Whirlpool AWZ8460**
Tvíátta barkalaus 6kg ÞURRKARI með rakaskynjara og með 6th Sense, köldum blæstri, vatnstanki uppi og orkunýtni B.

TILBOÐ **94.995**
FULLT VERÐ 134.995

## UPPÞVOTTAVÉLAR UPPÞVOTTAVÉLAR UPPÞVOTTAVÉLAR



BEKO

**Beko DUN1303**
60sm UPPÞVOTTAVÉL með 3 kerfum, lætur vita ef gljáefni vantar, þurrkar með hita frá elementum, vatnsflæðivörn, þvottahæfni A, orkunýtni A og þurrkgeta B. Stærð: (hxbxd): 82x60x55sm.

TILBOÐ **79.995**
FULLT VERÐ 84.995



Whirlpool

**Whirlpool ADPY1110HV**
60sm UPPÞVOTTAVÉL til innbyggingar með 5 kerfum, 4 hitastigum, sjálfhreinsandi síu, vatnsflæðivörn, stillanlegri hæð á efri grind, þvottahæfni A, orkunýtni A og þurrkgeta A. Stærð: (hxbxd): 59,7x82x57sm.

TILBOÐ **89.995**
FULLT VERÐ 109.995



CANDY

**Candy CDF 8312X**
60sm og 12 manna uppþvottavél með þurrkgetu A, orkunýtni A og þvottahæfni A. Hljóðlát 48dB. Stál.

TILBOÐ **99.995**
FULLT VERÐ 109.995

## KÆLISKÁPAR KÆLISKÁPAR KÆLISKÁPAR



Whirlpool

**Whirlpool WBE3412WF**
187sm KÆLISKÁPUR með 228 lítra kæli og 119 lítra frysti. Orkunýtni A. Mál (hxbxd): 187,5x59,5x64sm.

TILBOÐ **89.995**
FULLT VERÐ 109.995



scan domestic

**Scandomestic SKF220**
144sm KÆLISKÁPUR með frysti og 5 glerhillum í kæli. 167 lítra kælir og 45 lítra frystir. Orkunýtni A. Mál (hxbxd): 144x55x60sm.

TILBOÐ **59.995**
FULLT VERÐ 79.995



scan domestic

**Scandomestic SKS150**
85sm KÆLISKÁPUR með 130 lítra kæli og orkunýtni A. Mál (hxbxd): 85x55x57sm.

TILBOÐ **44.995**
FULLT VERÐ 59.995

**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu í Víkur - eða Staðahverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

Reglusöm kona á miðjum aldri óskar eftir litlili íbúð miðsvæðis í Reykjavík uppl: 897 0975.

## Sumarbústaðir

Ónotað ca. 15 fm gestahús til sölu. Afhendist í RVK. Tilboð óskast. S. 857 7227.

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 8993760

## Geymsluhúsnæði

**FRYSTIGEYMSLUR**
**Vantar þig að láta geyma í frysti? Erum með útleigu á frystiplássi fyrir bretti, getum tekið allt að 100 bretti. Aðgangur að geymslum alla daga. Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 690 3408**

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500



**Tækifæri**
Aukavinna eða fullt starf.
Frjáls vinnutími
S. 821 4445.

Vantar áræðanlegan og duglegan starfskraft til að hugsa um börn ásamt léttum húsverkum, sem fyrst. S: 659 9508.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl. 06-13. Möguleiki á helgarvinnu. Framtíðarvinna. Uppl. í s. 551 1531, f.h. Ingunn, eða á staðnum fyrir hádegi. Björnsbakarí, við Skúlagötu.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**e-catz.com: Fjárfestar óskast**
e-catz.com er stefnumóta- og samskiptavefur fyrir einhleypa kattaeigendur, líklega sá eini sinnar tegundar í heiminum. Nánari uppl. á e-catz.com (investors).

## Einkamál


**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Gefðu vatn**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vinna við ræstingar**

Sólarræsting leitar eftir samviskusömu, námkvæmu fólki til að vinna við ræstingar.

- Viðkomandi verður að geta talað einhverja íslensku eða ensku
- Reynsla af ræstingum kostur

Hægt er að fylla út umsókn á skrifstofu Sólar milli kl 9-11 og 13-16, Kleppsmýrarveg 8, sími 581-4000

SÓLAR



## Atvinna

**CAFÉ PARIS**
*Í hjarta borgarinnar, þar sem fólkið hittist*

**óskar eftir veitingastjóra**

Café París, eitt af stærri og fjölsóttustu kaffihúsum og matsölustöðum höfuðborgarinnar, leitar að einstaklingi í starf veitingastjóra. Um fullt starf er að ræða. Staðan felur í sér töluverða ábyrgð og er annasöm. Óskað er eftir menntuðum þjóni eða einstaklingi sem hefur víðtæka reynslu af stjórnun á veitingahúsi. Umsækjandi þarf að vera reyklaus.

Vinsamlegast sendið inn umsóknir á cafeparis@cafeparis.is
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.






## Tilkynningar

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunnamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

**Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga er auglýst niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:**

**Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Hveramýri úr landi Garðs í Hrunamannahreppi**

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti þann 7. október 2010 deiliskipulag frístundabyggðarinnar Hveramýri úr landi Garðs. Tillagan var auglýst til kynningar 18. mars 2010 með athugasemdafresti til 30. apríl. Tvær athugasemdir bárust á kynningartíma en önnur þeirra var dregin tilbaka. Deiliskipulagið var samþykkt óbreytt að lokinni auglýsingu. Deiliskipulagið hefur fengið afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1007 m.s.br. og mun auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtast í B-deild stjórnartíðinda fimmudaginn 10. mars 2011. Hægt er að nálgast athugasemdir og umsögn um þær á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni eða með því að senda tölvupóst á petur@sudurland.is.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulag:**

1.
**Deiliskipulag fyrir 6,8 ha spildu úr landi Neistastaða í Flóahreppi.**
Um er að ræða 6,86 spildu vestan við bæjartorfu jarðarinnar Neistastaðir með aðkomu um núverandi heimkeyrslu frá þjóðvegi. Á spildunni er gert ráð fyrir 2.300 byggingarreit þar sem heimilt verður að byggja allt að 400 fm einbýlishús og allt að 1000 fm bílskúr og hesthús.

**Samkvæmt 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:**

2.
**Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness við Kiðhólsbraut, Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Kiðhólsbraut úr landi Öndverðaness. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir fimm nýjum lóðum að stærðinni 5.400 fm hver. Gert er ráð fyrir sameiginlegri rotþró fyrir þessar nýju lóðir á horni Kiðhólsbrautar og Skógarholts.

3.
**Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Auglýst að nýju tillaga að breytingum á skilmálum frístundabyggðar í landi Ásgarðs á svæði sem afmarkst af Búrfellslæk, Sogi, Álftavatni og landamörkum við Miðengi. Samkvæmt gildandi skilmálum er heimilt að reisa allt að 120 fm frístundahús á hverri lóð en með breytingu er gert ráð fyrir að hámarksbyggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0.03, þ.e. um 150 fm fyrir lóð sem er 0,5 ha að stærð og um 225 fm ef lóðin er 0.75 ha. Á lóðum sem eru minni en 0,4 ha miðast hámarksbyggingarmagn þó við við 120 fm. Á hverri lóð verður heimilt að reisa frístundahús og allt að tvö aukahús.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 10. mars til 22. apríl 2011.**
**Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 22. apríl 2011 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins fresta, telst vera samþykkur henni.**

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

**Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1.
**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 á spildu úr landi Efra-Apavatns, Bláskógabyggð.**
Í tillögunni felst að um 18 ha svæði sem skilgreint er sem svæði fyrir frístundabyggð breytist í landbúnaðarsvæði. Svæðið er hluti af um 65 ha spildu þar sem stofnað hefur verið lögbýlið Skógarhlíð. Hluti svæðisins verður nýtt undir skógrækt með samningi við Suðurlandsskóga en hluti svæðisins verður nýtt undir frístundahúsalóðir. Á því svæði sem skilgreint verður sem landbúnaðarsvæði er fyrirhugað að reisa mannvirki í tengslum við skógrækt lögbýlisins, þ.e. íbúðarhús og skemmu.

**Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

2.
**Deiliskipulag frístundalóðar í Tungufellsdal landnr. 167035 í Hrunamannahreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi sem nær yfir landsspildu í Tungufellsdal með landnr. 167035 sem liggur að ármótum Svartár og Dalsár. Á lóðinni er í dag gamalt 30-40 fm hús (220-4230) sem er orðið mjög lélegt. Samkvæmt fasteignamati er lóðin 1 ha að stærð en skv. mælingu sem gerð var vorið 2010 er landuð um 1,62 ha. Tilllagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að reisa nýtt 60 fm frístundahús á einni hæð sem reist yrði nokkuð innar í spildunni en núverandi hús. Gert er ráð fyrir að eldra hús verði fjarlægt samhliða uppbyggingu á nýju húsi.

3.
**Deiliskipulag fyrir íbúðarhús á jörðinni Suðurkot í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi hluta jarðarinnar Suðurkots í Grímsnes- og Grafningshreppi. Jörðinni hefur verið skipt í 10 séráfnotahluta og tvo sameignarhluta, en deiliskipulagið nær eingöngu yfir nyrsta hluta eins af 10 sérafnotahlutum. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að innan skipulagssvæðisins verði heimilt að reisa allt að 200 fm heilsárshús og allt að 50 fm aukahús.

4.
**Deiliskipulag fyrir frístundahúsalóð úr landi Neðra-Apavatns í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir nýja 6.873 fm lóð úr landi Neðra-Apavatns lnr. 169324 við Fannalæk, þar sem heimilt verður að byggja allt að 150 fm sumarhús, kjallara, hæð og svefnloft ásamt 40 fm gestahúsi.

5.
**Deiliskipulag frístundabyggðar við Eyrarveg úr landi Syðri-Reykja í Bláskógabyggð.**
Auglýst að nýju tillaga að deiliskipulagi þriggja frístundahúsalóða í landi Syðri-Reykja við Eyrarveg. Skipulagssvæðið er 31.180 fm að stærð og er gert ráð fyrir tveimur 5.000 fm lóðum og einni 20.780 fm. Húsin skulu ekki vera stærri en 300 fm og á lóðunum er heimilt að reisa geymslu, svefn- eða gróðurhús, ekki stærri en 30 fm. Hámarksnýtingarhlutfall er 0.03. Aðeins er heimilt að reisa eitt hús ásamt útihúsi innan hvers byggingareits.

**Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:**

6.
**Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Illósveg og Austurveg í landi Austureyjar I í Bláskógabyggð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóða við Illósveg 2 og Austurveg 1, úr landi Austureyja I. Í breytingunni felst að til verða 6 lóðir á bilinu 0,5 - 1,3 ha í stað þriggja skv. gildandi deiliskipulag. Ekki eru gerðar breytingar á skilmálum deiliskipulagsins.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 10. mars til 22. apríl 2011. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 22. apríl 2011 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins fresta, telst vera samþykkur henni.**

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps


**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** dubba upp, **6.** frú, **8.** þjófnaður, **9.** pfn., **11.** guð, **12.** árás, **14.** rými, **16.** hvað, **17.** samræði, **18.** hylli, **20.** gelt, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útmá, **3.** rún, **4.** verkfæri, **5.** flana, **7.** skrapast, **10.** væl, **13.** óhreinindi, **15.** halli, **16.** rámur, **19.** á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** nýja, **6.** fr, **8.** rán, **9.** mig, **11.** ra, **12.** ásókn, **14.** pláss, **16.** ha, **17.** mök, **18.** ást, **20.** gá, **21.** stál.

**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** ýr, **4.** járnsög, **5.** ana, **7.** rispast, **10.** gól, **13.** kám, **15.** skái, **16.** hás, **19.** tá.






# Loftlausa fólkið

BAKÞANKAR
Sigríðar Víðis Jónsdóttur



Við tölvuskjá um morgun situr svefndrukkin manneskja með bauga undir augum, axlirnar stífar, andlitið fölt. Morgunþreytan liggur eins og mara yfir skrifstofunni, syfjaður starfsmaður teygir sig skjálfhentur í kaffibolla. Enn er dimmt úti, ætlar aldrei að birta?

**Á SAMA** tíma, í sömu götu, er leikskólabörnum skutlað út í snjóinn. Dúðuð upp fyrir haus fljúga börnin eitt af öðru út um dyrnar – minnstu krakkarnir lappastuttir, flísklæddir dvergar sem velta hnöttóttir áfram. Út með ykkur kæru börn, það er svo hollt að viðra sig! Í nálægum grunnskóla hópast glaðleg börn með rauðar kinnar inn úr snjónum.

**FÓLKIÐ** á skrifstofunni vinnur innivinnu eins og flestir fullorðinna á Íslandi. Fer ekki út allan liðlangan daginn og fær sér einungis meira kaffi þegar þokumóðan þéttist. Börnin eru á hinn bóginn skikkuð út í ferska loftið nokkrum sinnum yfir sinn vinnudag. Enda alkunna að annars slokknar hreinlega á þeim. Svo eru foreldrarnir hissa á því að þeir sjálfir séu búnir á því í lok dags, morknir af inniverunni? Þetta er rugl. Börnin hafa auk þess þegar súrefnisforskot á þá sem eldri eru – þau eru mun líklegri til að ganga og hjóla í skólann en foreldrarnir í sína vinnu.

**Í ÞAU** fáu skipti sem ég sjálf hef bíl til umráða verð ég vör við merkjanlegan mun á eigin virkni og vellíðan. Þá ek ég í vinnuna „því ég er með bílinn" og sest svo grútsyfjuð niður við tölvuna – ekki enn vöknuð því ég er ekki búin að fá ferska loftið sem ég fæ á hjólinu. Lufsast enn slappari heim í lok dags. Það besta við að hjóla er ekki endilega að spara tugþúsundir í hverjum mánuði heldur að fá blóðið af stað og koma frísk aftur heim úr vinnu.

**ÞAÐ** tók mig vandræðalega mörg ár að átta mig á beinu samhengi eigin vellíðunar, framleiðslugetu og þess að byrja og enda vinnudaginn á útiveru. Enn lengri tíma tók að átta mig á mikilvægi þess að skjótast út í hádeginu þegar skammdegið er sem mest og líta aðeins framan í daginn. Frænka mín fer iðulega í birtugöngutúra eftir hádegismat, annars er sólin löngu horfin þegar hún snýr aftur heim úr vinnu. Það er engum holt að sjá aldrei bjartan dag.

**ÖNUGT** fólk í ábyrgðarstöðum á vitanlega að skikka út í ferska loftið eins og litlu krakkana, freista þess að viðra úr því fúllyndið – og auka afköstin. Við gætum byrjað á frímínútum og skipulögðum birtugöngutúrum á Alþingi.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
8BLS
BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SONY
TOSHIBA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




GRÍSAVEISLU **FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**
**798** KR.kg

## FERSKUR KJÖRFUGL
FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS



FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
**659** KR.KG.




**NAUTA/GRÍSAHAKK BLANDAÐ**
**898** KR.kg



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
**FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBAFILLET**
Frábært verð: **2998** kr.kg



FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1898** KR.KG.

## MANGÓLAMB




Pataks-mangókryddað úrbeinað og snyrt lambalæri í álbakka tilbúið í ofninn
Frábært verð: **1998** kr.kg



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSINN LAMBAHRYGGUR**
**1398** kr.kg

**Sérskorið Bónus lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!



BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ **LAMBALÆRI**
**1359** kr.kg



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI**
**1198**.kg



HIMNESKT



SOLLU LÍFRÆNT
**SPELTHVEITI**
**398** 1000g



SOLLU LÍFRÆNT
**HVEITIKÍM 500g**
**259** 500g



SOLLU LÍFRÆNT
**AGAVESÝRÓP**
**598** 425ml



**KF SPARHAKK**
**359** KR.620g



200 kr. VERÐLÆKKUN

**NF. FROSIN GRÆNMETISBUFF**
Verð nú **798** kr. 1.kg

200 kr. VERÐLÆKKUN




**KF HANGIÁLEGG Í SNEIÐUM**
**1998** KR.KG.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
CHICAGO TOWN
TAKEAWAY
SAUCE FILLED CRUST
FIVE CHEESE PIZZA
CHICAGO TOWN 498 KR. TAKE AWAY
CHICAGO TOWN PIZZA, FIMM OSTATEGUNDIR, SÓSA OG MJÚKUR BOTN 635g
PEPSI MAX
PEPSI
Egils APPELSÍN
PEPSI - PEPSI MAX - APPELSÍN
89 KR. 500ml.
Pizzaostur
PIZZAOSTUR
295 KR. 200g
Florida
BÓNUS
BÓNUS FLORIDASAFI 1 LTR.
195 KR. 1 LTR.
BRAUÐ Á GÓÐU VERÐI
MÁ FRYSTA
BÓNUS
198
KR. 26 sneiðar
BÓNUS KORNBRAUÐ 1000g
Pizza dej/deg
FERSKT PIZZADEIG 400g
295 KR. 400g
18
598
KR. PK
BÓNUS WC PAPPIR 18x200 BLÖÐ
3600 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
ÍSLENSKUR
IÐNAÐUR
6
598
KR. PK
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6x60 BLÖÐ
360 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
BÚRFELL
BÚRFELLS TAÐREYKT HANGIÁLEGG 143g
398 KR. PK.
BÚRFELL
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g
298 KR. 12 SNEIÐAR
FJÖLKORN
1/2 FJÖLKORNABRAUÐ
129 KR. 385g
WHEAT ROLLS
SMÁ BAGUETTER
FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK.
198 KR.450g
BÓNUS Rækjusalat
BÓNUS Túnfisk salat
BÓNUS RÆKJUSALAT TÚNFISKSALAT
198 KR. 200g
Barilla
SPAGHETTI n.5
1Kg
BARILLA SPAGHETTI 1 KG.
259 KR. 1000g
Góður tilbúinn matur fyrir 3-4
Aðeins
998 kr.
bakkinn
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK.
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS HEILSURÉTTUR
Coca-Cola
Coca-Cola zero
Coca-Cola light
COCA COLA KIPPUR
745 KR.
4 flöskur x 2 ltr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

! **KÓR MH Í HÁTEIGSKIRKJU** Kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngur við messu í Háteigskirkju á sunnudag klukkan 11. Blásarar úr hópi kórfélaga leika á hljóðfæri sín og Kári Allansson leikur á orgelið. Stjórnandi kórsins er Þorgerður Ingólfsdóttir. Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari. Að messu lokinni verður boðið upp á léttan hádegisverð í safnaðarheimilinu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 10. mars 2011**

**➜ Tónleikar**

**21.00** Í kvöld stígur á svið Sódómu Reykjavíkur „tribute-band" sem flytur lög íslensku pönksveitarinnar Purrkur Pillnikk. Húsið opnar kl. 21. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Gítartríóið Guitar Islancio leikur á Kaffihúsinu á Álafossi í kvöld og hefjast tónleikarnir kl. 21. Miðasala fer fram við innganginn.

**➜ Námskeið**



**21.00** Jörmundur Ingi fyrrum alsherjargoði og núverandi herratískumógúll mun standa fyrir námskeiði í skóhirðu á Faktorý í kvöld klukkan 21. Snyrtilegur klæðnaður, óhirtir leðurskór og vandað framferði er skilyrði. Aðgangur er ókeypis. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# GRÆÐGI DREPUR

Leikhús ★★★★

**Allir synir mínir**

Þjóðleikhúsið

**Höfundur:** Arthur Miller. Leikstjóri: Stefán Baldursson. Leikarar: Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Björn Thors, Edda Arnljótsdóttir, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Hannes Óli Ágústsson, Jóhann Sigurðarson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir.



Frumsýning í Þjóðleikhúsinu á föstudaginn. Án Íbsen enginn Miller, alla vega eru áhrifin sterk og leikritið „Allir synir mínir" mjög svipað nokkrum verkum norska skáldrisans.

Leikritið „Allir synir mínir" er hér flutt í leikstjórn Stefáns Baldurssonar sem velur fremur hefðbundna nálgun með raunsæjum leik. Leikmyndina gerir Grétar Reynisson og er í henni hið eina raunverulega brot við raunsæið þar sem húsakynnin og veröndin er í leikmyndinni vængur flugvélar. Þetta er tákn hinnar undirliggjandi sorgar og þess lygavefs sem fjölskyldan lifir í. Hér er mikið fjölskyldudrama þar sem örlagasögur allra persónanna fléttast inn í atburðarásina. Falleg fjölskylda í fullkomnu húsi. Ríkidæmi sem byggir á stríðsgróða. Leikurinn hefst á því að von er á Ann kærustu Larrý. En Larrý fórst í stríðinu þó svo að móðirin neiti að viðurkenna það. Það er eldri bróðirinn Chris sem boðið hefur henni heim en þau hafa ruglað saman reytum. Faðir Ann situr í fangelsi fyrir glæp sem hann framdi sem starfsmaður Joe Keller í stríðinu, seldi gallaða varahluti í flugvélar sem varð til þess að 21 ungur maður lét lífið. Þaðan kemur titillinn „Allir synir mínir".

Spurningin um þátt Joe í glæpnum liggur í loftinu en hann er afhjúpaður að lokum. Bróðir Ann kemur eftir að hafa heimsótt föður sinn í fangelsið og varpar sprengju inn í samkomuna. Faðirinn Joe ver sig með því að halda því fram að það hafi verið ástin á fjölskyldunni sem stjórnaði gjörðum hans. Samviskan lætur á sér kræla en hann vinnur ötullega í því að leyfa rödd hennar ekki að hljóma.

Varnarræða hans verður hjóm eitt í samanburði við fórnirnar, alla ungu drengina sem fórust í stríðinu. Joe Keller velur að horfast ekki í augu við gjörðir sínar hérna megin landamæra lífs og dauða. Jóhann Sigurðarson leikur þennan kraftmikla en kjarklitla föður. Nærvera hans og nálgun er mikilfengleg um leið og hann er alltaf á barmi hins bannaða.

Guðrún Snæfríður Gísladóttir fer með hlutverk Kate, eiginkonu Joe. Meðvirkni er driffjöður allra gjörða hennar og það sýnir Guðrún snilldarlega í samskiptum við alla þá sem fyrir koma í verkinu; hún missir aldrei sjónar á því að feluleiknum er ekki lokið. Stóra þema verksins er vitaskuld það sem við öllum vitum en lærum svo seint: illa fengið fé leiðir alltaf til ógæfu að lokum, en segja mætti líka að þema í þessari uppfærslu væri meðvirkni og lífslygi.

Syninum sem eftir er heima kynnumst við gegnum Björn Thors. Einnig þessi persóna, Chris, er meðvirknifórnarlamb sem brýst út úr fastmótuðu fjölskylduhlutverki sínu. Frábær leikur í einu orði sagt. Kærastan Ann sem Arnbjörg Hlíf Valsdóttir leikur, birtist eins og álfamær, en sýnir fljótlega að talsverður kraftur er í henni og að eins og aðrir ber hún sitt eigið leyndarmál. Arnbjörg hefur sterka útgeislun og nærveru. Með því að hún afhjúpar sitt leyndamál, það er hvernig Larrý dó í raun og veru, leysist lygavefurinn upp. Bróðir Ann, ungur lögfræðingur mjög skaddaður úr stríðinu, sem hafði alist upp í næsta húsagarði, birtist til þess að afhjúpa þátt Joes í hinum meinta glæp föður hans. Atli Rafn Sigurðarson ljær þessum unga manni, sem er þjáður af sorg og reiði, mjög vel líf. Vigdís Hrefna Pálsdóttir birtist eins og falleg dúkka. Stúlkan Lydia velur að hlæja og flissa, sauma og skreyta hatta fremur en að takast á við erfiðleika lífsins. Baldur Trausti Hreinsson í hlutverki læknisins, sem vandi komur sínar á Kellerheimilið, virtist eins og stokkinn úr einhverju rússnesku leikriti.

Gervi Eddu Arnljótsdóttur sem eiginkona læknisins var aðeins of ýkt eða vúlgert þó svo að hún hafi skýra hlutverk í leikritinu að vera grímulaus fulltrúi hinna fégráðugu. Læknirinn á aðra drauma, en hún sér til þess að hann haldi sig við skaffarahlutverkið. Edda er fyndin og nýtir vel allan líkamann í túlkun sinni.

Samsetning leikarahópsins var mjög góð. Tónlistin í upphafi þar sem við sitjum í myrkri og marsinn þekkti um Johnny sem er að koma heim leiðir okkur inn í þann hugarheim sem síðan tröllbindur áhorfendur næstu þrjá klukkutímana. Leikurinn er upp á fimm stjörnur meðan verkið sjálft er nokkuð barn síns tíma. Sviðið er ekki notað til þess að hanga í köðlum eða sprikla upp um veggi heldur sem frásagnarundirstaða fyrir fágaðan sígildan sjónleik.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Fantagóð sýning á allan hátt!

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**02.03.11 - 08.03.11**



**1** **Ég man þig - kilja** Yrsa Sigurðardóttir



**2** **Fátækt fólk - kilja** Tryggvi Emilsson



**3** **Ljósa - kilja** Kristín Steinsdóttir



**4** **Sjöundi himinn - kilja** James Patterson



**5** **Svar við bréfi Helgu - kilja** Guðmundur Kristinsson



**6** **Sumarlandið** Guðmundur Kristinsson



**7** **Skólaljóð** Ýmsir - Halldór Pétursson



**8** **Góða ferð - Helen Garðarsdóttir/Elín Magnúsdóttir**



**9** **Eyjafjallajökull** Ari Trausti/Ragnar TH.



**10** **Máttur viljans** Guðni Gunnarsson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872








**ÚR SÝNINGUNNI** Helgi sækir innblástur í graffítíverk og götulist borgarlandslagsins.

# Keðjuverkun í Hafnarhúsinu

**Keðjuverkin nefnist sýning Helga Más Kristinssonar myndlistarmanns sem opnuð verður í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, klukkan 17 í dag.**

**Þar verða sýnd málverk og skúlptúrar sem Helgi Már hefur unnið að síðastliðna mánuði. Helgi hefur aðallega einbeitt sér að abstrakt málverkinu með sterkum áhrifum frá graffítí og götulist borgarlandslagsins.**

**Helgi býr og starfar í Reykjavík, en hann útskrifaðist frá LHÍ árið 2002 og hefur sýnt á einka- og samsýningum auk þess að starfa sem sýningarstjóri og verkefnastjóri, meðal annars hjá Listasafni Reykjavíkur.**

**Sýningin stendur til 10. apríl. Sýningarstjóri er Yean Fee Quay. Helgi Már verður með leiðsögn um sýninguna á sunnudag klukkan 15.**



**ÚR BÓT OG BETRUN** Bótasvindlari festir sig kyrfilega í eigin lygavef.

# Bót og betrun í Kópavogi

**Leikfélag Kópavogs frumsýnir farsann Bót og betrun annað kvöld. Verkið er eftir Michael Cooney, son gamanleikjaskáldsins Ray Cooney, höfundar Nei, ráðherra sem er einmitt sýnt í Borgarleikhúsinu um þessar mundir. Hörður Sigurðsson þýðir og leikstýrir.**

**Bót og betrun segir frá Eric Swan, sem grípur til bótasvika þegar hann missir vinnuna. Svindlið fer hins vegar úr böndunum og Eric kemst að því að það er stundum einfaldara að komast á bætur en af. Að endingu er hann rígfastur í eigin lygavef og vandinn vex með hverri viðleitni hans til að snúa við blaðinu.**

**Leikritið er sýnt í Leikhúsinu við Funalind. Hverjum miða fylgir svonefnd hláturtrygging; þeir sem kannast alls ekki við að hafa verið skemmt á sýningunni fá miðann endurgreiddan. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu leikfélagsins kopleik.is.**






# Endurvakinn áhugi á Laxness í Þýskalandi

Þýska forlagið Steidl hefur endurnýjað samninga á fimmtán verkum Laxness í Þýskalandi, sem það hyggst gefa út í tengslum við þátttöku Íslands á bókasýningunni í Frankfurt í haust. Bækurnar sem um ræðir eru Ungfrúin góða og húsið, Vefarinn mikli frá Kasmír, Kristnihald undir jökli, Atómstöðin, Sjö töframenn, Fótatak manna, Gerpla, Sjálfstætt fólk, Íslandsklukkan, Paradísarheimt, Guðsgjafaþula, Brekkukotsannáll, Heimsljós, Innansveitarkrónika og Salka Valka.

Gerhard Steidl hjá Steidl Verlag segir að það sé útgáfunni metnaðarmál að gefa verk Laxness út í Þýskalandi og heiður og ánægja að gera verk hans aðgengileg á þýsku. Fyrirtækið hefur einnig tryggt sér útgáfurétt í Þýskalandi á Alþýðubók Laxness og nýju safni af ritgerðum skáldsins.

Bækur Halldórs hafa verið þýddar yfir á meira en fjóra tugi tungumála og gefnar út í á sjötta hundrað útgáfum um heim allan. Enskur útgefandi bókanna, Random House, dreifir bókum Laxness til yfir 50 landa. Samkvæmt upplýsingum frá Forlaginu hefur einnig verið nýlega samið um útgáfu Gerplu í Bandaríkjunum og Tékklandi og um arabíska útgáfu á Brekkukotsannál gegnum líbanska forlagið Arab Scientific Publisher.



**HALLDÓR LAXNESS** Þýska forlagið Steidl hefur endurnýjað útgáfurétt sinn á fimmtán bókum eftir Nóbelsskáldið í tengslum við bókamessuna í Frankfurt í haust.




> Á HVÍTA TJALDIÐ



**Alec Baldwin** lætur sér ekki nægja að leika hinn óborganlega Jack Donaghy í sjónvarpsþáttunum 30 Rock. Nú hefur hann samþykkt að leika í Rock of Ages, kvikmynd sem gerð er eftir vinsælum söngleik á Broadway. Tom Cruise leikur einnig í myndinni.

**bíó**

bio@frettabladid.is

# Stallone stýrir ekki Expendables 2

Sylvester Stallone og félagar slógu í gegn með hasarmyndinni The Expendables í fyrra og framhaldsmynd er á teikniborðinu. Þær fregnir berast nú frá Hollywood að Stallone ætli sjálfum sér ekki jafn stórt hlutverk við gerð framhaldsmyndarinnar og þeirrar fyrri; hann leiti nú að öðrum leikstjóra. Ekki hefur verið gengið frá ráðningu nýs leikstjóra.

En það er ekki bara leikstjórnin sem Stallone hyggst hvíla sig á. Hann hefur eftirlátið félögum sínum, þeim David Agosto og Ken Kaufman, að sjá um handritsskrifin að mestu.




**HARÐIR** Mickey Rourke og Sylvester Stallone voru flottir í The Expendables.

Ekkert af þessu hefur enn fengist staðfest og reyndar vilja sumir meina að enn sé möguleiki á að Stallone taki að sér leikstjórnina. Sjálfur er hann að svo komnu máli ákveðinn í að einbeita sér bara að því að leika í myndinni.

Þá greinir LA Times frá því að Arnold Schwarzenegger verði í stærra hlutverki en í fyrri myndinni. Nú þegar hann hefur látið af starfi ríkisstjóra í Kaliforníu er hann sagður spenntur fyrir að rífa upp hólkinn á ný og berjast við hlið félaga sinna.

# Lara Croft aftur á hvíta tjaldið



Þriðja Tomb Raider-myndin er í undirbúningi. „Við erum mjög spennt fyrir því að vekja aftur til lífsins kvikmyndaröð sem er nú þegar orðin gríðarlega vinsæl,“ sagði framleiðandinn Graham King. Ekki hefur verið ákveðið hver mun leikstýra nýju myndinni og hver fer með aðalhlutverkið.

Angelina Jolie lék hetjuna Löru Croft í tveimur Tomb Raider-myndum sem komu út í byrjun síðasta áratugar. Hvorugar fengu þær góða dóma gagnrýnenda en aðsóknin var engu að síður prýðileg. Fyrri myndin, Lara Croft: Tomb Raider, er tekjuhæsta mynd allra tíma í Bandaríkjunum af þeim sem eru byggðar á tölvuleikjum. Tekjuhæsta tölvuleikjamynd allra tíma í heiminum er aftur á móti Prince of Persia: The Sands of Time sem kom út í fyrra.

Alls hafa tíu Tomb Raider-tölvuleikir verið gefnir út og kom sá fyrsti út árið 1996.

**LARA CROFT** Þriðja Tomb Raider-myndin er í undirbúningi.

# Geimverur ráðast á jörðina

**Hasarmyndin Battle: Los Angeles verður frumsýnd á morgun. Sprengingarnar og tæknibrellurnar eiga vafalítið eftir að njóta sín vel á hvíta tjaldinu.**

Battle: Los Angeles verður frumsýnd hérlendis á morgun og á hún vafalítið eftir að njóta sín vel á hvíta tjaldinu enda uppfull af sprengingum og tæknibrellum eins og algengt er með myndir í þessum dúr.

Söguþráðurinn er á þann veg að í fjöldamörg ár hafa staðfest atvik varðandi fljúgandi furðuhluti átt sér stað víða um heim; í Buenos Aires, Seoul, Frakklandi, Þýskalandi og Kína. En árið 2011 breytast þessi einstöku sakleysislegu atvik í skelfilegan veruleika þegar jörðin sætir árás frá óþekktum öflum. Á meðan fólk um allan heim fylgist með helstu borgum jarðar falla hverri á fætur annarri, er einn staður eftir þar sem lokabardagi mannkynsins fer fram, í orrustu sem enginn bjóst við. Það veltur á Nantz (Aaron Eckhart) og sveitinni hans að draga línuna og berjast við óvin sem á sér engin fordæmi. Auk Eckharts eru í helstu hlutverkum þau Michelle Rodriguez, Michael Peña, Nzinga Blake og Ne-Yo.

Leikstjóri er Jonathan Liebesman sem á að baki hryllingsmyndirnar The Texas Chainsaw Massacre: The Beginning og Darkness Falls. Hann ætti því að eiga auðvelt með að halda bíógestum á sætisbrúninni í Battle: Los Angeles.

Myndatakan er í heimildarmyndarstíl og með því vildi Liebesman líkja eftir myndum á borð við Black Hawk Down og United 93 þar sem heppnaðist vel að auka raunsæisgildið með hreyfanlegri myndatökunni.



**SPRENGINGAR** Það verður nóg af sprengingum og látum í geimverumyndinni Battle: Los Angeles.

**FIMM NÝLEGAR GEIMVERUMYNDIR**
- District 9 *(2009)*
- The Day The Earth Stood Still *(2008)*
- War of the Worlds *(2005)*
- Independence Day *(1996)*
- Mars Attacks! *(1996)*

Battle: Los Angeles fylgir í fótspor geimverumynda undanfarinna ára þar sem mannkynið er í bráðri hættu og menn þurfa að hafa sig alla við til að verða ekki undir. Dæmi um þetta eru Independence Day og War of the Worlds sem báðar gengu gríðarlega vel, enda virðast geimverur og árásir þeirra á mannkyn alltaf jafn áhugaverðar fyrir bíógesti.

Þess má geta að tónlistarmaðurinn Jóhann Jóhannsson samdi tónlistina við stiklurnar úr myndinni. Miðað við hversu áhrifaríkar þær eru og passa vel við viðfangsefnið eiga verkefni Jóhanns í Hollywood vafalítið eftir að verða mörg á næstu árum.



**AÐALHLUTVERK** Aaron Eckhart leikur aðalhlutverkið í Battle: Los Angeles.


RAAN
MANJARABAT

*Lostæti á nýjum matseðli*

*Eftirlæti Mógúlkeisaranna*



Lambaskankar Raan Manjarabat er spennandi nýjung, hægeldaðir í ljúffengri blöndu af kanil, kardimommum, negul, broddkúmmíni, chillí, tómötum og garam masala, sannkallað lostæti á nýjum matseðli okkar.

Besta fáanlega hráefnið og sérinnflutt krydd frá Indlandi. Matgæðingar fullyrða að Austur-Indíafjelagið sé eitt fremsta veitingahús landsins - og ekki að ástæðulausu.

*Hverfisgata 56*
*Borðapantanir:* ***552 1630***

*Opið: sun.-fim. 18:00-22:00*
*fös. og lau. 18:00-23:00*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is


# Brúðkaup og flótti úr gúlagi

Auk Battle: Los Angeles geta kvikmyndahúsagestir valið úr tveimur nýjum myndum á morgun.

Ævintýramyndin The Way Back segir frá flótta hóps manna af ólíku þjóðerni úr síberísku gúlagi í síðari heimsstyrjöldinni og ótrúlegri ferð þeirra í gegnum fimm óvinveitt lönd. Með helstu hlutverk fara Ed Harris, Colin Farrell, Jim Sturgess og Saoirse Ronan. Leikstjóri er hinn reyndi Peter Weir sem síðast sendi frá sér Master and Commander með Russell Crowe í aðalhlutverki árið 2003. Á meðal annarra mynda hans eru The Truman Show, Dead Poets Society og Witness.

The Romantics segir frá sjö vinum sem tengdust sterkum böndum í háskóla en hafa síðan haldið hver í sína áttina. Sex árum síðar eru tveir vinanna, Lila (Anna Paquin) og Tom (Josh Duhamel) að fara að gifta sig og ákveða að kalla vinahópinn saman að nýju. Laura (Katie Holmes), Minnow (Dianna Agron), Jake (Adam Brody), Tripler (Malin Akerman) og Chip (Elijah Wood) mæta öll á svæðið stuttu fyrir brúðkaupið. Laura á að vera brúðarmær Lilu, sem flækir málin þó töluvert því Laura og Tom voru kærustupar í háskóla og skildu að skiptum á nokkuð sársaukafullan hátt. Þetta setur brúðkaupið að sjálfsögðu í algert uppnám og ljóst að einhver mun ganga særður frá borði.



**THE WAY BACK** Myndin segir frá hópi fólks sem flýr úr síberísku gúlagi í síðari heimsstyrjöldinni.



**10 ára afmæli!**
Food and Fun matarhátíðin mikla fer fram í tíunda sinn dagana 9. til 13. mars.

**10 ÁRA AFMÆLIS-KVÖLDVERÐUR**
**"Höfuðborgir heimsveldanna"**
Reykjavík - Washington DC
í Súlnasal Hótel Sögu, lau. 12 mars.
Stórkokkar Washington borgar sjá um 4ja rétta matseðil.
Verð 7.900 krónur.
Borðapantanir: 525 9920 eða hotelsaga@hotelsaga.is

# Food'n Fun
**2011**

16 alþjóðlegir stórkokkar jazzzzza fram fjögurra rétta glæsimáltíðir á eftirtöldum veitingahúsum:

**Brasserie Grand**
**Dill**
**Einar Ben.**
**Fiskfélagið**
**Fiskmarkaðurinn**
**Hótel Holt**
**Grillið Hótel Saga**
**La Primavera**
**Lava, Bláa Lónið**
**Nauthóll**
**Nítjánda – Veisluturninn**
**Perlan**
**Silfur, Hótel Borg**
**Sjávarkjallarinn**
**Við Tjörnina**
**VOX, Hotel Nordica**

Erlendu gestakokkarnir munu elda fjögurra rétta glæsimáltíð á veitingastöðunum.
Verð aðeins kr. 6.900.-

Nánari upplýsingar um kokkanna ofl. er á heimasíðum veitingastaðanna eða:
www.facebook/foodandfunfestival
www.foodandfun.is

Bakhjarlar og samstarfsaðilar Food and Fun eru:

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR
Reykjavík PURE ENERGY
Iceland naturally
ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND
WWW.ICELANDAIR.IS

# Danskir dagar



Ekta dönsk lifrakæfa




**Tulip kæfur**
2 tegundir




**Tulip steikt beikon**

## Tulip álegg í úrvali

Kemur í verslanir á morgun föstudag.




**TULIP ÁLEGG**
Hamborgarhryggur
Rúllupylsa
Reykt rúllupylsa
Steiktur kambur
Roastbeef
Nautabringa
Kartöflusalami
Piparspægipylsa




## Danskir frystiréttir
frá Steff Holberg

**Kjötbollur**
með mildri karrísósu og hrísgrjónum

**Svikinn héri**
með kartöflum, beikoni og villisósu

**Hamborgarhryggur**
með aspassósu, grænmeti og kartöflum

**Steiktur svínakambur**
með rauðkáli, kartöflum og sósu

**Steikt medister**
með kartöflum og grænmeti

**Hakkabuff**
með kartöflumús

Kemur í verslanir á morgun föstudag.




**Merrild kaffi**
3 tegundir




**Ga-Jol**
3 tegundir




**Toms ekstra súkkulaði**
5 tegundir




**Eplaskífur**




**Hatting brauð**
2 tegundir




**Víking rúgbrauð**
beint frá Danmörku




**Súkkulaðiálegg**
dökkt og ljóst




**Sun Lolly**
tilbúið til að setja í frysti, 6 teg.




**Sambakossar**
2 tegundir




**Guld súkkulaðistangir**
7 tegundir

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Hagkaup 24

Gildir til 20. mars á meðan birgðir endast.




**JENSEN´S TILBÚNIR RÉTTIR**
Buff stroganoff
Favorit pottréttur
Mörbrad gryde

# Jensen's vörur í úrvali




**Jensen´s sósur**
- þarf aðeins að hita
frábærar með öllum mat

**Jensen´s**
- Tsatziki köld sósa




**Svínasíða**
ribbensteg að dönskum sið




**Fylltar svínalundir**
með dönskum gráðosti




**Hamborgarhryggur**
að dönskum sið




**Nauta entrecote**
að dönskum sið




**Jaka Bov skinka**




**French dog dressing**
dressing fyrir pylsubrauð og pylsur




**Danskar pylsur**
ekta danskar pylsur




**Pylsubrauð**
hatting frosin pylsubrauð
á danska vísu




**3 Stjernet Salami**




**Graasten brauðsalöt**
10 tegundir




**Guf danskt ískrem**
jarðaberja




**Dönsk glassúr kaka**




**Danskir gosdrykkir**

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**Fólk**
folk@frettabladid.is



**40** ÁR eru í dag liðin frá fæðingu leikarans Jons Hamm úr hinum frábæru þáttum Mad Men.

# RAPPARINN GHOSTFACE KILLAH TIL ÍSLANDS

**Rapparinn Ghostface Killah stígur á svið á Nasa 2. apríl á tískuhátíðinni Reykjavík Fashion Festival.**

Bandaríski rapparinn Ghostface Killah, meðlimur hljómsveitarinnar Wu-Tang Clan, stígur á svið á Nasa laugardagskvöldið 2. apríl í tilefni af tískuhátíðinni Reykjavík Fashion Festival, RFF.

„Þetta er einn af merkustu röppurum síðustu tuttugu ára," segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, einn af skipuleggjendum tónleikanna. „Hann hefur á sér goðsagnakenndan stimpil og er búinn að vera virkur og ferskur í langan tíma."

Wu-Tang Clan er ein áhrifamesta hipphoppsveit síðasta áratugar tuttugustu aldarinnar. Hljómsveitinni skaut upp á stjörnuhiminninn með frumraun sinni Enter The Wu-Tang (36 Chambers) árið 1993. Þrátt fyrir að flestir hinna meðlima Wu-Tang Clan hafi gefið út sólóplötur eða hliðarverkefni á undan Ghostface þá hefur sólóferill hans verið farsælli en flestallra hinna.

Undanfarið hefur hann komið fram á mörgum tískuvikum, þar á meðal í Kaupmannahöfn og London. Hann bað sérstaklega um að fá að koma fram á RFF-hátíðinni og tóku skipuleggjendur hennar vel í þá bón. Að sögn Steinþórs Helga hefði undir venjulegum kringumstæðum verið alltof dýrt að fá Ghostface til Íslands en vegna þess að um tískuhátíð er að ræða gengu samningaviðræðurnar greiðlega fyrir sig. Fimm manna hópur verður með honum á sviðinu á Nasa og telur Steinþór að líklegt sé að einhver annar úr Wu-Tang Clan taki einnig þátt í tónleikunum.

Kanadíska söngkonan Peaches kom fram á Reykjavík Fashion Festival á síðasta ári við glimrandi góðar undirtektir. „Tónlistardagskráin gekk vonum framar í fyrra. Það var stappað á tónleikunum á Nasa og við vildum halda sömu partístemningu og hjá Peaches. Ég held að við höfum hitt naglann á höfuðið með Ghostface Killah," segir Steinþór.

Miðasala á tónleikana hefst á föstudaginn á Midi.is. Sin Fang kemur einnig fram á Nasa og líklegt er að aðrir listamenn bætist við dagskrána. freyr@frettabladid.is



**Á LEIÐ TIL ÍSLANDS** Ghostface Killah í hópi föngulegra kvenna. Rapparinn frægi stígur á svið á Nasa 2. apríl. NORDICPHOTOS/GETTY

## SJÖ STAÐREYNDIR UM GHOSTFACE KILLAH

- Heitir réttu nafni Dennis Coles.
- Sviðsnafn hans er fengið úr Kung fu-myndinni Mystery of Chessboxing.
- Fangelsaður fyrir vopnað rán árið 1999.
- Komst að því að hann var sykursjúkur árið 1996.
- Útnefndur einn besti rappari sögunnar af MTV árið 2006.
- Átti þrjár plötur í vali tónlistarsíðunnar Pitchfork á bestu plötum síðasta áratugar.
- Tvær af plötum hans hafa komist á topp fimm á bandaríska Billboard-listanum.



# Bieber er brandarakall

**Justin Bieber fór illa með gítarleikara sinn, Dan Kanter, á Twitter á mánudaginn en Bieber stal lykilorði Kanters og þóttist tilkynna aðdáendum sínum að hann væri hættur að spila undir hjá söngvaranum unga. Bieber skrifaði: „Ég vildi bara láta ykkur aðdáendur mína vita af því að ég hef hér með hætt að starfa með Justin og mun eyða Twitter-aðgangi mínum bráðlega.“ Klukkutíma síðar svaraði Bieber á sinni eigin síðu: „Þín verður saknað, Dan, en það sem þú gerðir var skelfilegt. Þér verður aldrei fyrirgefið.“ Í kjölfarið spruttu upp þær kjaftasögur að slitnað hefði upp úr vinskap þeirra á tónleikaferðalagi Biebers um Bretlands. Allt reyndist þetta hins vegar vera hrekkur af hálfu Biebers og hyggur gítarleikarinn á hefndir.**



**HÚMORISTI** Justin Bieber djókar í strákunum sem spila í hljómsveitinni hans á Twitter.



**TVENNIR TÓNLEIKAR** Karlakór Dalvíkur og Matthías Matthíasson flytja lög Bítlanna og Queen í Salnum.

# Óvenjulegir tónleikar

**Karlakór Dalvíkur ásamt söngvaranum Matthíasi Matthíassyni og rokkhljómsveit flytja lög Bítlanna og Queen í Salnum á föstudag og laugardag. Lögin verða í rokkuðum útsetningum Guðmundar Óla Gunnarssonar, stjórnanda kórsins. Hljómsveitina skipa: Gunnlaugur Helgason bassi, Hallgrímur Ingvarsson gítar, Halli Gulli trommur og Daníel Þorsteinsson píanó. Karlakórahefðin á sér djúpar rætur á Norðurlandi en að kór þaðan efni til samstarfs við rokkhljómsveit er nýjung.**

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Gleypir rakvélarblöð á töfrasýningu

„Þetta er það persónulegasta sem ég hef gert. Ég er rokkari og töframaður og þarna flétta ég því saman,“ segir Ingó Geirdal sem verður með töfrasýningu í Austurbæ sunnudaginn 13. mars.

„Þetta verður einn og hálfur tími með hléi. Ég gleypi þarna rakvélarblöð, læt setja mig í spennitreyju, beygi hnífapör með hugarorkunni, les hugsanir og fleira. Þetta verður svolítið krassandi,“ segir Ingó, sem hefur einnig spilað á gítar með hljómsveitum á borð við Dimmu og Quarashi. Tónlist Dimmu mun einmitt hljóma á sýningunni.

Hann er nýfluttur heim eftir þriggja ára dvöl í Svíþjóð. Þar sýndi hann töfrabrögð á skemmtiferðaskipum milli Svíþjóðar og Danmerkur. Hann var einnig ráðinn til að skemmta á Norðurlandamóti töframanna og í einkaboðum, m.a. fyrir hljómsveitina Depeche Mode.

Ingó hefur fengist við töfrabrögð síðan hann var tíu ára. „Upphaflega byrjaði ég að læra á gítar. Ég hugsaði að það væri ágætis leið til að þjálfa fingurna því maður þarf að vera mjög fingrafimur í töfrabrögðum og með góðar tímasetningar. Svo vatt það upp á sig og maður er orðinn töframaður og tónlistarmaður. Á þessari sýningu minni í Austurbæ mun ég í rauninni í fyrsta skipti tengja þetta saman.“ - fb



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ESPRIT
dagar í Debenhams
20% afsláttur
Gildir með öðrum tilboðum.
af öllum Esprit vörum
DÖMUR HERRAR UNDIRFÖT SUNDFÖT TÖSKUR OG FYLGIHLUTIR




Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR



Heiðursverðlaunahafinn Þórir Baldursson ásamt Guðrúnu Pálsdóttur.



Jakob Frímann Magnússon, miðborgarstjóri og formaður FTT, ásamt dóttur sinni Jarúnu Júlíu, konu sinni Birnu Rún Gísladóttur og Pétri Grétarssyni, framkvæmdastjóra Íslensku tónlistarverðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Góðir gestir á Íslensku tónlistarverðlaununum

**Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í Þjóðleikhúsinu í fyrrakvöld í sautjánda sinn. Þeir sem komu fram á hátíðinni voru Bjartmar og Bergrisarnir, Kammerkór Suðurlands, Kalli, Samúel J Samúelsson Big Band, Sunna Gunnlaugsdóttir og Jónas Sigurðsson.**



Jónsi með verðlaunin sem hann fékk fyrir bestu plötuna í popp- og rokkflokki.



Margrét Marteinsdóttir hjá Ríkisútvarpinu og Rakel Brynjólfsdóttir voru í Þjóðleikhúsinu.



Lovísa Lind, Ómar Guðjónsson, Samúel Jón Samúelsson, Kári Hólmar Ragnarsson og Óskar Guðjónsson.



Samúel J. Samúelsson og stórsveit hans stigu á svið og tóku lagið við mikla hrifningu viðstaddra.



Haukur Heiðar Hauksson og trommarinn Nonni kjuði úr Diktu en sveitin sú var valin vinsælasti flytjandinn.



Jónas Sigurðsson tekur á móti verðlaunum fyrir besta lagið, Hamingjan er hér.


SPÓI
fyrir ungbörn
Verð bolur: 3.800 kr.
Verð buxur: 3.500 kr.
WOOLMARK



Kláðafrí ull
Góð 100% Merino ullarnærföt sem halda barninu þurru og hlýju.

VALHÖLL
fyrir börn
Verð bolur: 5.900 kr.
Verð buxur: 4.700 kr.
WOOLMARK



Kláðafrí ull
Mjúk kláðafrí ullarnærföt úr 100% Merino ull.

BÁSAR
fyrir fullorðna
Verð bolur: 10.800 kr.
Verð buxur: 9.500 kr.
WOOLMARK



Kláðafrí ull
100% Merino ull sem heldur vel hita á líkamanum og dregur raka frá húðinni.

# Morrissey snýr aftur á svið

Tónlistarmaðurinn Morrissey heldur í tónleikaferðalag um Bretland í júní sem endar á því að hann verður aðalatriðið á Hop Farm tónlistarhátíðinni. Tónleikarnir verða þeir fyrstu sem Morrissey kemur fram á frá árinu 2009, en hann virðist vera að vakna úr dvala.

Útgáfurisinn EMI tilkynnti í janúar að safnplatan The Very Best of Morrissey kæmi út í apríl á þessu ári. Ólíkt mörgum öðrum slíkum plötum er þessi unnin í samstarfi við listamanninn, en útgáfufyrirtæki gefa oft út „best of"-plötur án samráðs við tónlistarmennina til að klára við þá samninga. „Best of"-plötur með The Smiths, sem Morrissey leiddi á níunda áratugnum, og Radiohead hafa til að mynda komið út í óþökk hljómsveitanna.

Morrissey velur sjálfur myndina á umslag The Very Best of Morrissey. Þá verður lagið Glamorous Glue endurhljóðblandað og gefið út meðfram plötunni ásamt tveimur b-hliðum. - afb



**VAKNAÐUR** Lítið hefur farið fyrir Morrissey undanfarin misseri.

# Dýrkar varir Perry

Russell Brand fer fögrum orðum um varir eiginkonu sinnar í nýlegu viðtali. Leikarinn breski giftist söngkonunni Katy Perry í október á síðasta ári og lætur hafa eftir sér að þegar hann kyssi varir Perry sé eins og hann fari í gegnum göng að öðrum heimi. Spurður út í varirnar á konu sinni segir Brand: „Þær eru eins og ferð til paradísar! Göng inn í annan heim. Þær eru endurlausn! Dýrð! Þær eru eins og ljóð!" Miðað við yfirlýsingarnar má gefa sér að samband þeirra Brand og Perry gangi vel, en slúðurmiðlar vestanhafs hafa haldið því fram undanfarið að hjónabandið standi á brauðfótum.



**HAMINGJA** Russell Brand og Katy Perry kveða í kútinn sögusagnir um að hjónabandið standi á brauðfótum. NORDICPHOTOS/GETTY



**RÖKKURRÓ** Hljómsveitin er á leiðinni í stutta tónleikaferð um Evrópu.

# Tónleikaferð um Evrópu

Hljómsveitin Rökkurró er á leiðinni í stutta tónleikaferð um Evrópu þar sem spilað verður á átta tónleikum. Þeir fyrstu verða á staðnum Windmill í London 13. apríl en þeir síðustu í Engelesburg í Þýskalandi 21. apríl. Ferðinni verður einnig heitið til Hollands og Belgíu. Á tónleikunum verður fylgt eftir annarri plötu sveitarinnar, Í annan heim, sem kom út í fyrra. Um upptökustjórn hennar sá Alex Somers, kærasti og samstarfsmaður Jónsa í Sigur Rós. Fyrsta plata Rökkurróar, Það kólnar í kvöld, kom út árið 2007 við góðar undirtektir.



**GWYNETH PALTROW** Leikkonan á í samningaviðræðum við Atlantic Records.

# Paltrow með kántríplötu

**Leikkonan Gwyneth Paltrow á í viðræðum við útgefandann Atlantic Records um að gefa út kántríplötu. Paltrow söng lagið Coming Home úr myndinni Country Strong á Óskarsathöfninni fyrir skömmu, auk þess sem hún kom fram á Grammy-hátíðinni ásamt Cee Lo Green. Ef Paltrow semur við Atlantic Records bætist hún í hóp stjarna á borð við Kid Rock og James Blunt sem eru á mála hjá fyrirtækinu. Leikkonan, sem er gift Chris Martin söngvara Coldplay, hefur lýst yfir áhuga á að vinna með rapparanum Jay-Z sem er góður vinur Martins.**



# Bassaleikari Alice in Chains látinn

Mike Starr, fyrrverandi bassaleikari hljómsveitarinnar Alice in Chains, er látinn, 44 ára að aldri.

Starr fannst látinn í húsi sínu í Salt Lake City í Bandaríkjunum á þriðjudagskvöld. Lögreglumenn komu að líki Starr eftir að hafa fengið ábendingu í gegnum síma. Hvað varð honum að aldurtila liggur ekki fyrir, en hann hafði glímt við eiturlyfjafíkn í mörg ár. Hann hafði gert ýmsar ráðstafanir til að losna við fíknina og kom meðal annars fram í raunveruleikaþættinum Celebrity Rehab, eða Meðferð stjarnanna.

Starr lék á bassa á plötunni Dirt með Alice in Chains sem kom út árið 1992. Ári síðar yfirgaf hann hljómsveitina. Dirt var á meðal bestu platna hljómsveitarinnar, ef ekki sú besta. - afb



**Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU** Alice in Chains þegar Mike Starr var í hljómsveitinni.



**ATVINNULAUS** Charlie Sheen er atvinnulaus í dag, en vinnur óméðvitað að því að auka vinsældir fréttþátta með hegðun sinni.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Darraðardans Charlie Sheen eykur vinsældir fréttaþátta

**Fall leikarans Charlie Sheen hefur verið á allra vörum í Hollywood undanfarnar vikur. Hann hefur verið rekinn úr hlutverki sínu í gamanþáttunum Two and a Half Men, en á meðan aukast vinsældir þeirra sem fjalla um leikarann.**

Vinsældir fréttaþátta sem fjalla meðal annars um hegðun Charlie Sheen hafa aukist eftir að leikarinn fór út af sporinu fyrir skömmu. Þátturinn Entertainment Tonight hefur sjaldan verið vinsælli og áhorf á svipaða þætti á borð við Inside Edition, Access Hollywood og The Insider hefur aukist frá fimm og upp í 17 prósent.

Vinsældaraukningin er rakin beint til Charlie Sheen, en slúðurþyrstir fylgjast nú agndofa með hegðun leikarans, sem hefur verið allt annað en eðlileg undanfarið. eftir að viðtöl birtust við hann í síðustu viku, þar sem hann sagðist vera með tígrisdýrablóð í æðum og að hann væri á uppleið. Skömmu síðar skráði hann sig á samskiptasíðuna Twitter og byrjaði að ausa úr viskubrunni sínum. Vinsældirnar létu ekki á sér standa og fleiri en milljón notendur skráðu sig sem fylgjendur á einum sólarhring. Skömmu síðar var hópurinn kominn upp í tvær milljónir og í dag stendur hann í tæplega 2,4 milljónum. Hegðun Sheens hefur farið fyrir brjóstið á ýmsum. Þegar hann bætti sér á Twitter-lista leikkonunnar ungu Sarah Hyland úr Modern Family tilkynnti hún að hún vildi alls ekki hafa hann á listanum.

Charlie Sheen hefur verið rekinn úr hlutverki sínu sem Charlie Harper í þáttunum Two and a Half Men og er því atvinnulaus í dag. Leikararnir John Samos og Rob Lowe hafa verið nefndir til sögunnar sem eftirmenn hans.



**ÓSÁTT** Leikkonan Sarah Hyland úr Modern Family vill ekki sjá Charlie Sheen á Twitter-lista sínum.


TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RANGO ísl Tal | kl. 5:50 | L |
| RANGO M/ Ensku. Tali | kl. 10:30 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:40 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:40 | VIP |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| JUSTIN BIEBER-3D | kl. 5.40 - 8 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |
| RANGO-3Dísl Tal | kl. 5.30 | L |
| TRUE GRIT | kl. 10.20 | 16 |
| THE RITE | kl. 10.30 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HALL PASS | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| ROKLAND | kl. 8 | 12 |
| KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti | kl. 10:10 | 14 |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| ROOMMATE | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 8 - 10.10 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10.30 | 16 |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 3.30 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| ROOMMATE | KL. 10.10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 8 - 10.35 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 5.30 | L |
| 127 HOURS | KL. 10.30 | 12 |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 8 - 10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 6 - 8 - 10 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
Ath: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíó AUKAKRÓNUR 5%

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| RANGO - ENS TAL | 5.50, 8 og 10.10 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 6, 8 og 10 |
| THE MECHANIC | 8 og 10 |

BAR & CAFÉ BÍÓ PARADÍS

| | |
|---|---|
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 22:10 |
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 18:00, 20:00, 22:20 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:50, 22:10 |
| INSIDE JOB | 22:40 |
| JAPANSKIR DAGAR: FREE AND EASY | 20:00 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


Boot cAmp
WWW.BOOTCAMP.IS
BATTLE: LOS ANGELES
11.03.11
LG
SMS
LEIKUR
VILTU VINNA MIÐA?
SMÁRABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BORGARBÍÓ
EGILSHÖLL
sena
SENDU SMS ESL BLA Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
Fullt af aukavinningum:
Tölvuleikir · DVD myndir og fleira!
9. HVER VINNUR!
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

# sport

sport@frettabladid.is



**ICELAND EXPRESS DEILD KVENNA Í KÖRFUBOLTA** lauk í gærkvöldi og þar með er bæði orðið ljóst hvaða lið mætast í fyrstu umferð úrslitakeppninnar og að Fjölnir er fallið í 1. deild. Sex liða úrslitin hefjast um helgina og þar mætast KR og Snæfell annars vegar og Haukar og Njarðvík hins vegar. Það lið sem vinnur fyrr tvo leiki tryggir sér sæti í undanúrslitunum þar sem deildarmeistarar Hamars og bikarmeistarar Keflavíkur bíða.

## ÚRSLIT Í GÆR

### Undankeppni EM í handb.

Ísland-Þýskaland 36-31 (21-14)

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 12 (13), Aron Pálmarsson 8 (11), Ólafur Stefánsson 7/3 (10/4), Alexander Petersson 3 (4), Róbert Gunnarsson 3 (4), Sverre Jakobsson 1 (1), Ingimundur Ingimundarson 1 (2), Arnór Atlason 1 (4).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 23/2 (54/3) 43%.
**Hraðaupphlaup:** 9 (Guðjón 6, Róbert, Ingimundur, Sverre).
**Fiskuð víti:** 4 (Róbert 2, Ólafur, Aron).
**Utan vallar:** 10 mín.
**Mörk Þýskalands (skot):** Mimi Kraus 5 (11/1), Christian Sprenger 4 (6), Lars Kaufmann 4 (6), Uwe Gensheimer 3/1 (7/2), Dominik Klein 3 (4), Sebastian Preiss 3 (3), Michael Haass 3 (4), Adrian Pfahl 2 (6), Steffen Weinhold 2 (4), Pascal Hens 1 (2), Patrick Groetzki 1 (3).
**Varin skot:** Silvio Heinevetter 7 (28/2) 25%, Carsten Lichtlein 2 (17/2) 12%.
**Hraðaupphlaup:** 2 (Sprenger, Kraus).
**Fiskuð víti:** 3 (Pfahl, Heinl, Weinhold)
**Utan vallar:** 12 mín

Lettland-Austurríki 25-28

**STAÐAN Í RIÐLINUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Austurríki** | **3** | **2** | **1** | **0** | **82-74** | **5** |
| Ísland | 3 | 2 | 0 | 1 | 87-85 | 4 |
| **Þýskaland** | **3** | **1** | **1** | **1** | **93-80** | **3** |
| Lettland | 3 | 0 | 0 | 3 | 69-92 | 0 |

### Meistaradeildin

Schalke 04-Valencia 3-1 (4-2 samanlagt)
0-1 Ricardo Costa (17.), 1-1 Jefferson Farfán (40.), 2-1 Mario Gavranovic (52.), 3-1 Farfán (90.+4)
Tottenham - AC Milan 0-0 (1-0 samanl.)

### Enska úrvalsdeildin

Everton-Birmingham 1-1
0-1 Jean Beausejour (17.), 1-1 John Heitinga (35.).

### Iceland Express kvenna

Haukar-KR 73-74 (36-43, 68-68)
**Stigahæstar:** Margrét Hálfdanard. 18, Kathleen Snodgrass 13, Íris Sverrisdóttir 10, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 9, Lovísa Björt Henningsdóttir 8 (10 frák./5 varin) - Chazny Paige Morris 33 (11 frák.), Margrét Kara Sturludóttir 12, Hildur Sigurðardóttir 9, Helga Einarsdóttir 8.

Keflavík-Hamar 72-91 (29-48)
**Stigahæstar:** Jacquline Adamshick 22 (15 frák.), Pálína Gunnlaugsdóttir 19, Marina Caran 12 - Slavica Dimovska 21, Kristrún Sigurjónsdóttir 19, Íris Ásgeirsdóttir 16, Fanney Lind Guðmundsdóttir 14, Jaleesa Butler 12 (15 frák./5 stoðs.).

**LOKASTAÐAN Í A-DEILD**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hamar** | **20** | **18** | **2** | **1604-1342** | **36** |
| Keflavík | 20 | 15 | 5 | 1624-1349 | 30 |
| **KR** | **20** | **12** | **8** | **1378-1297** | **24** |
| Haukar | 20 | 7 | 13 | 1296-1391 | 14 |

Fjölnir-Grindavík 66-94 (33-56)
**Stigahæstar:** Natasha Harris 34 (12 frák./7 stolnir), Bergþóra Holton Tómasdóttir 11 - Janese Banks 32, Agnija Reke 13, Helga Hallgrímsdóttir 11 (14 frák.).

Njarðvík -Snæfell 75-68 (36-37)
**Stigahæstar:** Dita Liepkalne 21, Julia Demirer 19 (13 frák.), Shayla Fields 19 - Alda Leif Jónsdóttir 15, Monique Martin 14, Laura Audere 13, Berglind Gunnarsdóttir 12.

**LOKASTAÐAN Í B-DEILD**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Njarðvík** | **20** | **10** | **10** | **1468-1489** | **20** |
| Snæfell | 20 | 8 | 12 | 1345-1470 | 16 |
| **Grindavík** | **20** | **6** | **14** | **1296-1360** | **12** |
| Fjölnir | 20 | 4 | 16 | 1278-1591 | 8 |


SCHMIDT
- vélar



- sala
- varahlutir
- þjónusta

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is


# Þjóðverjar afgreiddir í fyrri hálfleik

**Stórbrotinn fyrri hálfleikur strákanna okkar gegn Þýskalandi í gær lagði grunninn að sanngjörnum fimm marka sigri. Sigur íslenska liðsins aldrei í hættu og EM-draumur liðsins er enn á lífi.**

**HANDBOLTI** Þjóðverjar áttu engin svör við leik íslenska landsliðsins er liðin mættust í Laugardalshöll í gær en leikurinn var liður í undankeppni EM. Ísland betra frá upphafi og vann fimm marka sigur, 36-31. Leikurinn var upp á líf og dauða fyrir íslenska liðið og það stóðst prófið með glans. Það verður þó að endurtaka leikinn á sunnudag í Þýskalandi er liðin mætast á nýjan leik.

Það sást strax á einbeitingunni í upphafi að strákarnir voru tilbúnir. Ólafur Stefánsson hafði talað um að mæta grimmur til leiks og hann stóð við það. Aron Pálmarsson var í byrjunarliðinu á kostnað Snorra Steins sem er meiddur. Hann ætlaði sér að nýta það tækifæri upp í topp.

Sóknarleikurinn var mjög góður strax frá fyrstu mínútu. Varnarleikurinn og Björgvin voru smá tíma að smella í gírinn en þegar það gerðist hreinlega valtaði íslenska liðið yfir það þýska. í stöðunni 8-8 hrökk vörnin í gírinn, Björgvin varði allt sem á markið kom og hraðaupphlaupin komu á færibandi þar sem Guðjón Valur var í ótrúlegu formi. Hann skoraði 8 mörk í hálfleiknum og þar af nokkur með glæsiskotum fyrir utan.

Björgvin varði 14 skot og Aron var magnaður með sex mörk. Þjóðverjar vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið. Þegar blásið var til hálfleiks var staðan 21-14 og Heiner Brand, þjálfari Þjóðverja, stóð steinrunninn heillengi á hliðarlínunni. Hann trúði því vart hversu illa íslenska liðið hafði farið með hans menn í hálfleiknum.

Brand breytti varnarleik síns liðs í síðari hálfleik og það skilaði fljótt árangri því Þjóðverjar fóru smám saman að saxa á forskot íslenska liðsins. Er þeir komust óþægilega nálægt stigu strákarnir á bensínið á nýjan leik og hleyptu þeim aldrei nær en fjögur mörk. Að lokum vann liðið sanngjarnan fimm marka sigur sem hefði hæglega getað orðið stærri enda munurinn mest níu mörk.

„Þessi fyrri hálfleikur er með því betra sem ég hef upplifað með liðinu. Við gerum aðeins einn tæknifeil í hálfleiknum og það segir sína sögu um gæði okkar leiks á báðum endum vallarins. Ég gat ekki beðið um meira en strákarnir sýndu í fyrri hálfleik,“ sagði himinlifandi landsliðsþjálfari, Guðmundur Guðmundsson, eftir leikinn.

„Það tók okkur óþarflega langan tíma að finna taktinn gegn þeim í síðari hálfleik þó svo við vissum að þeir myndu breyta vörninni. Það var kannski til of mikils mælst að drengirnir myndu halda sama dampi í síðari hálfleik en fimm marka sigur er afar góð uppskera.“

Fram undan er síðari leikurinn ytra um helgina fyrir framan fulla höll af 11 þúsund áhorfendum.

„Það verður miklu erfiðari leikur. Við fáum ekkert gefins þar en mætum fullir sjálfstrausts. Við höfum áður unnið þá á útivelli og stefnum á að gera það aftur,“ sagði Guðmundur ákveðinn.

henry@frettabladid.is



**TÓLF MARKA MAÐUR** Guðjón Valur Sigurðsson fór á kostum í Höllinni í gærkvöldi og hér fagnar hann einu af tólf mörkum sínum í leiknum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Guðjón Valur skoraði tólf mörk veikur

Hornamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson átti stórbrotinn leik gegn Þjóðverjum í gær og skoraði 12 mörk í öllum regnbogans litum. Það sem gerir hans afrek enn merkilegra er sú staðreynd að hann spilaði leikinn mjög veikur. Hann var samt hógvær eins og venjulega þó svo hann hefði ekki getað æft fyrr um daginn.

„Ef ég mæti í Höllina og klæði mig í búning og skó þá skiptir ekki máli hvað er að. Þá er ætlast til að maður standi sig og ég reyndi að standa mig,“ sagði hinn lítilláti Guðjón Valur sem skemmti sér vel í Höllinni þrátt fyrir veikindin. „Þetta er alltaf gaman og flott að geta þakkað þessum frábæru áhorfendum fyrir stuðninginn.“ - hbg



Íslenska kvennalandsliðið endaði í öðru sæti í Algarve-bikarnum eftir 2-4 tap á móti Bandaríkjunum í gær:

# Stelpurnar alltaf að verða betri og betri

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði 2-4 á móti besta landsliði heims, Bandaríkjunum, í úrslitaleiknum á Algarve-mótinu í gær. Íslenska liðið veitt þeim bandarísku harða keppni og þær náðu ekki að tryggja sér sigurinn fyrr en skömmu fyrir leikslok.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari var ánægður með stelpurnar í leikslok enda frábært mót að baki. „Ég tek margt með mér út úr þessum leik sem við gerðum virkilega vel. Þetta er frábær reynsla fyrir okkur og stelpurnar spiluðu þennan úrslitaleik virkilega vel á móti besta liði í heimi. Þær geta verið stoltar af frammistöðunni og ég er það allavega,“ sagði Sigurður Ragnar.

Íslenska liðið komst yfir í fyrri hálfleik með mörkum frá Katrínu Ómarsdóttur og Hallberu Gísladóttur sem skoruðu með aðeins tveggja mínútna millibili. „Það var mjög jákvætt en svo fáum við á okkur mark á síðustu sekúndunni í fyrri hálfleik og það var svolítið fúlt. Það var algjör óþarfi að gefa þeim það mark þannig að við fórum pínu svekkt inn í hálfleikinn. Við erum 2-3 undir fram á 86. mínútu þannig að við erum alltaf inn í leiknum,“ sagði Sigurður Ragnar og bætti við: „Við höfum oft spilað vel á móti Bandaríkjunum en við höfum kannski aldrei verið eins mikið inn í leik á móti þeim og núna.“

Íslenska liðið hafði best náð sjötta sætinu á þessu móti en komst í úrslitaleikinn eftir sigra á Svíþjóð, Kína og Danmörku.

„Það var frábært afrek hjá þeim að komast í úrslitaleikinn því þetta er gríðarlega sterkt mót. Það voru margir landsliðsþjálfarar í hinum liðunum sem komu til mín eftir leikinn og óskuðu okkur til hamingju með frábæran árangur í mótinu. Þegar ég geri þetta upp þá er þetta frábært mót og margir okkar leikmenn eru að stíga upp og spila frábærlega vel. Það er að aukast breiddin hjá okkur og þetta eykur sjálfstraustið upp á framtíðina að hafa náð svona góðum úrslitum á móti svona sterkum liðum,“ sagði Sigurður.

„Ég held að leikmennirnir séu alltaf að átta sig betur og betur á því hvað þær eru orðnar góðar. Við erum komin með miklu fleiri leikmenn núna sem eru afgerandi góðir leikmenn. Svo eru líka ungir og efnilegir leikmenn að stíga upp sem fengu mikilvæga reynslu í mótinu. Við erum alltaf að verða betri og betri,“ sagði landsliðsþjálfarinn en kom frábært gengi liðsins á óvart.

„Ég get alveg svarað því af hreinskilni að ég bjóst ekki við að við myndum ná þetta góðum árangri. Það var kannski ekki raunhæft fyrirfram að við myndum fá níu stig í þessu móti og komast í úrslitaleikinn,“ sagði Sigurður Ragnar að lokum. - óój



**ÍSLAND KOMIÐ YFIR** Hallbera Gísladóttir fagnar hér eftir að hún kom íslenska liðinu í 2-1 í gær.
MYND/AFP


**SAMNINGUR Í HÖFN** Björn Einarsson og Andri Marteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Andri Marteins þjálfar Víkinga:

## Tekur við góðu búi hjá Víkingi

**FÓTBOLTI** Andri Marteinsson var í gær ráðinn sem þjálfari Víkings í Pepsi-deild karla í stað Leifs Garðarssonar, sem var vikið úr starfi í síðustu viku. Andri hefur þjálfað lið Hauka undanfarin ár en hætti hjá félaginu í gær.

„Þetta er vissulega mjög sérstakt og þetta hefur verið mjög erfitt ferli fyrir alla aðila. Haukarnir leika líka stórt hlutverk í þessu enda þurftu þeir að finna nýjan þjálfara. Þeir hafa brugðist vel við því og klárað sín mál fljótt og vel,“ sagði Andri en í gær var tilkynnt að Magnús Gylfason væri nýr þjálfari Hauka.

„Ég veit að ég er að taka við góðu búi. Leifur er búinn að byggja upp leikmannahóp liðsins en að öllu öðru leyti verður mitt handbragð á liðinu. Það mun koma fram í því hvernig leikir liðsins verða lagðir upp, hvernig liðinu verður stillt upp og hvernig það mun spila,“ sagði Andri, sem er uppalinn Víkingur og lék með liðinu á níunda áratug síðustu aldar. Víkingur varð Íslandsmeistari árið 1991 en Andri fór frá liðinu og gekk til liðs við FH aðeins tveimur árum áður. „Ég missti af titlinum. Það er því ákveðinn hvati fyrir mig að reyna að kvitta fyrir það með því að vinna titilinn hér með Víkingum þetta mörgum árum síðar,“ sagði hann. - esá


**Á UPPLEIÐ** Grindvíkingurinn Mladen Soskic hefur hækkað framlag sitt í hverjum leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express deild karla:

## Barist um 2. og 8. sætið í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Lokaumferð Iceland Express deildar karla í körfubolta fer fram í kvöld þar sem Grindavík, KR og Keflavík berjast um 2. sætið og Haukar og Fjölnir reyna að tryggja sér 8. og síðasta sætið inn í úrslitakeppnina.

Grindavík, KR og Keflavík eiga öll möguleika á 2. sætinu en þau verða öll með heimavallarrétt í átta liða úrslitunum sama hvernig fer í kvöld. Grindavík tryggir sér 2. sætið með sigri í Keflavík. KR þarf að vinna Snæfell í DHL-höllinni og treysta á að Keflavík vinni Grindavík til þess að ná 2. sætinu. Keflavík hreppir 2. sætið ef liðið vinnur Grindavík á sama tíma og KR tapar fyrir deildarmeisturum Snæfells. Þegar er ljóst að liðið í 2. sæti mætir Njarðvík (7. sæti), liðið í 3. sæti mætir ÍR (6. sæti) og liðið í 4. sæti mætir Stjörnunni (5. sæti).

Haukar sitja í áttunda sætinu og tryggja sér sæti í úrslitakeppninni með sigri á botnliði KFÍ en tapi Haukarnir geta Fjölnismenn komist í úrslitakeppnina með sigri á ÍR á heimavelli. - óój

Tottenham og Schalke komust bæði inn í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar í fótbolta í gærkvöldi:

# Sögulegt kvöld á White Hart Lane í gær

**FÓTBOLTI** Enska liðið Tottenham og þýska liðið Schalke tryggðu sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í gær og fylgdu í fótspor Barcelona og Shakhtar Donetsk sem komust þangað í gær. Tottenham nægði markalaust jafntefli en Schalke vann 3-1 sigur á Valencia.

Tottenham hefur oft spilað miklu meiri sóknarbolta í Meistaradeildinni í vetur en í gær en nú hélt vörnin og sá til þess að Tottenham er í fyrsta sinn komið í átta liða úrslit Meistaradeildinnarinnar daginn eftir að nágrannarnir í Arsenal féllu úr leik.

AC Milan fékk vissulega færi til þess að skora og hleypa leiknum upp en heimamenn héldu út og fögnuðu frábærum árangri. „Þetta er stórt kvöld fyrir okkur. Við vörðumst frábærlega frá fremsta manni. Ég tel okkur hafa átt þetta meira en skilið ef við tökum saman báða leikina,“ sagði Tottenhammaðurinn Peter Crouch en það var sigurmark hans frá því í fyrri leiknum sem kom Tottenham inn í átta liða úrslitin.

„Þetta var frábært kvöld fyrir alla. Við unnum gríðarlega vel á móti góðu liði. Ég er himinlifandi í leikslok en ég get ekki sagt að ég hafi skemmt mér sérstaklega vel þessar 90 mínútur,“ sagði Harry Redknapp, stjóri Tottenham, sem varð þarna fyrsti enski stjórinn til þess að koma liði inn í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar.

Valencia komst yfir á móti Schalke en heimamenn snéru við leiknum og tryggðu sér 3-1 sigur í opnum og skemmtilegum leik. - óój


**FRÁBÆR ÁRANGUR** Michael Dawson og William Gallas fagna í gær. MYND/AP




## > Daniel Craig

„Þetta er mikil áskorun og mikil ábyrgð. Bond er stórmerkileg persóna í kvikmyndasögunni. Þessi tækifæri koma ekki oft svo ég hugsaði með mér, af hverju ekki?“

***Daniel Craig er hér mættur í frumraun sinni sem njósnarinn James Bond en Bond þarf að koma í veg fyrir að ófyrirleitinn kaupsýslumaður vinni pókermót og noti vinninginn til að fjármagna hryðjuverk. Spennumyndin Casino Royale er á Stöð 2 Bíói kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HORFÐI Á HÁTÍÐ Í HÁLFTÓMU ÞJÓÐLEIKHÚSI

# *Vandræðaleg tónlistarverðlaun*



Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Þjóðleikhúsinu á þriðjudaginn. Verðlaunahátíðir geta verið skemmtilegt sjónvarpsefni, þótt þær séu jafn misjafnar og þær eru margar. Ljóst er að þessi hátíð átti að vera skemmtileg, þar sem erkisnillingurinn Freyr Eyjólfsson var fenginn til að kynna ásamt Erlu Ragnarsdóttur, en vegna vanþekkingar get ég ekki dæmt um snilligáfu hennar.

Það er skemmst frá því að segja að hátíðin var vandræðaleg. Myndavélarnar sveimuðu yfir hálftómum sal Þjóðleikhússins og stemningin í salnum (ef einhver var) skilaði sér engan veginn heim í stofu áhorfenda. Það er í raun ótrúlegt að uppskeruhátíð hjá jafn skemmtilegum og hæfileikaríkum hópi sé hundleiðinleg, en það tókst með samstilltu átaki.

Fyrstu mistök aðstandenda hátíðarinnar voru að fylla ekki salinn. Undir eðlilegum kringumstæðum ætti ekki að vera erfitt að fá fólk til að mæta í partí með Erpi Eyvindarsyni, Jónsa í Sigur Rós og Diktu. Og talandi um partí: Hvers vegna í ósköpunum var hátíðin haldin á þriðjudegi? Tónlistarmenn hljóta að vera einu stétt landsins sem þarf að fagna nýju ári á næstleiðinlegasta degi vikunnar. Svona hátíðir eiga að komast í fréttirnar, eins og þegar Mínus steig á svið með forsetann á fremsta bekk og þegar Bubbi tók við verðlaunum með sólgleraugu og fýlusvip.

Aðstandendur íslensku tónlistarverðlaunanna þurfa að blása lífi í hátíðina og skapa stemningu. Tónlistarbransinn er einn sá líflegasti á Íslandi og það er ekki hægt að afsaka að árshátíðin sé jafn leiðinleg og raun ber vitni. Allavega ekki ef hún á að vera í beinni útsendingu.

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Maður er nefndur Gylfi Þ. Gíslason**
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Magnus og Petski** (9:12)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Bombubyrgið** (22:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi** (5:5) Í þessum þáttum fylgjumst við með Yesmine Olsson að störfum í eldhúsinu heima hjá sér.
**20.40 Aðþrengdar eiginkonur** Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**21.25 Krabbinn** (4:13) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**23.00 Lífverðirnir** (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.05 The Big Nothing**
**08.00 Amazing Journey: The Story of The Who**
**10.05 How to Eat Fried Worms**
**12.00 According to Spencer**
**14.00 Amazing Journey: The Story of The Who**
**16.05 How to Eat Fried Worms**
**18.00 According to Spencer**
**20.00 The Big Nothing**
**22.00 Casino Royale**
**00.20 Romance and Cigarettes**
**02.05 The Lodger**
**04.00 Casino Royale**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (10:23)
**11.45 Gilmore Girls** (7:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Bamba**
**14.45 The O.C. 2** (24:24)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**15.58 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Tvímælalaust**
**20.05 Masterchef** (10:13) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem sló fyrst í gegn í Bretlandi. Þúsundir manna taka þátt í prufum víðs vegar um Bandaríkin og halda 30 áfram á næsta stig. Það er Gordon Ramsey sem leiðir keppnina.
**20.50 NCIS** (5:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.35 Fringe** (5:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar.
**22.20 Life on Mars** (13:17)
**23.05 Spaugstofan**
**23.30 The Mentalist** (15:22)
**00.15 Chase** (10:18)
**01.00 Boardwalk Empire** (3:12)
**01.50 Mad Men** (13:13)
**02.35 The Tudors** (6:8)
**03.30 Rob Roy**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.25 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**14.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**
**16.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**17.00 Spænsku mörkin**
**17.55 Braga - Liverpool** Bein útsending frá leik Braga og Liverpool í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**20.00 Dynamo Kyiv - Man. City** Bein útsending frá leik Dynamo Kiev og Manchester City í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**22.00 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.50 Main Event**
**23.40 Braga - Liverpool**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Everton - Birmingham**
**16.30 Liverpool - Man. Utd. 18.15 Fulham - Blackburn** Útsending frá leik Fulham og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World 2010/11**
**20.30 Luis Enrique** Magnaðir þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Luis Enrique, fyrrum leikmann Barcelona á Spáni.
**21.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.30 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.25 West Ham - Stoke** Útsending frá leik West Ham United og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.10 Dyngjan** (4:12)
**07.55 Dr. Phil** (130:175)
**08.45 Innlit: útlit** (1:10)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 7th Heaven** (18:22)
**17.15 Dr. Phil** (131:175)
**18.00 HA?** (7:12)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (33:50)
**19.15 Game Tíví** (7:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (28:39)
**20.10 30 Rock** (14:22)
**20.35 Makalaus** (2:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós og fjalla um Lilju Sigurðardóttir sem er einhleyp stúlka í Reykjavík og stendur á tímamótum.
**21.05 Royal Pains** (6:18)
**21.55 CSI: Miami** (23:24)
**22.45 Jay Leno** (211:260)
**23.30 The Good Wife** (7:23) Þáttaröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn.
**00.00 Game Tíví** (7:14)
**00.20 Rabbit Fall** (4:6)
**00.30 Pepsi MAX tónlist**
**00.50 Assault on Precinct 13**
**02.40 Royal Pains** (6:18)
**03.25 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**08.00 The Honda Classic - Dagur 3** (3:4)
**11.50 Golfing World** (38:240)
**16.55 PGA Tour - Highlights** (9:45)
**17.45 Golfing World** (39:240)
**18.35 Inside the PGA Tour** (10:42)
**19.00 World Golf Championship 2011 - Dagur 1 - BEINT** (1:4) Þetta er annað mót heimsmótaraðarinnar og er kennt við bílarisann Cadillac.
**23.00 Golfing World** (39:240)
**23.50 ESPN America**
**00.35 The Honda Classic - Dagur 4** (4:4)
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.45 The Doctors**
**20.30 Curb Your Enthusiasm** (4:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Pretty Little Liars** (16:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**22.40 Grey's Anatomy** (16:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**23.25 Medium** (22:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem getur eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir.
**00.10 Tvímælalaust**
**00.50 Curb Your Enthusiasm** (4:10)
**01.20 The Doctors**
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Bjarni Júlíusson formaður SVFR um sumarið framundan.
**21.00 Undir ESB feldi** Evrópumálin. Umsjón Frosti Logason og Heimir Hannesson.
**21.30 Íslands Safari** Vandi kvenna úr hópi nýbúa, málamyndahjónabönd eða einlæg ást?
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.05

**MasterChef**

Nú eru sex kokkar eftir og verkefnið í þessum þætti er að búa til gómsætan rétt úr þeim tíu hráefnum sem leynast í kassanum þeirra. Eins og alltaf hafa kokkarnir 60 mínútur til að klára réttinn.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Aldarspegill í útvarpi **14.03** Gullfiskurinn **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Færeyjar út úr þokunni **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.18** Bak við stjörnurnar **23.08** Flakk **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**12.25** Keeping Up Appearances **12.55** Whose Line Is It Anyway? **13.20** Whose Line Is It Anyway? **13.45** Deal or No Deal **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** My Family **20.00** The Office **20.30** Moses Jones **21.20** Live at the Apollo **22.05** Whose Line Is It Anyway?

### DR 1

**12.00** Vagn hos kiwierne **12.30** Med slør og høje hæle **13.00** Vores Liv **13.30** Snydt igen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Alfons Åberg **15.30** Kaj og Andrea **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Gintberg på kanten **19.30** Blod, sved og T-shirts **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Verdens skrappeste forældre **22.00** Min bedstemors hus

### NRK 1

**12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Året på Argiano **13.45** Fysikk på roterommet **13.55** VM skøyter enkeltdistanser **14.55** VM skøyter enkeltdistanser **15.00** NRK nyheter **15.10** VM skøyter enkeltdistanser **16.00** NRK nyheter **16.10** VM skøyter enkeltdistanser **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.15** Nummer 1 **19.55** Distriktsnyheter **20.35** Debatten **21.35** Fly med oss! **22.05** Kveldsnytt **22.20** Spekter

### SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Uppdrag Granskning **12.05** Minnenas television **14.05** Anslagstavlan **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Svansjön **15.30** Skavlan **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** En idiot på resa **22.30** Uppdrag Granskning







FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta á Virka morgna á Rás 2. Þess á milli hlusta ég á Angus & Julia Stone og líka þessar góðu íslensku hljómsveitir sem við eigum.“*

Ásta Briem kvikmyndagerðarmaður

# Listasafnið víkur fyrir Hörpu

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves verður haldin að hluta til í Hörpunni í haust. Samningur þess efnis var nýlega undirritaður. Stærstu tónleikar hátíðarinnar verða í Hörpunni, sem gerir það að verkum að Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsið, verður ekki á meðal tónleikastaða í ár. Þrír salir verða notaðir í Hörpunni sem taka á bilinu 250 til 1.500 manns, allir í stæði. Með því að færa sig í yfir í Hörpuna vonast framkvæmdastjórinn Grímur Atlason til að Airwaveshátíðin geti tekið á móti um sex þúsund manns í stað fimm þúsund eins og verið hefur. „Við skoðuðum húsið og það eru gríðarlega miklir möguleikar þar,“ segir Grímur. Hann býst við mun betri hljómi en hingað til hefur þekkst á stærstu tónleikunum í Listasafninu. „Við sáum mikla möguleika í þessum þremur sölum á að halda stóra tónleika sem myndu hljóma vel og sem fólk sæi betur. Það er hægt að koma fleirum inn í stærsta salinn en í Listasafnið og eftir að hafa legið vel yfir þessu fannst okkur þetta vera skrefið sem þyrfti að taka fyrir hátíðina. Hún er búin að vera stöðug í nokkur ár en okkur fannst gáfulegt að taka skrefið og færa hana upp á annan stall.“

Í Hörpunni verður einnig eitthvað um tónleika utan dagskrár auk þess sem fjölmiðlamiðstöð hátíðarinnar verður færð þangað inn. „Airwaves kemur með yngra fólk inn í Hörpuna og ég held að allir vilji að þetta hús verði notað af fleiri hópum en þeim sem eldri eru,“ segir Grímur. **- fb**



**Í LISTASAFNINU** Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves verður ekki haldin í Listasafni Reykjavíkur í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 11.3. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn Ö |
| Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn Ö | Fös 1.4. Kl. 20:00 Ö |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 12.3. Kl. 19:00 U | Fim 17.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 31.3. Kl. 19:00 Síð.sýn. Ö |
| Mið 16.3. Kl. 19:00 Ö | Lau 26.3. Kl. 19:00 Ö | |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 13.3. Kl. 14:00 U | Sun 27.3. Kl. 14:00 U | Sun 10.4. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 13.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 10.4. Kl. 17:00 |
| Sun 20.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 14:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 20.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 17:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 17:00 |

**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 10.3. Kl. 20:00 Frums. U | Sun 20.3. Kl. 20:00 Ö | Mið 30.3. Kl. 20:00 U |
| Fös 11.3. Kl. 20:00 U | Fim 24.3. Kl. 20:00 Aukas. Ö | Lau 2.4. Kl. 20:00 |
| Sun 13.3. Kl. 20:00 U | Fös 25.3. Kl. 20:00 Ö | |
| Lau 19.3. Kl. 20:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 20:00 | |

**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 18.3. Kl. 20:00 Ö | Fös 8.4. Kl. 20:00 Ö | |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 13.3. Kl. 13:30 Ö | Sun 20.3. Kl. 15:00 Ö | Ö |
| Sun 13.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 13:30 | |
| Sun 20.3. Kl. 13:30 U | Sun 27.3. Kl. 15:00 U | |






Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


DARRI INGÓLFSSON: MÉR VAR SAGT AÐ HAGA MÉR EINS OG VÍKINGUR

# Ráðinn í auglýsingu fyrir Samsung á elleftu stundu

„Það var frekar skrýtið að fá leiðbeiningar frá leikstjóranum á íslensku þarna í miðborg Los Angeles en þetta var bara mjög gaman,“ segir Darri Ingólfsson leikari.

Darri fer með aðalhlutverkið í væntanlegri sjónvarpsauglýsingu raftækjarisans Samsung sem sýnd verður í Bandaríkjunum. Darri auglýsir Samsung Galaxy Tab, sem er ný græja sem er einhvers konar blanda af iPhone og iPad. Leikstjórar auglýsingarinnar eru þeir Gunnar Páll Ólafsson og Samúel Bjarki Pétursson.

„Það var gott að vinna með þessum strákum,“ segir Darri um landa sína. „Þetta var nokkuð stórt dæmi. Þeir lokuðu alveg tveimur akreinum í miðborg LA og bjuggu til heilt sett þar. Tökurnar tóku tvo daga. Það var reyndar frekar kalt, sem passaði ekki alveg því þetta átti að vera sumardagur í LA. Þegar ég var farinn að skjálfa þarna var bara kallað á mig og mér sagt að haga mér eins og sannur víkingur. Þá var þetta ekkert mál,“ segir leikarinn og hlær.

Þegar leikstjórarnir komu til Los Angeles stóð til að bandarískur leikari færi með aðalhlutverkið. Skömmu áður en tökur hófust var honum sparkað og þá voru góð ráð dýr. „Þeir hringdu í mig og spurðu hvort ég gæti skotist í prufu strax. Ég dreif mig niðureftir og þeir tóku mig upp. Svo var þessu hent í tölvupósti til New York og þar voru menn greinilega sáttir því strax daginn eftir var ég kallaður í búningamátun og svo beint í tökur. Venjulega þarf maður að bíða í nokkra daga eftir svörum og ef þú heyrir ekki neitt þá hefurðu ekki fengið verkefnið. Það var fínt að kynnast þessu upp á íslenska mátann.“

Darri hefur verið búsettur í Los Angeles í tvö ár. Hann segist hafa fengið smáverkefni við og við en hefur enn ekki landað neinu bitastæðu hlutverki. „Maður er smám saman að læra inn á þennan bransa. Það tók mig alveg heilt ár að sjá hvar ég á að eyða púðrinu. Það tekur líka sinn tíma að kynnast réttu fólkinu. Einhvern veginn er samt allt í Hollywood Catch 22; þú færð ekki neitt fyrr en þú færð eitthvað.“

Auglýsingin fer í sýningar síðar í þessum mánuði og vonast Darri til að hún hjálpi honum til að koma sér á framfæri. „Ég vona að hún verði spiluð út í eitt.“ **hdm@frettabladid.is**



**AUGLÝSIR FLOTTA GRÆJU** Darri Ingólfsson leikur í sjónvarpsauglýsingu fyrir Samsung Galaxy Tab sem sýnd verður um gjörvöll Bandaríkin. Gunnar Páll Ólafsson og Samúel Bjarki Pétursson leikstýrðu auglýsingunni, sem fer í sýningar síðar í þessum mánuði.

# Magnús og Jóhann snúa aftur

„Við skriðum upp úr kjallaranum hjá Jóhanni fyrir fjörutíu árum,“ segir tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson.

Hann og Jóhann Helgason, sem skipuðu dúettinn Magnús og Jóhann og voru saman í hljómsveitinni Change, ætla að gefa út ferilsplötu í vor og halda tónleika í tilefni af fjörutíu ára samstarfi sínu. Á meðal vinsælustu laga þeirra eru Ástin og lífið, Blue Jean Queen og Sú ást er heit.

Þeir ætla í hljóðver á sunnudaginn þar sem sex til átta lög verða hljóðrituð og að minnsta kosti tvö þeirra verða glæný. Einnig verða endurvakin eldri lög sem aðrir flytjendur hafa gert þekkt, þar á meðal Seinna meir sem hljómsveitin Start flutti á sínum tíma.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Það er alltaf gaman að hitta Jóhann á þessum nótum,“ segir Magnús Þór. Langt er síðan þeir tveir tóku upp efni saman. Síðast kom út tónleikaplata frá þeim í tilefni af tuttugu ára samstarfsafmæli þeirra. Leiðir þeirra hafa þó legið saman með reglulegu millibili, þar á meðal á menningarnótt fyrir tveimur árum.

Fjörutíu lög verða á nýju plötunni, eitt fyrir hvert ár, og tónleikar í Austurbæ eru fyrirhugaðir í maí.

En kemur ekki til greina að endurvekja Change?

„Nei, það verður ekki gert. Þá þyrfti ég að fara í Hagkaup og kaupa mér raddbönd. Það var allt sungið einhvers staðar uppi í skýjunum,“ segir Magnús Þór hress. **- fb**



**ENDURKOMA** Félagarnir Jóhann Helgason og Magnús Þór Sigmundsson hyggja á endurkomu í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bata ER 1 ÁRS

## AFMÆLISHÁTÍÐ ALLA HELGINA

Allt að 20% afsláttur 10. 11. 12. og 13. mars


Besta verðið 6.952.-
Var 8.690.-


Besta verðið 11.992.-
Var 14.990.-


Besta verðið 18.392.-
Var 22.990.-


Besta verðið 21.592.-
Var 26.990.-


Besta verðið 7.912.-
Var 9.890.-


Besta verðið 7.112.-
Var 8.890.-


Besta verðið 12.792.-
Var 15.990.-


Besta verðið 21.592.-
Var 26.990.-


Besta verðið 9.592.-
Var 11.990.-


Besta verðið 11.192.-
Var 13.990.-


Besta verðið 6.392.-
Var 7.990.-


Besta verðið 9.992.-
Var 12.490.-

15%


Besta verðið 9.992.-
Var 12.490.-


Besta verðið 17.592.-
Var 21.990.-


Besta verðið 4.392.-
Var 5.490.-


Besta verðið 3.592.-
Var 4.490.-


Besta verðið 5.592.-
Var 7.490.-


Besta verðið 5.352.-
Var 6.690.-


Besta verðið 5.352.-
Var 6.690.-


Besta verðið 2.952.-
Var 3.690.-


Besta verðið 5.352.-
Var 6.690.-


Besta verðið 5.192.-
Var 6.490.-

Leðurjakkar, töskur
ofl. fylgihlutir.
Vertu velkomin

Bubble gummers®



Klippa og taka með... Klippa og taka með... Klippa og taka með... Klippa og taka með... Klippa og taka með... Klippa og taka með... Klippa og taka með... Klippa og taka með... Klippa og taka með...

KOMDU MEÐ AFRIFUNA Í VERSLUN OKKAR
OG FÁÐU 5% AUKA AFSLÁTT SEM GERIR
**SAMTALS 20% HEILDARAFSLÁTT**

BESTA VERÐIÐ =15% AFSL + 5% AUKA AFSLÁTTUR MEÐ AFRRIFU.

Einnig gildir þessi afrifa sem 5% afsláttur til loka mars

Bata
Skóverslun Smáralind
fyrstu hæð

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

NOVA


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Megas á útlensku

Meistari **Megas** og fylgisveinar hans í Senuþjófunum eru nú að leggja lokahönd á sína fimmtu plötu, (Hugboð um) Vandræði, sem er væntanleg í búðir í næsta mánuði. Þar er sú nýbreytni að Megas syngur lag á ensku. Í nýlegu viðtali á RÚV sagði Megas að um væri að ræða tilraun til að sanna eða afsanna þá kenningu að Íslendingar gætu ekki samið nema bull á ensku. Umrætt lag er ákall til Maríu meyjar í kántrístíl og Megas sagðist nokkuð sáttur við útkomuna. Afurðin hljómar vel, en það er tæplega takmark stórskáldsins að leggjast í síðbúið meik.



### Þungarokkið í sókn

Strákarnir í víkingarokkssveitinni **Skálmöld** hafa slegið í gegn á skömmum líftíma sveitarinnar. Sveitin er aðeins rúmlega ársgömul en hefur þegar farið utan til tónleikahalds og er bókuð á stærstu þungarokkshátíð heims, Wacken Open Air, í sumar. Fyrsta plata Skálmaldar, Baldur, kom út á dögunum og fljótt seldist upp á tónleika sveitarinnar í Tjarnarbíói. Nú eru vinsældirnar farnar að breiðast út. Það sést skýrt á nýjasta Tónlistanum, þar sem tekin er saman plötusala á Íslandi. Plata Skálmaldar er í öðru sæti yfir mest seldu plöturnar, á eftir safndiski með lögunum úr Eurovision en á undan safnpakka með helstu lögum Ellýjar Vilhjálms.



– þj, hdm

### Mest lesið VÍSIR

1. Sjóræningjar gáfust upp
2. Tchenguiz-bræður og Sigurður Einarsson handteknir
3. Sjómaður féll útbyrðis
4. Þyrlan fann draugaprammann
5. Hljóta að hækka laun bankamanna um tveggja stafa tölu





# Fermingartilboð



30% afsláttur

# Fyrir ungt fólk á uppleið



## Crown heilsurúm

30% afsláttur

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 141.900 | 99.330 |
| 120x200 cm | 164.900 | 114.900 |
| 140x200 cm | 195.900 | 137.130 |



## Chiro Standard

30% afsláttur

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 162.900 | 113.900 |
| 120x200 cm | 186.900 | 129.900 |
| 140x200 cm | 220.900 | 154.630 |



## Chiro Deluxe

30% afsláttur

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 171.900 | 119.900 |
| 120x200 cm | 199.900 | 139.900 |
| 140x200 cm | 235.900 | 165.130 |




**Ný hönnun**
Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma.
Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm.
Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi eða 7cm Latex yfirdýnu. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa u.þ.b 25% meira svefnsvæði.
5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

**Þú þarft aldrei að snúa henni** The NeverTurn Mattress
Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.


Val um 100% náttúruleg gæðaefni


ConformaFoam eða Latex hægindalag


Steyptar hliðarstyrkingar


Tvíhert hápróað gormakerfi

**30 daga skiptiréttur**

**Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu**

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16